



# öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði



Umhverfisstofnun 2013  
UST-2013:09

**HÖFUNDUR** Herdís Storgaard

# Efnisyfirlit

Kynning á öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði.....	7	Öryggi í umhverfi og byggingum sundstaða .....	40
1.1 Fyrir hvern er öryggishandbókin? .....	7	8.1 Almennar krófur um öryggi bygginga og búnaðar á .....	40
1.2 Hvernig á að nota öryggishandbókina?.....	7	8.2 Örugg hönnun sundlauga .....	40
1.3 Fyrir hvaða sund- og baðstaði er öryggishandbókin? .....	7	8.3 Aðengi .....	41
1.4 Hvað er áhættumatt? .....	8	8.4 Staðsettning og hönnum á tröppum, stigum og fláum .....	42
1.5 Hvers vegna er mikilvægt að framfylgja öryggisreglum?.....	8	8.5 Yfirborð .....	43
1.6 Viðurlög við brotum á lögum og reglugerð .....	9	8.6 Lýsing .....	43
1.7 Hvað er átt við með ábyrgð í öryggismálum?.....	9	8.7 Gler .....	43
Lög, reglugerðir og staðlar sem gilda um sund- og baðstaði....	10	8.8 Speglar .....	43
2.1 Lög.....	10	8.9 Hurðir .....	43
2.2 Reglugerðir.....	10	8.10 Sturtur .....	44
2.3 Reglur .....	10	8.11 Gufuböð .....	44
2.4 Staðlar .....	10	8.12 Setlaugar .....	44
2.5 Leiðbeiningar.....	11	8.13 Hitavarar .....	45
Öryggi á sund- og baðstöðum.....	12	8.14 Sápuskammtari .....	45
3.1 Áhættumat .....	12	8.15 Skiptiborð .....	45
3.2 Skipulag öryggismála á sund- og baðstöðum .....	13	8.16 Rafmagnstæki .....	45
3.3 Ábyrgð starfsmanna.....	14	8.17 Íþróttatækni .....	46
3.4 Yfirsýn yfir sundlaugagesti.....	14	8.18 Dýfingapallar og bretti .....	46
3.5 Eftirlit með sérstökum uppákomum í sundlaugum .....	15	8.19 Öryggiskröfur leikvallataekja og svæða .....	46
3.6 Lágmarkskröfur um öryggi eftir fjölda gesta .....	15	8.20 Vatnsrennibrautir .....	46
3.7 Öryggi barna í skólasundi .....	16	8.21 Öldulaugar .....	47
3.8 Ábyrgð starfsfólk, sem starfar með börnum.....	17	8.22 Laugar með hreyfanlegum botni .....	47
3.9 Öryggiskröfur til leigutaka.....	17	8.23 Skilrúm .....	48
3.10 Yfirlit yfir námskeið fyrir starfsfólk á sund- og baðstöðum.	18	8.24 Vatnsleikföng .....	48
3.11 Öryggismerkingar .....	19	8.25 Búnaður ætladur til sundkennslu og flotbúnaður .....	48
Viðbragðsáætlun við slysi á sund- og baðstöðum.....	22	8.26 Lyftibúnaður fyrir fatlaða .....	48
4.1 Greining á áverkum .....	22	8.27 Öryggismyndavélar .....	49
4.2 Öryggisbúnaður á sund- og baðstöðum .....	22	8.28 Niðurföll .....	49
4.3 Neyðaráætlun vegna slyss á sund- og baðstöðum .....	24	8.29 Gosbrunnar - vatnsleiktæki .....	50
4.4 Samskipti starfsmanna á slysstað .....	25	8.30 Geymsla klórs og eiturefna .....	50
4.5 Hvernig á að hringja á sjúkrabíl .....	25	8.31 Öryggi búnaðar/klórdælur .....	50
4.6 Tilkynning til foreldra/aðstandenda um slys .....	26	Viðbrögð við vá.....	51
4.7 Koma ró á svæði eftir slys .....	26	9.1 Almennt um vá .....	51
4.8 Áfallahjálp .....	27	9.2 Eldingar .....	51
Eftir slysið - mikilvæg atriði sem hafa ber í huga .....	28	9.3 Fárvíðri .....	52
5.1 Skráning slysa .....	28	9.4 Jarðskjálfti .....	52
5.2 Löggregluskýrsla vegna slyss .....	29	9.5 Snjóflóð .....	53
5.3 Öryggisbúnaður og frágangur hans eftir slys .....	30	9.6 Jökulhlaup .....	54
5.4 Athugun á slysi .....	30	9.7 Aurskriður .....	54
5.5 Í framhaldi af slysi - Skoðun á atburðinum.....	31	9.8 Flóðbylgjur .....	54
5.6 Hvert ber að tilkynna slys og hvað ber að tilkynna? .....	32	9.9 Eldgos .....	55
Öryggisferlar .....	34	9.10 Eldur .....	55
6.1 Skipulögð öryggisfræðsla fyrir nýja starfsmenn .....	34	9.11 Klórslys .....	55
6.2 Öryggisferlar og neyðaráælanir .....	34	Móttaka nýrra starfsmanna .....	56
6.3 Klórslys .....	34	Öryggisbúnaður á sund- og baðstöðum .....	58
Öryggi sundgesta.....	35	BÚNAÐUR TIL ENDURLÍFGUNAR .....	58
7.1 Gestir með sérþarfir .....	35	BÚNAÐUR TIL BJÖRGUNAR .....	58
7.2 Dýfingar .....	35	BÚNAÐUR TIL AÐHLYNNINGAR .....	58
7.3 Öryggi barna .....	36	NAUDSYNLEGUR BÚNAÐUR Í SKYNDIHJÁLPARTÓSKU/KASSA .....	59
7.4 Flotbúnaður .....	36	Gerð áhættumats .....	60
7.5 Öryggi eldriborgara .....	37	Eldvarnir .....	73
7.6 Öryggi einstakra gesta .....	38	Slysaskráning .....	74
7.7 Tilkynning slysa .....	39	SLYSASKRÁNINGARBLAÐ .....	74



## 1. KAFLI

# Kynning á öryggishandbók fyrir sund- og baðstaði

### 1.1 FYRIR HVERN ER ÖRYGGISHANDBÓKIN?

Handbókin er ætluð fyrir eigendur og rekstraraðila sund- og baðstaða, forstöðumenn og starfsfólk sund- og baðstaða, sundkennara, sundþjálfara, sjúkraþjálfara og aðra sem þjálfa eða kenna sund- eða vatnsleikfimi. Hún er einnig ætluð til notkunar fyrir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga og/eða aðra sem gera áhættumat á sund- og baðstöðum, fyrir byggingarfulltrúa, byggingarstjóra, verkfræðinga, arkitekta eða aðra hönnuði sem koma að hönnun sund- og baðstaða. Handbókin er einnig ætluð þeim sem leigja sund- og baðstaði fyrir mismunandi uppákomur. Handbókin getur einnig nýst fyrirtækjum sem flytja inn vörur og búnað fyrir sund- og baðstaði og aðilum sem hafa eftirlit með búnaði og vöru á markaði, s.s. Neytendastofu. Einnig er að finna í bókinni almennar upplýsingar fyrir foreldra og forráðamenn barna og unglings.

### 1.2 HVERNIG Á AÐ NOTA ÖRYGGISHANDBÓKINA?

Handbókin er fyrst og fremst ætluð sem uppflettirit um það hvernig notandinn getur fylgt eftir þeim lögum, reglum og stöðlum sem gilda á sund- og baðstöðum á einfaldan hátt.

Handbókin er byggð þannig upp að auðvelt á að vera að finna þær upplýsingar sem heyra undir við-eigandi kafla. Ef sá sem hana notar óskar eftir meiri upplýsingum á hann að geta smellt á viðeigandi tilvísun í ítarefni þar sem hægt er að lesa um viðkomandi atriði og fá nákvæmari upplýsingar um það.

Markmiðið með handbókinni er að setja fram öll öryggisatriði sem skipta máli í daglegum rekstri sund- og baðstaða á einfaldan hátt til þess að koma í veg fyrir alvarleg slys á gestum.

Mikilvægt er að þeir sem ætla að nota handbókina sækji einnig sérstakt námskeið áður en þeir byrja að nota hana til þess að öðlast enn meiri færni í sambandi við öryggismál á sund- og baðstöðum.

### 1.3 FYRIR HVAÐA SUND- OG BAÐSTAÐI ER ÖRYGGISHANDBÓKIN?

Öryggishandbókin er fyrir þá sund- og baðstaði sem reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum, með síðari breytingum, gildir um.

Þar segir: „ákvæði reglugerðar þessarar gilda um alla sund- og baðstaði sem almenningur hefur aðgang að. Reglugerðin gildir einnig um baðstofur og setlaugar sem reknar eru í tengslum við annan atvinnu-

rekstur sem er eftirlitsskyldur samkvæmt lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir“

Undanskildar ákvæðum reglugerðarinnar eru sundlaugar og setlaugar í eða við heimahús og frístundahús, sem eingöngu eru ætlaðar til einkanota. Reglugerðin gildir ekki um sjóböð og náttúrlaugar.

## 1.4 HVAÐ ER ÁHÆTTUMAT?

Áhættumat er nauðsynleg og áhrifarík aðferð til þess að tryggja hámarks öryggi gesta á sund- og baðstöðum. Áhættumat byggir á aðferð þar sem rannsóknir á slysum hafa verið gerðar út frá ítarlegum skráningum slysa. Einnig eru áverkar, flokkaðir á grundvelli alvarleika, teknir með í heildarmyndina. Á grundvelli þessa er útbúið ákveðið mat (áhættumat) sem hægt er að nota þegar umhverfi, búnaður eða annað á sund- og baðstöðum er skoðað. Þetta gerir það að verkum að allt mat verður faglegra. Þeir sem venjast því að vinna eftir áhættumati læra einnig mjög fljótt að horfa á umhverfið með svo kölluðum forvarnagleraugum.

**Dæmi um flokkun áhættu í áhættumati:**

### Í LAGI

#### Reglubundin skoðun og viðhald.

**DÆMI** Hurð að gufubaði er þjál, opnast og lokast án vandræða og ekki hætta á að hún geti setið föst. Neyðarhnappur í gufubaði virkar.

### 1 LÄGMARKS ÁHÆTTA

#### Lítill hætta á slysi / tjóni en þarf nást lagfæringsar / viðhalds innan 12 mánaða.

**DÆMI** Hurð að gufubaði er eilítið óþjál, lokast með lagni, opnast án vandræða. Neyðarhnappur í gufubaði virkar.

### 2 MIÐLUNGS ÁHÆTTA

#### Nokkur hætta á slysi / tjóni. Krefst lagfæringa innan 6 mánaða.

**DÆMI** Hurð að gufubaði er óþjál, opnast og lokast með lagni, ekki það slæmt að hætta sé á að hurðin festist og einstaklingur komist ekki út. Neyðarhnappur virkar.

### 3 TALSVERÐ ÁHÆTTA

#### Talsverð hætta á slysi / tjóni. Verður að lagfæra innan 3 mánaða.

**DÆMI** Hurð að gufubaði opnast og lokast með herkjum, situr samt ekki föst. Gæti reynst erfitt að opna fyrir einstakling með minnkaðan mátt í handleggjum. Neyðarhnappur virkar.

### 4 HÄMARKS ÁHÆTTA

#### Mikil hætta á slysi / tjóni. Lagfæra strax – blað afhent á staðnum.

**DÆMI** Hurð að gufubaði stendur á sér beita þarf miklum kröftum til að opna hana. Neyðarhnappur virkar ekki. Hér er komin hämarksáhætta sem krefst úrbóta á staðnum. Parna er hættan mikil og líklegt er að einhver kunni að lokast inni og geti ekki gert viðvart um að hann komist ekki út. Innlokunin getur haft alvarleg áhrif á heilsufar.

## 1.5 HVERS VEGNA ER MIKILVÆGT AÐ FRAMFYLGJA ÖRYGGISREGLUM?

Réttindi til heilsuverndar eru innifalin í mannréttindasáttmála Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna. Eitt af grunnatriðum heilsuverndar er að öryggi fólks sé tryggt í víðum skilningi og undir það falla slysavarnir.

Í reglugerð nr. 814/2010 um hollustuhætti á sund- og baðstöðum með lagastoð í lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, er skýrt kveðið á um hvaða skilyrði sund- og baðstaðir þurfa að uppfylla til þess að geta talist öruggir. Lögin og reglugerðin eru sett fram sem grunnákvæði um þau atriði sem tryggja eiga gestum sund- og baðstaða öryggi. Öryggishandbók þessi er leiðbeiningarit sem fjallar ítarlega um einstök grunnákvæði í áðurnefndum lögum og reglugerð og leiðbeinir og auðveldar lesandanum að framfylgja þeim ákvæðum.

## **1.6 VIÐURLÖG VIÐ BROTUM Á LÖGUM OG REGLUGERÐ**

Í 19. grein reglugerðar nr. 814/2010 stendur: „Eigandi sund- og baðstaðar ber ábyrgð á því að farið sé eftir ákvæðum þessarar reglugerðar. Sé rekstraraðili annar en eigandi skulu aðilar gera með sér samning um hlutverk rekstraraðila við framfylgd ákvæða reglugerðar þessarar og skal þess þá gætt að skýrt sé hver sé ábyrgð aðila“.

[Hér er hægt að lesa dóm sem fallið hefur á sundlaug nánar.](#)

## **1.7 HVAÐ ER ÁTT VIÐ MEÐ ÁBYRGÐ Í ÖRYGGISMÁLUM?**

Ábyrgð manna á gerðum sínum getur að lögum verið tvenns konar: Refsiábyrgð og bótaábyrgð. Menn verða ekki refsiábyrgir nema þeir hafi brotið lög sem refsing er lögð við að brjóta og oft er skilyrði að brotið hafi verið framið með ásetningi – þ.e.a.s. ekki af aðgæsluleysi (gáleysi) einu saman. Menn eru dæmdir til refsingar af dólmstólum og algengustu refsitegundirnar eru sektir og fangelsisvist. Með örfáum undantekningum, sem ekki skipta máli hér, eru það fyrst og fremst einstaklingar sem geta orðið refsiábyrgir (samantekt eftir Ragnhildi Helgadóttur, sjá nánar fyrir neðan).

Ábyrgð aðila sem standa fyrir félags- og tómstundastarfi fyrir börn og unglings, samantekt eftir Ragnhildi Helgadóttur, 2010 : Um ábyrgð aðila sem standa fyrir félags-og tómstundastarfi fyrir börn og unglings er fjallað nánar í kafla 3. Grundvallaratriði í skaðabótarétti sem skiptir máli. Samantektin skýrir sérstaklega vel ábyrgð mismunandi einstaklinga hvort heldur um er að ræða rekstraraðila, starfsmenn eða aðra. [Hér er hægt að lesa samantektina nánar.](#)

## 2. KAFLI

# Lög, reglugerðir og staðlar sem gilda um sund- og baðstaði

### 2.1 LÖG

[Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998](#)

Efnalög nr. 61/2013

[Lög um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum nr. 46/1980](#)

[Lög um mannvirki nr. 160/2010](#)

[Skipulagslög nr. 123/2010](#)

### 2.2 REGLUGERÐIR

[Reglugerð um hollustuhætti á sund- og baðstöðum nr. 814/2010, með síðari breytingum](#)

[Reglugerð um hollustuhætti nr. 914/2002, með síðari breytingum](#)

[Byggingarreglugerð nr. 112/2012, með síðari breytingum](#)

[Reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999, með síðari breytingum](#)

### 2.3 REGLUR

[Reglur um öryggi á sundstöðum og við kennslulaugar](#)

[Reglur um húsnæði vinnustaða](#)

### 2.4 STAÐLAR

ÍST EN 15031:2006 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Aluminium based coagulants

ÍST EN 5032:2006+A1:2008 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Trichloroisocyanuric acid

ÍST EN 5072:2006+A1:2008 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Sodium dichloroisocyanurate, anhydrous

ÍST EN 5073:2006+A1:2008 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Sodium dichloroisocyanurate, dihydrate

ÍST EN 15074:2006 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Ozone

ÍST EN 15075:2006 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Sodium hydrogen carbonate

ÍST EN 15076:2006 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Sodium hydroxide

ÍST EN 15077:2006 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Sodium hypochlorite

ÍST EN 15078:2006 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Sulfuric acid

ÍST EN 15362:2007 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Sodium carbonate

ÍST EN 15363:2007 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Chlorine

ÍST EN 15513:2007 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Carbon dioxide

ÍST EN 15514:2007 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Hydrochloric acid

ÍST EN 15796:2010 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Calcium hypochlorite

ÍST EN 15797:2010 Chemicals used for the treatment of swimming pool water - Iron based coagulants

ÍST EN 15798:2010 Products used for the treatment of swimming pool water - Filter media

ÍST EN 15799:2010 Products used for treatment of swimming pool water - Powdered activated carbon

ÍST EN 16038:2012 Chemicals used for treatment of water for swimming pools - Sodium hydrogen sulfate

prEN 16380 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Potassium peroxomonosulfate

prEN 16381 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Sodium peroxodisulfate

prEN 16399 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Sodium thiosulfate

prEN 16400 Chemicals used for treatment of swimming pool - Hydrogen peroxide

prEN 16401 Chemicals used for treatment of swimming pool water - Sodium chloride used for electrochlorinator systems

ÍST EN 1069-1:2010 Water slides - Part 1: Safety requirements and test methods

ÍST EN 1069-2:2010 Water slides - Part 2: Instructions

ÍST EN 13451-1:2011 Swimming pool equipment - Part 1: General safety requirements and test methods

ÍST EN 13451-10:2004 Swimming pool equipment - Part 10: Additional specific safety requirements and test methods for diving platforms, diving springboards and associated equipment

ÍST EN 13451-11:2004 Swimming pool equipment - Part 11: Additional specific safety requirements and test methods for moveable pool floors and moveable bulkheads

ÍST EN 13451-2:2001 Swimming pool equipment - Part 2: Additional specific safety requirements and test methods for ladders, step-

ladders and handle bends  
ÍST EN 13451-2:2001 Swimming pool equipment - Part 2: Additional specific safety requirements and test methods for ladders, stepladders and handle bends  
ÍST EN 13451-3:2011 "Swimming pool equipment - Part 3: Additional specific safety requirements and test methods for inlets and outlets and water/air based water leisure features"  
ÍST EN 13451-4:2001 Swimming pool equipment - Part 4: Additional specific safety requirements and test methods for starting platforms  
ÍST EN 13451-5:2001 Swimming pool equipment - Part 5: Additional specific safety requirements and test methods for lane lines  
ÍST EN 13451-6:2001 Swimming pool equipment - Part 6: Additional specific safety requirements and test methods for turning boards  
ÍST EN 13451-7:2001 Swimming pool equipment - Part 7: Additional specific safety requirements and test methods for water polo goals  
ÍST EN 15288-2:2008+A1:2010 Swimming pools - Part 1: Safety requirements for design  
ÍST EN 15288-2:2008 Swimming pools - Part 2: Safety requirements for operation  
ÍST EN 15649-1:2009 "Floating leisure articles for use on and in the water - Part 1: Classification, materials, general requirements and test methods"  
ÍST EN 15649-2:2009 Floating leisure articles for use on and in the water - Part 2: Consumer information  
ÍST EN 15649:2009-5 "Floating leisure articles for use on and in the water - Part 5: Additional specific safety requirements and test methods for Class C devices"  
ÍST EN 15649-3:2009 "Floating leisure articles for use on and in the water - Part 3: Additional specific safety requirements and test methods for Class A devices"  
ÍST EN 15649-4:2010 "Floating leisure articles for use on and in the water - Part 4: Additional specific safety requirements and test methods for Class B devices"  
ÍST EN 15649-6:2009 "Floating leisure articles for use on and in the water - Part 6: Additional specific safety requirements and test methods for Class D devices"  
ÍST EN 15649-7:2009 "Floating leisure articles for use on and in the water - Part 7: Additional specific safety requirements and test methods for class E devices"  
ÍST EN ISO 105-E03:2010 Textiles - Tests for colour fastness - Part E03: Colour fastness to chlorinated water (swimming-pool water)  
ÍST EN ISO 15749-5:2004 Ships and marine technology - Drainage systems on ships and marine structures - Part 5: Drainage of decks, cargo holds and swimming pools  
ÍST EN 15836-1:2010 "Plastics - Plasticized poly(vinyl chloride) (PVC-P) membranes for inground swimming pools - Part 1: Homogenous membranes of nominal thickness equal to or greater than 0,75 mm"  
ÍST EN 15836-2:2010 "Plastics - Plasticized poly(vinyl chloride) (PVC-P) membranes for inground swimming pools - Part 2: Reinforced membranes of nominal thickness equal to or greater than 1,5 mm"  
ÍST EN 60598-2-18:1994 Luminaires - Part 2: Particular requirements - Section 18: Luminaires for swimming pools and similar applications  
ISO 3864-1 Graphical symbols – Safety colours and safety signs- Part 1: Design principles for safety signs in workplaces and public areas  
HD 60364-7-702:2010 Low-voltage electrical installations - Part 7-702: Requirements for special installations or locations - Swimming pools and fountains

## 2.5 LEIÐBEININGAR

Leiðbeiningar um öryggismerkingar á sund- og baðstöðum

Leiðbeiningar um vatnsleikföng, sundkennslu búnað, annan búnað og persónuhlífar til einkanota

Öryggisbúnaður á sund- og baðstöðum

Handbók um sund- og baðstaði

Hæfnispróf starfsmanna

Öryggi við notkun á klór og vatnslausnum klórs (Vinnueftirlitið)

Klórgeymslur, leiðbeiningar um natríumhýpóklórílausn í sundlaugum (Vinnueftirlitið)

Rb-tækniblað (70)X.002 „Frágangur og öryggi við laugar og setlaugar m.t.t. barna

Rb-tækniblað 54.001 „Sundstaðir

Rb-tækniblað „Keramikflíssar, VI. Hálkuviðnám á flísalögðum gólfum.

Rb-tækniblað (70)X.003 „Setlaugar, tæknibúnaður og öryggi

Rb-tækniblað (74).101.2., Baðstofa (sauna)

# Öryggi á sund- og baðstöðum

## 3.1 ÁHÆTTUMAT

Áhættumat er nauðsynleg og áhrifarík aðferð til að tryggja gestum hámarks öryggi á sund- og baðstöðum. Með því að nota áhættumat við athugun á umhverfinu og starfseminni í heild dregur úr líkum á því að slys verði og tryggir einnig á skilvirkari hátt að rekstraraðili framfylgi lögum og reglum er snúa að öryggi sund- og baðstaða.

Það er hluti af áhættumati að rekstraraðili hugi að slysagildrum og hættum allan tímann, ekki bara þegar reglubundin skoðun fer fram samkvæmt gátlistum.

### Skilgreiningar á slysagildru og hættu

Slysagilda er það sem vitað er að muni valda slysi/áverka fyrr eða síðar

DÆMI *Sjónilegur ís hefur myndast á sundlaugarbakka og þar er flughált. Þetta er „þekkt hætta“ og margir hafa slasast við slikein aðstæður. Það er því mjög líklegt að slys geti orðið nema gripið sé inn i.*

Hætta er þegar ekki eru jafn miklar líkur á að slys verði eins og þegar um slysagildru er að ræða. Til þess að slys verði þurfa að vera sérstakar kringumstæður.

DÆMI *Það er ísing á sundlaugarbakkanum, ekki hætta að einhver detti nema að hann hlaupi eða ef einstaklingur kemur sem sér illa og verður ekki var við hálkuna.*

### Fimm stig áhættumats

Rekstraraðilar sund- og baðstaða þurfa að uppfylla öll atriði áhættumatsins til að ná hámarksárangri í því að gæta öryggis gesta.

ATRIÐI 1 Öll störf sem starfsmenn sundstaða framkvæma þurfa að taka mið af öryggi gesta. Hér er bæði átt við umhverfi og búnað sundlaugarinnar og það hvernig starfsmenn hátta sinni vinnu.

DÆMI *Starfsmaður í eftirlitsferð í búningsklefa sér að hárþurrka er brotin. Mikilvægt er að hann fjarlægi hana strax áður en einhver fer að nota hana og skaðar sig. Þetta atriði snýr að umhverfinu og búnaði sundlaugarinnar.*

DÆMI *Drengur leikur sér að því að renna sér á maganum í vatnsrennibraut. Starfsmaður í laugargæslu stoppar drenginn og lætur hann vita að þetta megi hann ekki og útskýrir fyrir honum hver hættan er.*

ATRIÐI 2 Mikilvægt er að hafa stöðugt í huga hvaða gestir eru líklegir til að slasa sig og við hvaða kringumstæður og hafa stöðugt opin augun fyrir slysagildrum eða hættum. Rekstraraðilar og starfsmenn sundstaða læra fljótt hvað er slysagilda og hvað er hætta. Skráning slysa og úrvinnsla gagna gegnir meginhlutverki við það að afla slíkrar þekkingar. Mikilvægt er að farið sé yfir öll slys með starfsfólk og öll atvik skoðuð. Lausnir þurfa að lúta að háttarni starfsfólks, af hverju ekki var brugðist við og af hverju var ekki gert við hlutinn sem varð þess valdandi að slysið varð.

ATRIÐI 3 Ef slysagilda eða hætta finnst við athugun verður að sjá til þess að hún sé fjarlægð strax. Ekki er alltaf hægt að fjarlægja slysagildruna eða hættuna á varanlegan hátt, en þá er nauðsynlegt að gera bráðbirgðaráðstafanir.

- DÆMI *Varanleg lausn: Á veturna myndast þykkt lag af í sundlaugarbakkanum. Ástandið varir í nokkrar vikur í senn. Þar sem að slysagildran eða hættan er viðvarandi í langan tíma í senn er mikilvægt að gera varanlegar ráðstafanir sem gætu verið þær, til dæmis, að setja snjóbræðslukerfi í sundlaugarbakkanum.*
- DÆMI *Bráðabirgðalausn: Rekstraraðili getur ekki sett snjóbræðslukerfi í sundlaugarbakkanum í vetur. Sundlaugarstarfsmenn verða þá að bregðast við með því að salta vel og brjóta burtu klakann þannig að sundlaugarbakkinn sé ekki háll.*
- ATRIÐI 4 Mikilvægt er að sund- og baðstaðir haldi „dagbók“. Í dagbókina ber að skrá þær slysagildrur eða hættur sem finnast og þau úrræði sem gerð voru í kjölfarið til að koma í veg fyrir slys.
- DÆMI *Áður en sundlaug er opnuð á starfsmaður að fara yfir laugarsvæðið samkvæmt gálistu daglegrar öryggis-skoðunar (sjá fylgiskjal 7) og kanna að öll atríði sem þar eru talin upp séu í lagi. Ef skoðun leiðir í ljós að t.d. mikil hálka er á laugarbakkanum, ber að skrá það sem frávik (slysagildru/hættu) í dagbókina. Ef um bilun í snjóbræðslukerfi er að ræða ber að skrá við hverja var haft samband og hvenær þeir ætli að koma og laga snjóbræðslukerfið. Ef þeir geta ekki komið strax ber að gera aðrar ráðstafanir, s.s. að salta svæðið og/eða setja út áberandi skilti um að laugarbakkinn sé háll. Þessi bráðabirgðaúrræði ber einnig að skrá. Starfsmenn þurfa allan tímann sem gestir eru í lauginni að fylgjast með að söltunin hafi haft tilskilin áhrif og að hálka sé ekki að aukast vegna veðurfarsbreyinga.*
- ATRIÐI 5 Mikilvægt er að rekstraraðili og starfsmenn fari reglulega yfir áhættumatið hjá sér og endurskoði það ef nýir hlutir koma í laugina, gerðar eru breytingar á henni eða breytt hátt-erni (hættuleg hegðun) gesta gerir vart við sig. Starfsmannaskipti geta einnig haft áhrif á öryggið.

### **3.2. SKIPULAG ÖRYGGISMÁLA Á SUND- OG BAÐSTÖÐUM**

Rekstraraðila ber skylda til að uppfylla öll lög, reglugerðir, reglur og staðla er lúta að rekstri sund- og baðstaða (sjá nánar í 2. kafla). Til þess að tryggja gestum hámarksöryggi á sund- og baðstöðum verður hann að setja sig vel inn í öll atríði er lúta að öryggi á stöðunum. Öryggishandbók þessi fjallar ítarlega um kröfur varðandi öryggi á sund- og baðstöðum og aðstoðar rekstraraðila við að útfæra þær. Rekstraraðila ber skylda til að leggja áherslu á að öryggismálum sé framfylgt við ráðningu forstöðumanns og annarra starfsmanna og upplýsa þá um að þeim beri skylda til að vinna eftir þeim kröfum sem gerðar eru til öryggis á sund- og baðstöðum.

- ATRIÐI 1 Rekstraraðili ber ábyrgð á því að ráða forstöðumann sem getur uppfyllt allar þær öryggis-kröfur sem snúa að sund- og baðstöðum. Forstöðumaður og rekstraraðili bera ábyrgð á að þeir starfsmenn sem eru ráðirni geti uppfyllt allar kröfur um öryggi sem gerðar eru á sund- og baðstöðum. Rekstraraðili ber ábyrgð á að umhverfi laugar, tæki og tól uppfylli kröfur gagnvart lögum, reglugerðum, reglum og stöðlum. Einnig ber hann ábyrgð á að innra eftirlit sé framkvæmt reglulega, að neyðar- og viðbragðsáætlanir séu virkar og allur sjúkrabúnaður sé til staðar.
- ATRIÐI 2 Til þess að hægt sé að tryggja öryggi á sund- og baðstöðum að fullu þarf rekstraraðili að gera forstöðumanni og öðrum starfsmönnum grein fyrir því að allir starfsmenn bera ábyrgð á öryggi gesta en ekki einungis forstöðumaðurinn. Tryggja þarf að starfsmenn fái aðlögun og kennslu þegar þeir hefja störf, þar sem farið er skipulega í gegnum öll þau atríði sem þeir þurfa að framfylgja. Rekstraraðili verður að skilgreina störf allra starfsmanna. Sá einstaklingur sem ráðinn er sem laugarvörður verður að uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til laugarvarða. Rekstraraðili ber ábyrgð á því að koma nýjum upplýsingum um öryggismál til starfsmanna sinna og sjá til þess að þeir fái öll gögn í hendur sem varða nýjungar. Ef nýjung krefur sértækrar kennslu eða þjálfunar ber honum að sjá til þess að allir starfsmenn hljóti þá kennslu/þjálfun.

- ATRIÐI 3 Rekstraraðili skal sjá til þess að allar leiðbeiningar um hvernig starfsmenn sundstaða eigi að framfylgja öryggisatriðum séu skriflegar og að þeir fái leiðsögn um notkun þeirra eftir þörfum. Ef bilanir eða skemmdir verða á búnaði ber rekstraraðila að bregðast við og sjá til þess að öryggi gesta sé ekki ógnað. Ef bilun eða skemmd verður á búnaði og ekki er hægt að gera við hann fyrr en eftir einhvern tíma skal rekstraraðili ganga úr skugga um að starfsmenn hafi gert viðeigandi ráðstafanir þannig að ekki verði slys á gestum meðan beðið er eftir framkvæmdum, eða meðan á framkvæmdum stendur. Í vissum tilfellum gæti þurft að loka sundlauginni en slík lokun myndi byggja á áhættumati. Ef fjöldi starfsmanna er ekki eins og reglur segja til um, t.d. vegna veikinda, skal fá einstakling til afleysinga. Hann verður að uppfylla allar kröfur sem skilgreindar hafa verið hér að ofan.
- ATRIÐI 4 Rekstaraðila ber að gera reglubundnar athuganir á því að áhættumat sé virkt. Ef frávik koma í ljós skulu gerðar lagfæringar strax. Ef slys verður skal það rannsakað. Þegar niðurstöður liggja fyrir skal rekstraraðili fara yfir hvað fór úrskeiðis og tryggja að slíkt endurtaki sig ekki. Mögulega vantaði þekkingu eða upplýsingar sem urðu þess valdandi að starfsmenn áttuðu sig ekki á hættunni, en þá ber að tryggja að þeir fái allar upplýsingar og að þær séu teknar inn í áhættumatið. Ef um afglöp í starfi er að ræða ber að taka á þeim samkvæmt reglum sem gilda fyrir opinbera starfsmenn.
- ATRIÐI 5 Áhættumat gerir rekstraraðila kleift að hafa betri yfirsýn yfir öryggismál. Áhættumat er tæki sem tryggir öryggi á áhrifaríkan hátt. Það gerir einnig rekstraraðilanum betur kleift að skoða hættur, slysgildrur og slys og kanna hvað fór úrskeiðis, hvernig fyrirbyggjandi aðgerðir virkuðu og/eða af hverju þær virkuðu ekki. Í ljósi þessa getur hann metið stöðuna og þær ákvarðanir sem hann þarf að taka til þess að tryggja öryggi enn betur. Samfélagsleg ábyrgð er mikilvæg og það er því ekki úr vegi að rekstraraðilar sund- og baðstaða veiti hver öðrum upplýsingar um hættur. Slík samskipti hafa einnig fyrirbyggjandi áhrif þar sem stjórnendur annarra sundstaða hafa mögulega ekki verið búnir að átta sig á tiltekinni hættu. Með því að skrá og varðveita allar upplýsingar er hægt að finna mikilvægar upplýsingar sem geta nýst almennt í forvarnaskyni til þess að efla öryggi á sund- og baðstöðum.

### **3.3 ÁBYRGÐ STARFSMANNA**

Rekstraraðili ber ábyrgð á að gera starfslýsingar fyrir alla starfsmenn sund- og baðstaða, þar sem áhersla er lögð á ábyrgð þeirra og skyldur með tilvitnun í gildandi lög. Einnig ber hann ábyrgð á að starfsmenn fái skriflegar upplýsingar um öryggismál og fái að vita hvar frekari upplýsingar sé að finna svo þeir geti nálgast þær og framfylgt því sem þar stendur. Starfsmenn skulu í upphafi starfs síns fá aðlögun í starfi, sjá nánar upplýsingar um skipulagða öryggisfræðslu fyrir nýja starfsmenn síðar í kaflanum.

Í starfslýsingu skal skilgreina nákvæmlega hvert verksvið starfsmanns er. Ef annar starfsmaður en sa sem ráðinn er sem sundlaugarvörður kemur til með að stunda laugargæslu vegna afleysinga skal hann uppfylla sömu kröfur og gerðar eru til sundlaugarvarða og skal það skráð í starfslýsingu hans. Honum skal einnig gerð grein fyrir þeirri ábyrgð sem því starfi fylgir.

Starfslýsingar allra starfsmanna skulu innihalda upplýsingar um hvert hlutverk þeirra er í öryggismálum sundstaðarins, sömuleiðis í viðbragðs- og neyðaráætlun og hvaða kröfur eru gerðar þar að lútandi.

### **3.4 YFIRSÝN YFIR SUNDLAUGAGESTI**

Mikilvægt er að skipta laugum upp í svæði. Á hverju svæði þarf sundlaugarvörður að geta séð niður á botn laugar og hann þarf einnig að sjá mynd af botni laugarinnar á sama svæði. Myndir þurfa að vera skýrar þannig að hann geti greint ef gestur er í hættu. Hægt er að skilgreina svæðin með tilliti til þessa. Góð birta þarf að vera til staðar á öllum stöðum þar sem hætta er líkleg. Hvert svæði fyrir sig þarf stöðugt eftirlit frá hendi sérþjálfaðs einstaklings sem þekkir einkenni drukknunar hvort heldur sem um er að ræða blaut- eða þurrdrukknun. Sundlaugarvörður verður að geta metið ástand gests í hættu á 10 sekúndum og verður að geta áttað sig strax á því hvar gesturinn er nákvæmlega staðsettur. Ekki má taka lengri tíma en 20 sek-

úndur fyrir laugarvörð að komast að gesti í hættu. Þetta er nefnd 10:20 reglan í alþjóðlegum reglum fyrir sundlaugarverði. Vegna þessara skilyrða er mikilvægt að laugarvörður sé í góðu líkamlegu formi.

Önnur svæði, s.s vatnsrennibrautasvæði, gufubaðssvæði, setlaugar og fl., þar sem hætta á slysum er mikil þarfnað einnig stöðugs eftirlits. Mikilvægt er að skipta þessum svæðum upp. Sundlaugarvörður verður að hafa góða yfirsýn yfir þessi svæði með aðstoð öryggismyndavéla.

### 3.5 EFTIRLIT MEÐ SÉRSTÖKUM UPPÁKOMUM Í SUNDLAUGUM

Uppákomur á sund- og baðstöðum geta verið af ýmsum toga. Dæmi um slíkt getur verið að laugin sé notuð sem bakgrunnur við upptökur á kvíkmynd, auglysingu eða tískuljósmyndun, þar séu haldnir tónleikar fyrir gesti o.fl. Mikilvægt er að rekstraraðili geri áhættumat á því sem hluta af skipulagi. Ef uppákoman er unnin í samvinnu við aðra aðila er mikilvægt að skriflegur samningur sé gerður þar sem upp eru talin þau öryggisatriði sem viðkomandi aðili þarf að uppfylla. Áður en uppákoman fer fram er æskilegt að forstöðumaður fari yfir áætlun um atburðinn með sínu starfsfólk og því fólk sem er á staðnum af hálfu þess sem sér um atburðinn. Skýr skipting verður að vera á því hver ber ábyrgð á hverju þannig að ekki myndist grá svæði (hættusvæði).

DÆMI *Taka á tískuljósmyndir á bakka laugarinnar. Strekkja þarf snúrur yfir bakkann. Mikilvægt er að kanna að allar snúrur sem tengjast í rafmagn þoli að vökn. Einnig þarf að tryggja að snúrur séu festar niður þannig að ekki sé hætta á að einhver detti um þær. Merkja þarf svæðið vel og loka af þannig að gestir verði ekki fyrir slysi.*

### 3.6 LÁGMARKSKRÖFUR UM ÖRYGGI EFTIR FJÖLDA GESTA

Eftirfarandi eru viðmið sem höfundur telur mikilvægt að séu tekin inn í áhættumat.

Meðfylgjandi er að finna töflu yfir fjölda laugarvarða. Taflan tekur fyrst og fremst mið af stærð lauga og hámarksfjölda gesta. Mikilvægt er að rekstraraðili taki mið af hönnun laugarsvæðis, þar með talið hvort setlaugar, sauna, vatnsrennibrautir eða annar búnaður er á svæðinu sem gerir eftirlit með gestum erfiðara. Slíkar laugar þurfa meira eftirlit og jafnvel fleiri laugarverði.

Taflan hér fyrir neðan gefur leiðbeiningar um lágmarksfjölda og hámarksfjölda laugarvarða. Lágmarksfjöldi laugarvarða miðast við að fjöldi gesta sé undir helmingi leyfilegs hámarksfjölda gesta sem gefinn er upp í starfsleyfi laugar. Um leið og fjöldi gesta hefur náð helmingi af uppgefnum hámarksfjölda skal bæta við sundlaugarverði.

Í þeim tilfellum þegar ekki er hægt að bæta við sundlaugarverði skal stöðva aðgengi fleiri gesta að lauginni. Rekstraraðili getur þá gripið til tímatakmarkana í lauginni þannig að sem flestir geti komist að.

Mikilvægt er að rekstraraðili í samvinnu við heilbrigðiseftirlit fari vel yfir að ekki séu grá svæði í lauginni. Með því er átt við að tryggð sé 100% yfirsýn laugarvarðar þar sem hætta getur verið á drukknun eða alvarlegum áverkum s.s. hálsbrot vegna dýfinga eða hryggbrot í vatnsrennibraut. Öryggismyndavélar sem gera laugarverði/vörðum kleift að hafa heildaryfirsýn eru nauðsynlegar. Mikilvægt er að faglegt mat á yfirsýn fari fram þannig að tryggt sé að 100% yfirsýn sé með hættumestu svæðunum, hvort heldur þeim er skipt niður á milli tveggja laugarvarða sem njóti aðstoðar öryggismyndavéla eða hvort einn laugarvörður getur haft heildaryfirsýnina. Hér er um að ræða lágmarkskröfur. Þegar fjöldi gesta hefur náð helmingi af uppgefnum hámarksfjölda gesta er mikilvægt að bæta við öðrum sundlaugarverði/vörðum en hann/beir myndu þá stunda gæslu frá bakka.

Stærð sundlaugar í metrum	Stærð laugar í fermetrum	Lágmarksfjöldi laugarvarða miðast við að fjöldi gesta hafi ekki náð helmingi af leyfilegum fjölda gesta	Lágmarksfjöldi laugarvarða þegar hámarksfjölda gesta er náð
20 x 8,5	170 m <sup>2</sup>	1	2
25 x 8,5	212 m <sup>2</sup>	1	2
25 x 10.0	250 m <sup>2</sup>	1	2
20x 12.5	312 m <sup>2</sup>	2	2
33,3 x 12,5	416 m <sup>2</sup>	2	3
50 x 20	1000 m <sup>2</sup>	4	6

### 3.7 ÖRYGGI BARNA Í SKÓLASUNDI

Það er óhætt að segja að áhættustig hækki í lauginni þegar skólasund er í gangi. Oft er um að ræða hóp ósyndra einstaklinga sem stundum getur verið erfitt að hafa hemil á. Aðrir gestir gætu líka verið í lauginni á sama tíma. Verkaskipting milli starfsmanna og sundkennara þarf að vera skýr og hvorugur má ganga út frá því sem vísu að hinn sé að gæta barnanna allan tímum og fylgja þeim leiðbeiningum sem hér er að finna. Nokkur börn hafa verið hætt komin eða drukknað í skólasundi sem sýnir okkur að það má lítið út af bregða til þess að ekki geti farið illa.

Í sundkennslu ber sundkennari fyrst og fremst ábyrgð á börnumunum. Forstöðumanninni sundstaðar ber að kalla alla sundkennara á sinn fund árlega, áður en kennsla hefst, þar sem farið er yfir öryggisatriði og búnað og hvernig samskiptum skuli háttað. Mikilvægt er að rekstraraðili fái stundaskrá frá viðkomandi skóla/skólum þannig að hægt sé að undirbúa öryggi barnanna í lauginni áður en kennsla hefst. Koma þarf á góðum samskiptum við skólastjóra í þeim skólum sem sækja sund í lauginni og mikilvægt er að farið sé strax yfir atriði er kunna áður að hafa farið úrskeiðis. Sundkennrarar skulu annað hvert ár standast hæfnis-próf (sjá nánar kafla 3.10). Athygli skal vakin á því að sundlaugarverðir bera einnig ábyrgð á öryggi barna í skólasundi og þurfa því að vera í fullri gæslu á meðan á skólasundi stendur eins og undir öðrum kringumstæðum í lauginni.

Skýrar reglur þurfa að vera um það hvernig tekið er á móti börnum í sund og þær þarf að vinna í samvinnu við skólastjóra og sundkennara þeirra grunnskóla sem nota laugina undir kennslu. Aldrei má hleypa nemendum inn í búningsklefa fyrr en kennari er mættur á svæðið. Ef kennari er að kenna nokkra tíma í senn er mikilvægt að hann láti starfsmenn vita hvenær hleypa má næsta hópi í búningsklefa og síðan hvenær hann er tilbúinn að taka við þeim á laugarbakka. Kennara ber að merkja við nemendur um leið og þeir fara ofan í laugina. Einnig þarf að telja alla nemendur upp úr aftur og gera starfsfólk laugarinnar viðvart að nú sé sundtíminn búinn og allir nemendur komnir upp úr lauginni. Starfsfólk laugarinnar verður að sjá til þess að börnin verði ekki eftir í búningsklefum eða laumi sér út í aftur. Til að auðvelda kennara eða ábyrgðarmanni hópa barna yngri en 10 ára, að fylgjast með hverju barni skulu hóparnir vera sérstaklega auðkenndir með ákveðnum lit á sundhettum, armböndum, vestum eða á annan sambærilegan hátt.

Ungbarnasund, almenn sundkennsla, sundþjálfun, kennsla í köfun og fleira - í öllum þessum tilfellum ber rekstraraðili ábyrgð á að farið sé árlega yfir öryggisatriði með umsjónaraðilum. Ekki eru gerðar kröfur til aðila sem kenna köfun að þeir þurfi að sækja sérstakt námskeið, sbr. sundlaugarverði, sundkennara og þjálfara. Það er því nauðsynlegt að rekstraraðili sundstaðar fái afrit af prófskirteinum þeirra (sjá nánar kafla 3.10)

Í laugum þar sem sundkennsla fer fram og ekki eru ráðnir sérstakir laugarverðir s.s. í skólalaugum, þarf að vera til viðbragðsáætlun ef upp koma slys. Mikilvægt er að alltaf séu tveir til staðar eða nálægt þegar sundkennsla fer fram. Sundkennari verður að hafa neyðarhnapp svo hann geti gert viðvart ef slys verður. Það er á ábyrgð eigenda sundstaða og skólastjóra grunnskóla að fara árlega yfir viðbragðsáætlun og að fullvissa sig um að hún sé virk.

### **3.8 ÁBYRGÐ STARFSFÓLKS, SEM STARFAR MEÐ BÖRNUM, ÞEGAR ÞAÐ FER MED BARNAHÓPA Í SUND**

Mikilvægt er að rekstraraðilar sundstaða setji reglur um fjölda hópa. Algengt er að verið sé að fara með börn á sumarnámskeiðum í sund. Ekki eru til reglur um slíka starfsemi og því þurfa rekstraraðilar að vera á varðbergi og setja fram öryggiskröfur. Miða skal við að þeir sem starfa með eða hafa umsjón með börnum og ungmennum í æskulýðssstarfi séu lögráða og hafi þjálfun, menntun, þekkingu eða reynslu til starfsins, sbr. 1. mgr. 10. gr. æskulýðslaga nr. 70/2007.

#### **Dæmi um öryggiskröfur**

- Hópstjóri þarf að hafa samband við sundlaugina til þess að bóka tíma. Þetta er gert til að koma í veg fyrir að margir hópar mæti í einu. Áhættumat er undirstaða þeirra reglna sem rekstraraðilinn setur um fjölda hópa í senn. Mikilvægt er að hafa það í huga að þegar fjöldi annarra gesta er í lauginni er meiri hætta á slysum. Það er því ekki æskilegt að tekið sé á móti fleiri en 1-3 hópum í senn en slíkt fer eftir stærð lauga.
- Æskilegt er að ekki séu fleiri en 15 börn í hverjum hóp. Ekki er ráðlegt að hafa börn undir 5 ára aldri í hóperðum á sundstaði. Æskilegt er að börn sem farið er með í sund séu að lágmarki 6 ára. Sé aldur þeirra á bilinu 6 til 8 ára sé einn leiðbeinandi á hver tvö börn. Börn á aldrinum 8-10 ára þurfa einn leiðbeinanda á hver 4 börn. Leiðbeinendur fara ofan í laugina með börnum en einn auka leiðbeinandi er í gæslu á bakka. Hann er með nafnalista og merkir við þegar börnin fara ofan í og merkir einnig við þau þegar að þau koma upp úr aftur. Leiðbeinandi á bakka fer með börn á salerni ef þess þarf. Mikilvægt er að leiðbeinendur af báðum kynjum séu með í för ef farið er með drengi og stúlkur. Þetta er mikilvægt til þess að leiðbeinendur geti haft eftirlit með sínum börnum í búningsklefum því mörg alvarleg slys og jafnvel drukknanir hafa orðið þegar börn hafa laumað sér út í laug aftur.
- Hver hópur þarf að bera auðkenni, breiðan litarborða á upphandlegg eða á sundhettu og að hver hópur hafi sama lit þannig að leiðbeinendur geti haft augun á sínum börnum. Starfsmaður sund- og baðstaða verður að fara yfir öryggisatriði með leiðbeinendum. Æskilegt er að þetta sé gert árlega og ætið í fyrsta skipti þegar ókunnugir leiðbeinendur koma á staðinn.
- Æskilegt er að koma á góðu samstarfi við þá aðila sem eru með börn á sumarnámskeiðum og nauðsynlegt er að allir leiðbeinendur fái fræðslu um öryggi á sundstöðum. Hægt er að gera þetta árlega á vorin þar sem ekki reynist alltaf tími til slíkra hluta þegar komið er með hóp í sund. Sundlaugarverðir verða að vera á varðbergi á meðan hópurinn er á staðnum þótt börnin séu fyrst og fremst á ábyrgð þeirra sem með þau koma. Leiðbeinendur á sumarnámskeiðum hafa ekki hlotið sérstaka þjálfun líkt og sundlaugarverðir. Góð samskipti þurfa að vera milli starfsfólks sundstaðar og kennara, þjálfara og leiðbeinenda. Tilkynna þarf til sundlaugarvarðar bæði komu barnanna á staðinn og sömuleiðis hvenær þau eru farin upp úr.

### **3.9 ÖRYGGISKRÖFUR TIL LEIGUTAKA**

Rekstraraðili verður að gera skriflegan leigusamning um leigutöku á sund- og baðstað.

Í leigusamningi þarf að koma fram nákvæm lýsing á þeirri starfsemi eða til hvaða nota laugin er leigð. Rekstraraðili þarf að setja skýrt í leigusamning hvaða kröfur leigutakinn þarf að uppfylla, sérstaklega ef um hefðbundna notkun á lauginni er að ræða. Notkun skal vera innan þeirrar starfsemi sem laugin er með starfsleyfi fyrir. Rekstraraðili skal fara vel yfir samning með leigutaka. Rekstraraðili skal hafa samband við tryggingafélag sitt og fá upplýsingar um hvort framleiga á laug geti haft áhrif á tryggingar laugarinnar ef slys verður. Ef trygging laugarinnar gildir ekki meðan á leigunni stendur ber að taka það skýrt fram í leigusamningi.

Í samningi skal taka fram m.a. að tilkynna beri til rekstraraðila öll slys sem kunna að verða á svæði sundlaugarinnar meðan á leigu stendur. Leigutaka ber skylda til að sjá til þess að slysaskráningarblöð verði fyllt út og beðið verði um lögregluskyrslu ef slys er eðlis að þess þurfi.

### **3.10 YFIRLIT YFIR NÁMSKEIÐ FYRIR STARFSFÓLK Á SUND- OG BAÐSTÖÐUM**

#### **NÁMSKEIÐ Í SÉRHÆFÐRI SKYNDIHJÁLP OG BJÖRGUN FYRIR STARFSFÓLK, SUNDKENNARA OG SUND- ÞJÁLFARA Á SUND OG BAÐSTÖÐUM**

Námskeiðið er fyrir sundlaugarverði og annað starfsfólk sundstaða sem leysa þá af. Einkum gagnlegt fyrir sundkennara og starfsfólk sumarnámskeiða fyrir börn og unglings.

<b>LENGD</b>	18 klukkustundir. (24 kennslustundir). Fjöldi kennslustunda á námskeiðinu: Skyndihjálp 16 kennslustundir (16 x 40 mín.), björgun 8 kennslustundir (8 x 40)
<b>MARKMIÐ</b>	Að auka þekkingu og færni sundlaugarvarða og annars starfsfólks sundstaða í að bregðast við neyðartilfellum á sundstöðum.
<b>VIÐFANGSEFNI</b>	Almenn laugarvarsла Samskipti við almenning Neyðaráætlun Slysavarnir Árangursrík laugarvarsла Björgun úr sundlaug Háls- og hryggáverkar Almenn skyndihjálp Bráðir sjúkdómar Tækjabúnaður til súrefnismeðferðar
<b>FRÆÐSLUEFNI</b>	Skyndihjálp og björgun. Um er að ræða fræðslumöppu, myndbönd og kennsluglærur. Útgefandi fræðsluefnis er Rauði kross Íslands.
<b>INNTÖKUSKILYRÐI</b>	Þátttakendur séu 18 ára eða eldri. Æskilegt er að þátttakendur kynni sér fræðsluefnið áður en námskeiðið hefst.
<b>NÁMSMAT</b>	Frammistaða er metin samfellt í gegnum allt námskeiðið. Stutt skrifleg könnun á þekkingu fyrir þá sem þess óska.
<b>VIÐURKENNING</b>	Eftir að hafa setið námskeiðið fá þátttakendur viðurkenningu frá Rauða krossi Íslands og heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu sem veitir réttindi til að gegna starfi sundlaugavarða.
<b>ANNAÐ</b>	Skylda er að sitja 12 kennslustunda endurmenntunarnámskeið ár hvert ( 6-8 stundir í skyndihjálp og 4 stundir í björgun). Reglulega þarf að bjóða upp á 10-12 kennslustunda endurmenntunarnámskeið í skyndihjálp og björgun.

Rekstraraðila sund- og baðstaðar er skylt að sjá til þess að starfsfólk fái reglulega starfsþjálfun eigi sjaldnar en árlega, þar með talin þjálfun í sérhæfðri skyndihjálp sem sérstaklega er ætluð sund- og baðstöðum og fræðslu um hreinlæti og hollustuhætti. Þeir starfsmenn sem vinna við meðferð tækja, þar með talin mælitæki, búnaðar og efna vegna hreinsunar vatnsins skulu árlega fá viðeigandi þjálfun í meðferð þeirra.

Starfsmenn sem sinna laugargæslu, sundkennrarar, sundþjálfarar og leiðbeinendar skulu hafa náð 18 ára aldri. Starfsmenn sem sinna laugargæslu skulu árlega standast hæfnispróf. Sundkennrarar, sundþjálfarar og leiðbeinendar skulu standast hæfnispróf á tveggja ára fresti.

## HÆFNISPRÓF STARFSMANNA SEM SINNA LAUGARGÆSLU, SUNDKENNARA, SUNDÞJÁLFARA OG LEIÐBEINENDA

### PRÓFATRIÐI ERU

1. Þolsund, 600 m á innan við 21 mínútu (frjáls aðferð).
2. Hraðsund, 25 m á 30 sek.
3. Kafsund, 15 m.
4. Björgunarsund í síðbuxum og síðerma peysu, 25 m með jafningja.
5. Björgun á óvirkum jafningja með björgunarsveig eða öðrum flotáhöldum, úr miðri laug að hliðarbakka, lyfta viðkomandi upp á bakka með aðstoð eins laugarvarðar.
6. Sækja 3 hluti í dýpsta hluta laugar (á allt að 3,5 m dýpi). Synda 5 m á yfirborði, kafa niður eftir hlut, hlutnum skilað á bakka, hvíld milli kafana 10 sekúndur.
7. Hoppa eða stinga sér út í laug, synda 25 m, kafa eftir björgunarbrúðu í dýpsta hluta laugar, færa björgunarbrúðu upp á yfirborði og synda 25 m til baka, lyfta björgunarbrúðu upp á bakka með aðstoð eins laugarvarðar.
8. Starfsmenn sem sinna laugargæslu skulu ljúka árlegu námskeiði í skyndihjálp og björgun fyrir sund- og baðstaði og standast alla verklega þætti þess námskeiðs. Sundkennrarar, sundþjálfarar og leiðbeinendur skulu ljúka þessu námskeiði á tveggja ára fresti.
9. Fara yfir öryggisatriði og útbúnað (öryggis- og sjúkrabúnað) á viðkomandi sund- og baðstað.

Standist viðkomandi ekki einstaka þætti hæfnisprófsins skal hann endurtaka þá hluta innan mánaðar hjá sama leiðbeinanda.

### LEIÐBEINENDANÁMSKEIÐ Í SKYNDIHJÁLP OG BJÖRGUN

Leiðbeinendur með gild réttindi til að leiðbeina í skyndihjálp og björgun skulu annast hæfnispróf. Slík réttindi öðlast þeir sem hafa lokið leiðbeinendanámskeiði í skyndihjálp og tveggja daga leiðbeinendanámskeiði í björgun. Til að viðhalda réttindum sínum skal leiðbeinandi sækja endurmenntun fyrir leiðbeinendur í skyndihjálp og björgun á þriggja ára fresti. Heimilt er að leiðbeinendur leiti til íþróttakennara til að framkvæma prófatriði 1-3 í hæfnisprófi.

### 3.11 ÖRYGGISMERKINGAR

Merkja skal sérstaklega þætti er varða öryggi og slysahættu á sund- og baðstað, svo sem hitastig í setlaugum, þegar dýpi lauga er minna en 1,5 m eða yfir 3,0 m, hættu við dýfingar, hálku á laugarbökkum og annað það sem nauðsynlegt þykir vegna öryggis sundgesta. Staðsetning skilta skal vera þannig að laugarestir komist ekki hjá því að sjá skiltin. Upplýsingar á skiltum skulu vera skýrar og læsilegar. Leturstærð skal taka mið af lestrarfjarlægð.

Á sund- og baðstöðum, þar sem mikill fjöldi bæði innlendra og erlendra gesta kemur, er mikilvægt að notuð séu alþjóðleg, stöðluð, myndræn merkjakerfi. Kostur alþjóðlegra, staðlaðra merkja er að þekking almennings á slíkum merkjum verður almenn þar sem sama merkjamálið er notað í mörgum löndum og dregur það úr þörf á texta og þar með misskilningi vegna tungumála-örðugleika. Notkun staðlaðra merkjakerfa eins og t.d. umferðamerkja, þar sem hver tegund merkja hefur sína liti og lögur og notar frekar myndtákni en letur, eykur mjög á öryggi og dregur úr slysahættu. Mikilvægt er að myndir og letur séu skýr og stærð þeirra taki mið af lestrarfjarlægð. Einnig þarf að velja þeim rétta staðsetningu þannig að þau séu áberandi öllum gestum. Hlutfall fjarlægðar lesanda frá skilti og letur-

Stærð leturs (pt)	Fjarlægð frá lesanda (cm)
12	45
18	70
24	90
28	115
36	135
48	180
60	230
72	275

stærðar má skoða í töflu hér fyrir neðan.

Við hönnun öryggismerkja skal taka mið af staðli ISO 3864 -1 *Graphical symbols – Safety colours and safety signs- Part 1: Design principles for safety signs in workplaces and public areas, Part 4: Colorimetric and photometric properties of safety sign materials, Part 3: Design principles for graphical symbols for use in safety signs, Part 2: Design principles for product safety labels* hvað varðar útlit, lögur og liti merkja.

Ástæða er til að benda á að stöðluð öryggismerki koma ekki í stað góðra verklagsreglna, leiðbeininga, annarra slysavarna og þjálfunar starfsfólks. Taka skal mið af öðrum hlutum staðalsins (2-4) m.t.t. staðsetningu merkinga og eftir því sem við á.

## EFTIRFARANDI MERKI EIGA AÐ VERA TIL STAÐAR

- Yfirlitskort af helstu aðstöðu, svo sem búningsklefar, sturtur, baðstofa, neyðarútgangar, staðsetning heitra potta og lauga sem og hvar dýfingar eru bannaðar.
- Öryggisreglur – sem rekstraraðili setur til að stuðla að öryggi gesta og segja til dæmis til um leyfilega hegðun gesta og aldurstakmark barna.
- Að gestir skuli þvo sér án sundfata áður en farið er í laug.
- Hitastig vatns í pottum.
- Dýpi laugar.
- Tilgreint á laugarbakka hvar botn hallar bratt, eða ef jafnt hallandi botn, þá við miðja langhlið.
- Reglur í vatnsrennibraut.
- Hálkuviðvörum.

## LEIÐBEININGAR UM ÖRYGGISMERKINGAR

Umhverfisstofnun hefur gefið út leiðbeiningar með öryggismerkingum á sundstöðum, m.a. skjöl með teikningum og leiðbeiningum til uppsetningar á öryggismerkingum við sundstaði. [Leiðbeiningar um öryggismerkingar er að finna hér.](#)

## STAÐSETNING ÖRYGGISMERKINGA

Merkjunum skal ávallt velja stað þannig að gestir komist ekki hjá því að sjá þau á leið sinni um viðkomandi svæði. Letur- og myndstærð á merkjum skal vera í samræmi við eðlilega lestrarfjarlægð að teknu tilliti til sjónskertra, samt aldrei minni en 70 mm. Leturgerð Tahoma eða Ariel og lágstafir henta sjónskertum betur en aðrar gerðir og ef notaðir eru breiðir stafir þá þarf að auka bil milli stafa. Merkin eiga að vera á lóðréttum fleti. Frístandandi skilti/merki skulu vera stöðug og ná a.m.k. 1 m hæð.

INNGANGUR /AFGREIÐSLA	Yfirlitskort og öryggisreglur.
BÚNINGS- OG BAÐAÐSTAÐA	Að gestir skuli þvo sér án sundfata áður en farið er í laug.
VIÐ SETLAUGAR	Hitastig vatns.
VIÐ LAUGAR	Dýpi vatns, þar sem það er $\leq 1,5$ m eða $\geq 3,0$ m. Dýfingar bannaðar. Þar sem botn byrjar að halla bratt, eða ef jafnt hallandi, þá við miðja langhlið.
VIÐ RENNIBRAUT	Hegðun í rennibraut í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.
Á LAUGARBÖKKUM OG ÞAR SEM ÞAÐ Á VIÐ	Hálkuviðvörum.

Nánari staðsetningu merkjanna á viðkomandi svæði verður að ákveða á hverjum sundstað fyrir sig.

Lágmarksstærð merkja er: þvermál hrings 35 cm og hlið í jafnhliða þríhyrningi, hlið á ferningi og skammhlið á ferhyrningi 35 cm

## TEGUND OG ÚTLIT

### BANNMERKI


Lögun er kringlótt með skástriki yfir. Öryggislitur er rauður, andstæður litur er hvítur.  
Mynd í svörtum lit.

DÆMI *Dýfingar bannaðar.*




### SKYLDUMERKI

Lögun: Kringlótt. Öryggislitur blár, andstæður litur er hvítur, mynd í hvítum lit.  
DÆMI *Barnahópar noti auðkennismerki.*



### VIÐVÖRUNARMERKI


Lögun: Þríhyrningur. Öryggislitur gulur, andstæður litur er svartur, mynd í svörtum lit.  
DÆMI *Varuð hálka, botn dýpkar bratt.*



### NEYÐARÚTGANGUR, ÖRYGGISAÐSTAÐA

Lögun: Feringur, rétthyrningur. Öryggislitur grænn, andstæður litur er hvítur, mynd í hvítum lit.


DÆMI *neyðarútgangur, staðsetning skyndihjálparbúnaðar.*



### BRUNAVARNIR


Lögun: Feringur, rétthyrningur. Öryggislitur rauður, andstæður litur er hvítur, mynd í hvítum lit.

DÆMI *Brunaboði, staðsetning slökkvibúnaðar.*



### VIÐBÓTARUPPLÝSINGAR

LÖGUN Feringur, rétthyrningur. Öryggislitur hvítur.



# Viðbragðsáætlun við slysi á sund- og baðstöðum

Starfsmenn á sund- og baðstöðum þurfa að kunna sérhæfða skyndihjálp og björgun og viðhalda þeirri þekkingu með því að fara árlega á upprifjunarnámskeið. Starfsmenn sund- og baðstaða hafa ekki heimild til þess að beita skyndihjálp nema hafa hlotið kennslu og þjálfun í henni.

Einnig þurfa þeir að æfa reglulega viðbrögð við mismunandi slysum og björgun og fara reglulega yfir öryggisbúnað og rifja upp hvernig á að nota hann.

## 4.1 GREINING Á ÁVERKUM

**1. LÆGSTA STIG** Minni háttar skrámur og skurðir sem ekki þarfast meðferðar á heilsugæslustöð eða á slysadeild. Sár sem starfsmaður má meðhöndlja og setja á einfaldar umbúðir. Dæmi: grunnt klór, kæling á kúlu, skolun á sandi úr auga.

**2. MIÐSTIG** Áverki þar sem starfsmaður kemst að því við skoðun að áverkinn þarfist meðferðar á heilsugæslustöð eða á slysadeild en samt ekki þess eðlis að kalla þurfi til sjúkrabíl 112. Hinn slasaði er fær um að fara sjálfur eða með aðstoð þeirra sem með honum eru. Ef um börn er að ræða er mikilvægt að slysið sé tilkynnt til foreldra/forráðamanna og þeir geti þá komið til þess að ná í barnið og fara sjálfir með það á heilsugæslustöð, til tannlæknis eða á slysadeild. Huga skal sérstaklega að eldra fólkí því ekki er alltaf æskilegt að það sé látið fara eitt heim. Ef um hruma mannesku er að ræða, er mikilvægt að hafa samband við vin eða aðstandanda og biðja hann að fara með viðkomandi til læknis. Sama gildir um fatlaða einstaklinga. Dæmi: handleggbrot, barn kveinkar sér ekki mikil, skurðir sem þarfast saumaskapar, tannáverkar, heilahristingur. Ath. að þó að þessir áverkar þarfist ekki í fyrstu sjúkrabíls 112 geta þeir breyst í alvarlegt stig sökum þess að ástand barns versnar skyndilega. Þá þarf starfsmaður að geta metið það strax og bringt á sjúkrabíl 112.

**3. ALVARLEGT STIG** Áverkar sem falla undir þetta eru stórir brunar, meðvitundarleysi vegna höfuðáverka eða annars, fótbrotl/lerbrot, aðskotahlutur í öndunarvegi, hjarta og öndunarstopp og fleira. Hér skiptir öllu máli að allir starfsmenn bregðist fumlaust við og meti alvarleika ástandsins strax, virki neyðaráætlun og í framhaldi af því heffir viðeigandi skyndihjálparmeðferð og bringi strax á sjúkrabíl 112.

## 4.2 ÖRYGGISBÚNAÐUR Á SUND- OG BAÐSTÖÐUM

### BÚNAÐUR TIL ENDURLÍFGUNAR

- Súrefnistæki með stillanlegu flæði (1 til 15 lítrar) sem tengja má við blástursmaska. Ef langt er í aðstoð getur þurft auka 5 lítra súrefniskút.
- Kokrennur, 5 til 6 stærðir.
- Blástursmaski.
- Einnota blástursplast, hluti af persónulegum búnaði hvers starfsmanns.
- Öndunarbelgur, til afnota fyrir faglærða aðila á staðnum.
- Hjartastuðtæki (AED) er æskilegt, verður að geta stuðað börn og fullorðna, því fjær bráðaþjónustu, því nauðsynlegra. Nauðsynlegir fylgihlutir hjartastuðtækis þurfa að vera til taks.
- Einfalt handsog (fyrir faglærða á staðnum).

## BÚNAÐUR TIL BJÖRGUNAR

- Björgunarsveigur er nauðsynlegur í öllum laugum sama hversu djúpar þær eru.

## BÚNAÐUR TIL AÐHLYNNINGAR

- Flotbakbretti með minnst þremur ólum eða frönskum rennilás sem ekki límast saman í vatni. Höfuð-púðar á brettið eru nauðsynlegir.
- Kragar, stífir og stillanlegir fyrir alla aldurshópa.
- Teppi.
- Samspelkur 2 stk.

## NAUÐSYNLEGUR BÚNAÐUR Í SKYNDIHJÁLPARTÖSKU / KASSA

HEITI BÚNAÐAR	MAGN	NOTKUN
Skyndihjálparbók	1 stk.	Uppfleittir með upplýsingum um skyndihjálp og björgun á sundstöðum
Naglaklippur	1 stk.	Klippa neglur ef þær flettast upp eða fara illa
Skæri	1 stk.	Einfaldlega ómissandi
Flísatöng	1 stk.	Ná flísum og hreinsa óhreinindi úr sárum
Öryggisnælur	1 pakki	Festa þríhyrnu
Vasaljós	1 stk.	Til að meta ástand s.s. sjáoldur
Augnskolbrúsi	1 stk.	Skola eiturefni úr auga
Einnota hanskar	1 kassi	Hlífðarbúnaður til að verjast smiti, t.d. ef snerta þarf blóð. Hluti af persónulegum búnaði hvers starfsmanns
Sárabindi 10x10 sm	4 bindi	Festa umbúðir og vefja um áverka
Teygjubindi 5 sm	2 stk.	Festa umbúðir og vefja um áverka á börnum
Teygjubindi 10 sm	2 stk.	Festa umbúðir og vefja um áverka á fullorðnum
Grisjur 10x10 sm	10 pakkar af 5 stk.	Hreinsa sár og sem umbúðir á minni sár
Þríhyrna, einnota	2 stk.	Setja handlegg í fatla, festa spelkur eða umbúðir
Heftiplástur 2,5 sm	2 rúllur	Festa umbúðir
Ofnæmisplástur 2,5 sm	2 rúllur	Festa umbúðir, fyrir þá sem þola heftiplástur
Skyndiplástur, tau 4 sm	4 pakkar	Setja á smásár og skrámur, klippa í hæfilega stærð
Skyndiplástur, tau 6 sm	4 pakkar	Setja á smásár og skrámur, klippa í hæfilega stærð
Saltvatn 20 ml	1 kippa af 6 stk.	Skola augu, væta grisju til að geyma afhöggvinn útlum í
Þrúgusykur eða glucose gel	1 pk.	Til að gefa sykursjúkum með of lágan blóðsykur
Kælipokar einnota	5 stk.	Kæla vöðva og liði sem hafa orðið fyrir áverka. Sprengja innri poka og hrista vel

ATH

*Allur öryggisbúnaðurinn þarf að vera staðsettur á svokallaðri neyðarstöð. Viðbragðsáætlanir vegna atvika eins og jarðskjálfta, bruna, eiturefnaslyss og drukknunar þurfa að hanga uppi eða vera aðgengilegar starfsmönnum í möppu á neyðarstöð.*

## 4.3 NEYÐARÁÆTLUN VEGNA SLYSS Á SUND- OG BAÐSTÖÐUM

Starfsmaður A og B og C

1. Starfsmaður A metur ástand hins slasaða samkvæmt skyndihjálparkunnáttu sinni.
2. Starfsmaður A (stjórnandi aðgerðar) hefur skyndihjálp – kallar til næsta starfsmanns, þ.e. starfsmanns B og biður hann að hringja í 112.

ATH. *i þeim tilfellum þar sem starfsmaður A er einn og nær ekki sambandi við neinn til að fara og hringja í 112 sem er númer eitt í skyndihjálppinni má hann yfirgefa þann slasaða eða stoppa aðra meðferð og hringja sjálfur.*
3. Starfsmaður B hringir í 112 og nær í réttan búnað:
  - hvar er slysið.
  - hvað gerðist.
  - hver hringir og hvaðan.
  - ekki slíta sambandinu – neyðarlínan hjálpar þér áfram.
4. Starfsmaður B skipar næsta starfsmanni, þ.e. starfsmanni C að sækja sjúkrakassa, teppi eða annað sem starfsmaður A þarf fyrir hinn slasaða, og biður hann að fara með það sem fyrst til starfsmanns A og bjóða honum aðstoð.
5. Starfsmaður B lætur starfsmann A vita um leið og hann hefur lokið samtali við 112 að sjúkrabíll sé á leiðinni.
6. Starfsmaður B gengur úr skugga um að starfsmaður A hafi alla þá hjálp sem hann þarf til að veita hinum slasaða skyndihjálp og/eða aðhlynningu.

### ÖNNUR VIÐBRÖGÐ MEÐAN Á SLYSAVIÐBRÖGÐUM STENDUR

1. Starfsmaður C fer að útidyrum og lokar þannig að ekki komist fleiri gestir inn. Hann bíður við aðkomustað sjúkrabíls til þess að taka á móti sjúkrabíl og vísa sjúkraflutningamönnum að hinum slasaða.
2. Starfsmaður C sér um að boð berist til stjórnanda sundlaugar um að hringja í foreldri, forráðamann/menn eða aðstandendur til þess að tilkynna slysið, ef það er hægt. Annars verður tilkynning til aðstandenda að vera í höndum sjúkrahúss eða lögreglu (sjá nánar leiðbeiningar um tilkynningu til aðstandenda hér að neðan).
3. Starfsmaður C biður næristaddan starfsmann um að koma ró á svæðið, kalla alla gesti upp úr laug, koma þeim fyrir á tilteknum stað og tilkynna þeim að laugin sé lokað á meðan á þessu stendur. Starfsmaður biður þá sem sáu slysið að bíða. Ef þeir geta það ekki þarf að biðja þá um að skrifa niður upplýsingar um það hvar verði hægt að ná í þá. Starfsmaður fer á aðra staði og gerir viðvart um slys.
4. Starfsmaður C stendur við útidyr, opnar fyrir sjúkraflutningafólki og vísar að slysstað.
5. Starfsmaður A gefur sjúkraflutningafólki allar upplýsingar sem hann hefur um atvikið.

### VIÐBRÖGÐ EFTIR SLYS

1. Starfsmaður A tilkynnir gestum að hættuástand sé yfirstaðið og gestum sé heimilt að fara aftur í laugina. Þess ber þó að geta að vera kann að starfsfólk þurfi áfallahjálp og geti hreinlega ekki unnið störf sín eftir válega atburði. Það er því í höndum forstöðumanns að taka ákvörðun um hvort loka þurfi lauginni

Starfsmaður A opnar fyrir nýjum gestum þegar að hann hefur fullvissað sig um að ró sé komin yfir staðinn og að aðrir starfsmenn séu tilbúnir að halda áfram vinnu sinni.
2. Starfsmaður A fyllir út slysaskráningarblað og óskar eftir lögregluskyrslu sé þess þörf.
3. Starfsmenn B og C ganga frá slysið, fara yfir sjúkrabúnað o.þ.h.

## 4.4 SAMSKIPTI STARFSMANNA Á SLYSSTAÐ

Mikilvægt er að sá sem kemur fyrstur á slysstað taki yfir stjórnina, kalli til aðstoð og veiti skyndihjálp.

### SÁ SEM ER FYRSTUR Á SLYSSTAÐ

- » Tekur yfir stjórnun á slysstað.
- » Metur ástand út frá sinni kunnáttu í skyndihjálp.
- » Aflar sér upplýsinga frá þeim sem fyrir slysinu varð eða vitnum.
- » Metur þörf á sjúkrabíl:
  - Ef hringja þarf á sjúkrabíl er best að fá einhvern nærstaddan til þess að hringja, svo hægt sé að vera áfram hjá hinum slasaða, það veitir honum öryggi.
  - Í tilfellum þar sem ástandið er lífshættulegt (hjarta og öndunarstopp eða meðvitundarleysi, köfnun) og enginn er nærstaddir verður sá sem er fyrstur á slysstað að hringja sjálfur í Neyðarlínuna, 112.
- » Hringja á sjúkrabíl og nái í sjúkrakassa.
- » Mikilvægt er að sá sem hringir geti gefið allar upplýsingar, H-in 3 (Hver? Hvað? Hvar?).  
Ef nauðsynlegt er að nota gögn úr sjúkrakassa má biðja þann sem fór í símann að taka hann með á bakaleiðinni. Ef það þolir ekki bið er áriðandi að annar nærstaddir sé sendur til að nái í sjúkrakassann.  
Hefja skyndihjálp og sinna slösudum þar til sjúkrabíll kemur
- » Skyndihjálp er veitt út frá mati á ástandi einstaklingsins og henni haldið áfram þangað til sjúkrabíll er kominn.
- » Í tilfellum þar sem viðkomandi ræður ekki einn við að veita skyndihjálp óskar hann eftir aðstoð nærræddra.
- » Stundum er enginn sem getur hjálpað, þá verður viðkomandi að reyna sitt besta og bíða rólegur þang-að til sjúkrabíll kemur.

Bent er á að sama gildir um bráð veikindi.

## 4.5 HVERNIG Á AÐ HRINGJA Á SJÚKRABÍL

Það er grundvallaratriði að allir starfsmenn sundstaða kunni að hringja á sjúkrabíl. Hér á landi er eitt neyðarnúmer fyrir sjúkrabíl, löggreglu og slökkvilið. Neyðarnúmerið er 112, EINN EINN TVEIR - ekki hundraðog-tólf. Það er mjög mikilvægt að starfsmenn sundstaða leggi neyðarnúmerið rétt á minnið og muni númerið þegar bráðatilfelli kemur upp og stress færist yfir viðkomandi. Þess eru dæmi að fólk hafi hringt í 118 þegar það ætlaði að hringja í neyðarnúmerið, því þessi númer eru svipuð ef maður hefur lagt neyðarnúmerið á minnið sem hundrað og tólf. Slíkt getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér, sérstaklega þegar um lífshættulegt ástand er að ræða og hver mínúta skiptir máli.

Við símsvörum hjá Neyðarlínunni starfar einungis fagfólk sem er vant að veiða upplýsingar upp úr fólk í ýmsu ásigkomulagi. Það er samt mjög mikilvægt að sá sem hringir í 112 nái að gefa þeim sem svarar yfirlit yfir ástandið á fyrstu 30 sekúndunum í samtalinni. Það eru H-in þrjú sem þurfa að koma fram.

Ef hringt er úr venjulegum síma þ.e.a.s ekki farsíma, þá birtist strax á skjá neyðarlínunnar hvaðan er hringt, þ.e.a.s nafn sundstaðarins, númer og heiti götu og póstnúmer.

Ef hringt er úr farsíma kemur staðsetning símans ekki upp á skjá neyðarlínunnar. Það getur verið vont að staðsetja viðkomandi síma, sérstaklega úti á landi, þannig að allir starfsmenn sundstaða verða að vita nákvæmlega hvernig á að hringja í neyðarlínuna og hvað þeim ber að segja.

H - HVER	ER ÞAÐ SEM HRINGIR kynna sig með fullu nafni og taka strax fram að hann sé að hringja úr sundlaug
H - HVAÐ	KOM FYRIR VIÐKOMANDI, ALDUR OG KYN, HVER ER LÍÐAN DÆMI <i>Hinn slasaði heitir Jón Jónsson og er 10 ára, hann fíll úr tröppum vatnsrennibrautar og er mögulega fötbrotinn</i>
H - HVAR	VARÐ SLYSIÐ. NAFN SUNDSTAÐAR, HEIMILISFANG OG NÁKVÆM LÝSING Á STAÐSETNINGU ÞESS SLASAÐA mikilvægt er að gefa upp nákvæma staðsetningu sérstaklegar þar sem eru stórar og flóknar laugar

## 4.6 TILKYNNING TIL FORELDRA/AÐSTANDENDA UM SLYS Á SUNDLAUGARGESTI

### Slys sem ekki eru lífshættuleg

- Öll slys sem ekki eru lífshættuleg t.d. beinbrot, skurðir o.fl. eru tilkynnt beint til aðstandenda ef ástand hins slasaða er þannig að ekki er óhætt að senda hann einan heim.
- Mikilvægt er að sá starfsmaður sem hringir viti nákvæmlega um ástand hins slasaða og geti sagt frá því hiklaust.
- Starfsmaður á að vera rólegur þegar hann hringir og tala skýrt.
- Byrja á því að kynna sig - hvaðan er hringt.
- Segja í stuttu máli hvað kom fyrir hinn slasaða og reyna að koma því strax að hvað er að. Mikilvægt er að nota ekki sterk orð.
- Mikilvægt er að láta aðstandanda vita hvort það þurfi að fara með hinn slasaða á heilsugæslustöð eða á slysadeild.

Ef slysið var það slæmt að hringja þurfti á sjúkrabíl er mikilvægt að láta vita hvert var farið með hinn slasaða. Þetta er sérstaklega mikilvægt þegar um er að ræða börn og unglings, hruma eldri einstaklinga og einstaklinga sem búa við fötlun. Undir öðrum kringumstæðum myndi hinn slasaði hringja sjálfur í aðstandendur.

### Lífshættulegt ástand

- Ef ástand hins slasaða er lífshættulegt eftir slys (t.d. barn í hjarta- og öndunarstoppi, meðvitundarlaust), er mikilvægt að starfsmaður tilkynni ekki slysið til foreldra.
- Í þannig bráðatilfellum kemur lögregla á staðinn. Mikilvægt er að starfsmaður sundstaðar gangi úr skugga um að lögreglan tilkynni slysið. Æskilegt er að lögregla fari til ættingja og tilkynni slysið augliti til auglitis við nánasta ættingja.
- Þegar ástand barns er lífshættulegt er ekki æskilegt að tilkynna slysið í gegnum síma, slíkt getur stefnt foreldrum í hættu. Dæmi er um að foreldrar hafi lent í bílslysi á leið á slysadeild sökum þess að þeir voru í miklu uppnámi.

## 4.7 KOMA RÓ Á SVÆÐI EFTIR SLYS

Þegar slys ber að höndum er mikilvægt að starfsmenn sund- og baðstaða séu ávallt viðbúnir því að takast fumlaust á við slys og koma ró á svæðið.

Þegar alvarlegt slys verður skapast ákveðið ástand. Allir eru mjög uppteknir af því sem gerðist og það gleymist oft að hugsa um aðra en þann slasaða. Það er því ákaflega mikilvægt að starfsmenn hugi að eftirfarandi þáttum.

- Ekki er ólíklegt að gestir verði vitni að slysinu. Það er því ákaflega mikilvægt að gestum séu gefnar upplýsingar eftir fremsta megni. Auðvitað gengur hinn slasaði fyrir, en þegar búið er að koma honum í örugga höfn þarf að huga að gestum og starfsfólk. Vitnum getur verið mjög brugðið og ekki er ólíklegt að einhverjir verði fyrir andlegu áfalli ef slysið er alvarlegt. Því traustari upplýsingar sem hægt er að gefa, þeim mun betra.
- Ef um barn er að ræða sem hefur ekki slasast alvarlega, er eitt síns liðs og bíður eftir að verða sótt af foreldri er mikilvægt að farið sé með það þangað sem það getur verið í rólegu umhverfi þar til farið er með það til frekari aðhlynningar á heilsugæslustöð eða slysadeild ef þörf krefur.
- Óæskilegt er að aðrir gestir horfi á þann slasaða á meðan honum er veitt skyndihjálp. Fullorðnir eru oft viðkvæmir fyrir því að eitthvað sé að þeim og þiggja frekar aðstoð ef þeir geta verið í friði á meðan. Mikilvægt er að láta gesti vita að þetta hafi ekki verið neitt alvarlegt og að viðkomandi sé á leið til læknis.
- Þegar slys er það alvarlegt að kalla þarf til sjúkrabíl er algengt að löggregla komi einnig. Í sumum tilfellum gætu komið tveir sjúkrabílar en það þarf ekki endilega að þýða að eitthvað mjög slæmt hafi gerst. Í þessum tilfellum eru starfsmenn oft stressaðir en það er samt mjög mikilvægt að halda ró sinni og fylgja viðbragsáætlun. Stress hjá starfsmönnum smitast mjög auðveldlega yfir á aðra næristadda. Við það getur skapast ringulreið sem gerir ástandið á slysstað enn alvarlegra en ella. Þegar sjúkrabíll hefur yfirgefið sundlaugina er mikilvægt að láta gesti vita að líðan sé stöðug og viðkomandi sé á leið á sjúkrahús.
- Þegar um andlát er að ræða þarf forstöðumaður að vita við hvern á að tala varðandi áfallahjálp (nánar er fjallað um áfallahjálp í næsta kafla). Mikilvægt er að fá inn sérfróðan einstakling í áfallahjálp sem kann að tilkynna einstaklingum slíkt. Forstöðumaður sundlaugar verður að hafa skriflega áætlun um viðbrögð við andláti. Mikilvægt er að kalla gesti saman á ákveðinn stað þar sem farið er yfir hvað hafi gerst. Mikilvægt er að láta gesti vita að þeim standi áfallahjálp til boða og þeim er þá bent á að hinkra eftir henni eða að hafa samband síðar. Útbúa þarf dreifiblað með upplýsingum um hvert gestir geti snúið sér. Best er að þessi blöð séu ávallt til og tilbúin til dreifingar ef á þarf að halda.

## 4.8 ÁFALLAHJÁLP

Rekstraraðilar sund- og baðstaða verða að hafa aðgengi að einstaklingi sem hefur sérþekkingu á áfallahjálp ef alvarlegt slys ber að höndum. Í neyðaráætlun starfsmanna verður að vera nafn viðkomandi og hvor hægt er að ná í hann.

Í öllum sveitarfélögum skulu vera á skrá aðilar sem sinna áfallahjálp í vá, þar sem það er hluti af almannavarnaskipulagi sveitarfélaga. Hægt er að grennslast fyrir hjá sveitarfélögum hver gæti tekið slíkt að sér fyrir sund- og baðstaði í sveitarféluginu.

Nánar er fjallað um áfallahjálp í næsta kafla.

# Eftir slysið - mikilvæg atriði sem hafa ber í huga

## 5.1 SKRÁNING SLYSA

Slysaskrá Íslands er miðlægur gagnabanki sem inniheldur upplýsingar um slys með meiðslum og upplýsingar um eignatjón í umferðarárhöppum. Einungis eru skráðar lágmarksupplýsingar um slysið sjálft, slasaða einstaklinga og ökutæki.

**Slys skulu skráð í samvinnu við slysaskrá hjá Embætti landlæknis.**

**Hægt er að skoða tölfræði um slys á vefsíðu Embættis landlæknis.**

Mikilvægt er að öll slys sem verða á gestum á sund- og baðstöðum séu skráð á tiltekið slysaskráningar blað sem á að vera aðgengilegt á sundstaðnum. Fyrirmynnd að slíku blaði sbr. Fylgiskjal 5 með handbókinni.

Skráning slysa er mikilvægur hluti af innra og ytra eftirliti á sund- og baðstöðum. Með því að skrá öll slys getur rekstraraðili tekið þau saman í lok hvers árs og skoðað, t.d. hvar mestu hætturnar er að finna eða hvort eftirlit starfsmanna sé fullnægjandi. Með því að nota niðurstöður slysaskráningar sem forsendur fyrir skipulagningu á öllu öryggisstarfi á sund- og baðstöðum verður árangurinn betri. Margir eiga erfitt með að átta sig á þessu í fyrstu, en um leið og slysaskráningin er orðinn fastur liður í daglegum störfum lærist hún og verður eins og hver annar hluti af rútinu starfsmanna.

## SLYSASKRÁNINGARBLAÐ ER STAÐFESTING Á ATBURÐI

Sökum þess að líkami barna er stöðugt að taka breytingum þá getur það gerst að barn sem slasaðist nái sér tímabundið en síðar geta farið að koma fram afleiðingar af ýmsum toga. Afleiðingar geta verið mismunandi og barn getur jafnvel hlotið varanlegan skaða. Dæmi: Barn brotnar á olnboga, beinið fer í tvennt og brotið gengur úr skorðum. Þrátt fyrir að lækni takist að gera vel við brotið geta komið fram varanlegir skaðar síðar. Afleiðing getur falist í því að barnið hafi hindraða hreyfigetu í olnboga en slíkt getur haft örorku í för með sér. Þegar þetta verður ljóst eru oft liðin mörg ár frá slysinu og erfitt getur reynst fyrir foreldra eða barn að fá skaðabætur. Af þeim sökum leita foreldrar oft eftir aðstoð lögfræðinga. Lögfræðingar sem fara með slík mál biðja um umsagnir allra sem hlut eiga að máli og er því ekkert óeðlilegt að þeir biðji viðkomandi sundstað um umsögn um slysið. Rekstraraðili getur þá sent afrit af slysaskráningarblaðinu til viðkomandi lögfræðings og á blaðinu eru allar þær upplýsingar sem þarf málinu til staðfestingar. Skráning slysa er einnig mikilvæg fyrir sund- og baðstaði vegna trygginga bæði sundstaðar og gesta.

## HVENÆR Á AÐ SKRÁ SLYS Á SUND- OG BAÐSTÖÐUM?

Slysaskráningarblað ber að fylla út vegna allra slysa þar sem gestur hefur hlotið það mikinn áverka að hann þarfnað meðferðar hjá tannlækní, slysadeild, barnaspítala, heilsugæslustöð eða hjá sérfræðingi. Ekki er þó ástæða að skrá alla áverka. Dæmi: Barn fær litla kúlu á ennið. Kúlan er kæld samkvæmt fyrirmælum um skyndihjálp. Fylgst er með barninu og einkenni höfuðáverka koma ekki fram. Þetta er minni háttar áverki og ekki hætta á afleiðingum og slík slys er ekki nauðsynlegt að skrá.

Ef rekstraraðili óskar eftir því sérstaklega að slys sé skráð, þó það falli ekki undir leiðbeiningar hér að ofan, skal það gert. Það getur til dæmis verið tilvik þar sem eldri borgari hefur hrasað og fengið smá sár á höfuðið og starfsmaður hefur hringt í vin/aðstandanda og óskað eftir því að viðkomandi aðstoði hinn slasaða við að komast á slysadeild/heilsugæslustöð. Við komu vinar/aðstandanda í sundlaugina ákveður hann að fara ekki með hinn slasaða þar sem honum finnst þetta smávægilegt heldur fær lánaðan sjúkrakassa og setur sjálfur umbúðir á sárið. Þetta er mikilvægt að skrá, ef einhverjar aukaverkanir skyldu koma fram síðar,

þar sem meðferðin var í höndum vinar/aðstandanda.

## AÐ HVERJU ÞARF AÐ GÆTA ÞEGAR SKRÁÐ ER

Algeng mistök við skráningu á slysaskráningarblað eru að það gleymist að skrá hver var endanlegur meðferðaraðili og hver áverkagreiningin varð. Slysaskráningarblað, þar sem þessar upplýsingar koma ekki fram, er ekki fullgilt. Þessi skráning vill gleymast þar sem ekki er hægt að skrá þetta inn strax eftir slys heldur verður að bíða eftir að aðstandandi láti vita hver eða hvaða meðferðaraðilar voru og hver var endanleg sjúkdómsgreining. Rekstraraðili verður að setja reglur um frágang þessara blaða og tryggja að þeim reglum sé framfylgt.

## ÞARF HINN SLASAÐI AÐ KVITTA Á SLYSASKRÁNINGARBLAÐIÐ EÐA FÁ AFRIT AF ÞVÍ?

Meginreglan er sú að hinn slasaði þarf ekki að kvitta á slysaskráningarblað en sum sveitarfélög hafa hins vegar sett um það reglur að svo skuli vera og eftir því ber þá að fara. Nauðsynlegt er að hinn slasaði kvitti á slysaskráningarblaðið í þeim tilfellum þar sem starfsmaður hefur metið áverkann þannig að það þurfi að fara með hinn slasaða til læknis en hann ákveður að fara ekki eftir þeim tilmælum. Dæmi: Barn dettur og barnaframtönn losnar. Samkvæmt skyndihjálparleiðbeiningum ber að fara með slík tannslys til tannlæknis strax. Foreldri fer með barnið úr sundlauginni. Næsta dag innir starfsmaður foreldri eftir niðurstöðum skoðunar tannlæknis til þess að geta lokið við að fylla út slysaskráningarblaðið. Fram kemur hjá foreldri að það hafi ákveðið að fara ekki eftir tilmælum starfsmanns um tannlæknisheimsókn. Hér getur komið upp vandamál síðar þannig að starfsmaður lýkur við að fylla út blaðið og biður foreldri að skrá eftirfarandi neöst á blaðið þar sem hægt er að rita frítexta: „Ég undirrituð, móðir barnsins, hef tekið þá ákvörðun að fara ekki eftir tilmælum sundstaðar um tannlæknisheimsókn“. Viðkomandi undirritar þetta með dagsetningu, nafni og kennitölu. Þetta er gert til þess að tryggja að ekki verði hægt að koma síðar og halda því fram að starfsmenn sundlaugarinnar hafi ekki áttað sig á alvarleika áverkans.

EKKI ER GERT RÁÐ FYRIR ÞVÍ AÐ SÁ SEM SLASAST FÁI SJÁLFKRAFA AFRIT AF SLYSASKRÁNINGARBLAÐI NEMA REGLUR SVEITAFÉLAGSINS GERI RÁÐ FYRIR ÞVÍ, EN VIÐOKOMANDI EINSTAKLINGI ER AUÐVITAÐ HEIMILT AÐ SKOÐA BLAÐIÐ OG FÁ AFRIT AF ÞVÍ.

Slysaskráningarblað er trúnaðarmál og má því ekki afrita það né afhenda öðrum en þeim sem hafa heimild til þess að skoða það. Þar er um að ræða aðila eins og heilbrigðiseftirlitið, en það er hluti af ytra eftirliti þess að skoða þessi blöð til að kanna fjölda slysa og ástæður þeirra. Ef aðrir biðja um blaðið, þarf leyfi frá þeim sem upplýsingarnar falla um og tilgangur beiðnarinnar þarf að vera skýr.

## HVAÐ ER GERT VIÐ SLYSASKRÁNINGARBLÖÐIN?

Rekstraraðili sér til þess að slysaskráningarblöð séu varðveitt í sjö ár. Eftir þann tíma fara þau í varðveislu í skjalasafn sveitarfélagsins. [Sjá nánar lög um þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985.](#)

## 5.2 LÖGREGLUSKÝRSLA VEGNA SLYSS

Mikilvægt er að láta gera löggregluskyrslu ef alvarlegt slys verður á sund- og baðstað eða ef slys verður sem veldur barni áverka sem getur tekið sig upp síðar á ævi þess. Löggregluskyrsla greiðir einnig fyrir afgreiðslu hjá tryggingarfélögum bæði sund- og baðstaðarins og gestsins sem gæti þurft að leita til síns tryggingarfélags vegna slyssins.

Í þeim tilfellum sem hringt er á sjúkrabíl kemur löggregla oftast með og hún biður um ýmsar upplýsingar tengdar slysinu. Það er ekki löggregluskyrsla heldur er skýrsla vegna útkalls sjúkrabíls.

Það er einungis í mjög alvarlegum tilfellum s.s. við dauðaslys eða dauða vegna bráðaveikinda eða vegna alvarlegra líkamstjóna að löggreglan fer sjálfkrafa í að rannsaka slys. Sama gildir ef starfsmaður slasast alvarlega, þá er ekki ólíklegt að löggreglan geri rannsókn á því slysi og kalli til Vinnueftirlitið.

Til þess að fá gerða löggregluskyrslu þarf að hringja í löggregluna og óska eftir því að gerð verði skýrsla vegna slyss á sundlaugargesti. Hægt er að hringja í 112 eða hringja [beint í viðkomandi lögreglustöð.](#)

Til þess að hægt sé að meta hvenær á að gera löggregluskyrslu þarf fyrst að bíða eftir að læknisskoðun hafi farið fram. Mikilvægt er að sundlaugargestir láti alltaf vita hver niðurstaða af læknisskoðun er. Dæmi:

Barn fer með móður sinni á heilsugæslustöð vegna áverka á úlnlið. Í ljós kemur að barnið er brotið á úlnliðnum.

Það þarf að gera lögregluskýrslu við öll beinbrot. Hefði barnið aðeins tognað þá væri það óþarfí.

Munið að láta sundlaugargest vita ef lögregluskýrsla hefur verið gerð því lögreglan hefur alltaf samband við hinn slasaða eða forráðmenn hans. Ella getur viðkomandi brugðið og hann haldið að ekki sé allt með felldu í lauginni af því að lögreglan er komin í málið. Skýrslan er varðveitt hjá lögreglu.

- Rekstraraðili/forstöðumaður getur óskað eftir afriti af lögregluskýrslu ef þörf krefur.
- Listi yfir slys á gestum sem gera þarf lögregluskýrslu fyrir:
  - » Öll alvarleg slys, t.d. áverkar á innri líffærum, drukknun, umferðaslys.
  - » Höfuðhögg, greining: heilahristingur, bort, blæðing, bjúgur eða annað alvarlegt.
  - » Brunaslys, ef meira en 8-10% af líkamanum eru brennd og sár eru djúp.
  - » Öll beinbrot, sama hversu lítil þau virðast vera.
  - » Tannáverkar, alla áverka á tönnum þar sem spurning er um hvort fullorðinstennur gætu hafa skaddast.
  - » Augnáverkar, allir alvarlegir augnáverkar, t.d. skert sjón.
  - » Klemmuáverkar, t.d. ef fingur fer af eða hangir á húðpjötlu.

Helstu vandamál sund- og baðstaða hafa verið þau að gestir láta starfsfólk oft ekki vita af slysi jafnvel þótt um mjög alvarleg tilfelli sé að ræða.

### 5.3 ÖRYGGISBÚNAÐUR OG FRÁGANGUR HANS EFTIR SLYS

Eftir notkun á öryggisbúnaði þarf starfsmaður að fara yfir hann samkvæmt lista yfir öryggisbúnað á sund- og baðstöðum (kafla 4.2). Ef einhvern búnað vantar þarf að bæta tafarlaust úr því.

Mikilvægt er að forstöðumaður feli ákveðnum starfsmanni að sjá um að sjúkrabúnaður sé í lagi á öllum tínum og að hann sé ávallt á vísum stað. Einnig að í honum sé allur sá búnaður sem fram kemur á lista yfir sjúkrabúnað. Reglulega þarf að fara yfir hvort dauðhreinsaður búnaður sé útrunninn. Útrunnum búnaði þarf að skipta út fyrir nýjan.

Það hefur löngumtíðkast að í sjúkrakassa safnist alls konar krem og aðrir hlutir ætlaðir til meðferðar á sárum eða öðrum áverkum en ekki til skyndihjálpar. Þetta er ekki æskilegt og getur beinlínis verið varasamt þar sem of mikill búnaður í sjúkrakassa getur tafið starfsmann við að finna það sem hann er að leita að.

Öllum öryggisbúnaði sem talinn er upp í kafla 4.2 skal fylgja leiðbeiningar framleiðanda/sóluaðila um rétta notkun. Einnig skulu fylgja leiðbeiningar um reglubundið eftirlit með búnaðinum og hvernig hann skuli þrifinn. Allar leiðbeiningar skulu vera á íslensku. Upplýsingarnar skal varðveita í neyðarstöð.

### 5.4 ATHUGUN Á SLYSI

Eitt af því mikilvægasta sem gera þarf í kjölfar slyss er að fara vel yfir hvað gerðist og kanna hvort eitthvað hefði verið hægt að gera til þess að fyrirbyggja það. Þetta verður að gera með opnum huga. Með opnum huga er átt við að fara vel yfir alla vinnuferla, búnað og umhverfi. Það er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að sams konar slys endurtaki sig og að hægt sé að læra af reynslunni. Þetta þarf að gera við fyrsta tækifæri þegar allar upplýsingar liggja fyrir. Mikilvægt er að starfsmenn fari ekki í skotgrafirnar eins og það er stundum kallað, þegar rekja má slysið til þess að starfsmaður/menn hafi ekki farið eftir skriflegum leiðbeiningum. Áður en farið er í þessa skoðun er mikilvægt að ganga úr skugga um að engir starfsmenn sem hlut eiga að máli eigi um sárt að binda. Ef einhverjum starfsmönnum líður illa er mikilvægt að þeir hafi fengið viðhlítandi áfallahjálp.

Það er einnig æskilegt að hafa það í huga að þegar „næstum því slys“ hefur orðið að þá þarf að fara yfir hvað gerðist, því ekki viljum við bíða eftir því að það sama endurtaki sig og að næsti sem lendi í svipuðum aðstæðum meiðist og sleppi ekki jafn vel og sá síðasti sem slapp með skrekkin.

DÆMI    *Eldri maður brasar sökum þess að endinn á hálkumottunni er slitinn. Hann fellur í gólfíð. Starfsmaður kemur honum til aðstoðar en engin meiðsli urðu. Þarna er „næstum því slys,“ viðkomandi féll en hlaut ekki áverka. Þarna þarf að skrá atburðinn og tilkynna atvikið til forstöðumanns. Skipta þarf mottunni út strax, ekki biða eftir að einhver annar detti og kunni að brotna. Æskilegt er að forstöðumaður tali við starfsfólkidum þetta atvik til þess að undirstríka mikilvægi þess að það hafi augun opin fyrir slysagildrum og hættum og að þær séu lagaðar strax.*

Til þess að athugun á slysi sé gerð sem best úr garði þarf að skoða það út frá ákveðnum forsendum. Þessu til frekari skýringar er tekið fyrir dæmi um slys:

Sundlaugargestur finnur tveggja ára dreng fljótandi á grúfu í grunnu lauginni. Gesturinn gerir starfsmanni viðvart. Starfsmaður kemur á vettvang og við nánari skoðun á drengnum kemur í ljós að hann er kominn í hjarta- og öndunarstopp. Starfsmaður bregst strax við, virkjar neyðaráætlun og hefur skyndihjálp. Drengurinn byrjar að anda og við nánari athugun finnst sterkur púls. Skömmu síðar kemur sjúkrabíll á staðinn og drengurinn er fluttur á slysadeild. Við skoðun kemur í ljós að hann slapp óskaddaður.

Við athugun á svona alvarlegum atburði gleymist oft að skoða hvað fór úrskeiðis, hvernig komst barnið í þessar kringumstæður? Þarna munaði litlu að barnið drukknaði. Þó að starfsmönnum finnist erfitt að skoða þetta er það samt mikilvægasti hlutinn af athuguninni til þess að hægt sé að koma í veg fyrir að slíkt endurtaki sig. Oftast nær fer öll athyglan í björgunina, menn gleyma oft hver var orsókin en einbeita sér að afleiðingu. Athugun á viðbrögðum starfsmanna er einnig mikilvæg og sérlega mikilvægt er að það sem ekki gekk eins vel og ætlast var til í neyðaráætlun eða björgun sé skoðað vandlega. Góðar öryggismydavélar með upptökuvélum eru nauðsynlegar og geta hjálpað mikið til við að komast að því hvað gerðist.

## 5.5 Í FRAMHALDI AF SLYSI - SKOÐUN Á ATBURÐINUM

DÆMI UM SLYS 12 ára stúlka rennir sér á maganum niður vatnsrennibraut. Þegar hún er komin alla leið niður rekst hún á stálpaðan dreng sem situr neðst í brautinni og hrópar upp yfir sig af sársauka. Sundlaugarvörður kemur henni til aðstoðar og hún kvartar um verk í hálsi og segist hafa einkennilega tilfinningu í fingurgómum. Sundlaugarvörður telur að hún gæti mögulega verið hálsbrotin, fylgir leiðbeiningum um skyndihjálp vegna mögulegs hálsbrots og bringir í 112. Við skoðun á slysadeild kemur í ljós að stúlkan hefur brákað tvo hálsliði en sloppið við manuskáða.

### SKOÐUN Á ATBURÐI

Til þess að auðvelda starfsmönnum sund- og baðstaða að skoða nákvæmlega hvað gerðist er gott að hafa góðar öryggismydavélar með upptökuvél. Myndavélar sem eru rétt stilltar og hafðar á öllum svæðum þar sem viss hætta er á að einhver geti slasað sig alvarlega, s.s. í og við vatnsrennibrautir, eru nauðsynlegar.

Í alvarlegri slysum þar sem mál geta farið fyrir dómstóla er nauðsynlegt að upptökur séu til því þær geta sýnt nákvæmlega hvað gerðist.

#### Það sem þarf að skoða er eftirfarandi:

- Drengurinn sem sat neðst í rennibrautinni - var hann viljandi þar, hvað sýna ummerkin?
- Stúlkan sem slasaðist - renndi hún sér of snemma? Virti hún ekki rauða ljósið efst í rennibrautinni?

Ef skoðun leiðir í ljós að drengurinn var að hangsa þarna og/eða telpan renndi sér þrátt fyrir að það væri rautt ljós er nauðsynlegt að byrja á því að skoða búnaðinn. Getur verið að ljósin séu stillt þannig að of líttími sé gefinn? Þetta hefur gerst í laugum með alvarlegum afleiðingum.

Starfsmenn sundstaða eiga aldrei að fórnar öryggi gesta þótt þeir kvarti undan því að ljósin séu hæg og það myndist biðraðir. Vatnsrennibrautir eru hættulegar ef þær eru ekki notaðar rétt, þótt þær uppfylli allar kröfur um öryggi. Starfsmenn mega aldrei taka ákvarðanir sem eru á kostnað öryggis gesta.

Ef ljósin voru rétt stillt er þetta spurning um aga beggja og mikilvægt er að tekið sé á því. Drengurinn eða forrádmenn hans þurfa að vita af slysinu. Þar sem slysið var það alvarlegt að kalla þurfti til lögreglu í

kjölfarið og hún gerði rannsókn mun lögreglan þurfa að tala við drenginn. Því þarf að gæta þess að hann laumi sér ekki í burtu heldur sé hann spurður um nafn, kennitölu og aðrar upplýsingar. Lögregla mun þurfa að ræða við hann þar sem hann er vitni.

Kanna þarf hvort sambærilegt slys hafi orðið áður. Því er öll skráning á slysum og utanumhald varðandi skráningu nauðsynlegt. Ekki er faglegt að reiða sig á minni starfsmanna. Ef það kemur í ljós að sambærilegt slys hafi orðið áður þá þarf að skoða málið í heild sinni.

## HVAÐ GERUM VIÐ NÚ?

Aðvörunarskilti er við rennibrautina sem bendir nákvæmlega á hvernig gestir eiga að haga sér í henni. Ekki þarf því að bæta það en ef þann lið vantar að ekki megi stoppa neðst í rennibraut er nauðsynlegt að bæta því við. Ef merking um þetta er til staðar þarf að fara yfir gæsluna. Gæslan getur verið þannig að það reynist erfitt fyrir sundlaugarvörð að fylgjast með brautinni þar sem að hann þarf að hafa stöðugt eftirlit með lauginni. Í þessu tilfelli er mikilvægt að bæta búnaðinn. Hægt væri að koma fyrir skynjara neðst sem væri tengdur í ljósin uppi og ekki kæmi grænt ljós fyrr en enginn væri lengur í rennibrautinni. Þetta leysir þó í raun bara hluta vandans því það gæti ekki stoppað stúlkuna frá því að renna sér þó ljósið væri rautt. Til þess að leysa þann vanda væri hægt að koma fyrir hliði uppi sem ekki opnaðist fyrr en ljósið væri orðið grænt.

Þessar leiðbeiningar hér að ofan eru til þess að undirstríka það að rekstraraðili og starfsmenn sundstaða verða alltaf að skoða hvað fór úrskeiðis þegar alvarleg slys verða eða þegar litlu hefur munað að slys yrði. Hvað hefði verið hægt að gera betur til að koma hefði mátt í veg fyrir atburðinn. Þegar þetta er lesið hugsar lesandinn að þetta sé nú út í hött en svo er ekki. Áhættumat er lögboðið og til að framfylgja því þarf að skoða hvað gerðist og hvað er hægt að gera til þess að sami eða svipaður atburður endurtaki sig ekki. Áhættumatið er góð leið til að horfa á staðreyndir með það fyrir augum að auka öryggi gesta og koma í veg fyrir að slys endurtaki sig.

Slys eru ekki tilviljun og það er hægt að fyrirbyggja 98% allra slysa.

## Slysavarnir skiptast í þrjá þætti.

- **FYRIR SLYSIÐ** – vatnsrennibraut er örugg, hún hefur verið tekin út. Hegðun gesta var ekki í lagi og ekki var hægt að fylgjast með hegðun sökum manneklu – hefði betri búnaður komið í veg fyrir atvikið?
- **SLYSIÐ** – það var alvarlegt, bein í hálslið færðist til og litlu munaði að stúlkan lamaðist. Ef það hefði færst til nokkra mm til viðbótar væri stúlkan lömuð.
- **EFTIR SLYSIÐ** – kunnáttu starfsmanns í skyndihjálp var fyrsta flokks og hann brást rétt við sem varð til þess að ekki fór illa.

## 5.6 HVERT BER AÐ TILKYNNNA SLYS OG HVAÐ BER AÐ TILKYNNNA?

Mikilvægt er að ákveðin slys sem verða á gestum á sund- og baðstöðum séu tilkynnt til þeirra aðila er málið varðar. Þau slys sem þarf að tilkynna eru skilgreind í kafla 5.2. Þetta er til þess að tryggja að rekstraraðilar, sem jafnframt bera ábyrgð á því að öryggi gesta sé tryggt, hafi yfirlit yfir öll meiri háttar slys og geti tekið þátt í að gera viðeigandi ráðstafanir. Lögregla, tryggingafélg og þeir aðilar sem hafa eftirlit með húsnæði, lóðum og búnaði á sund- og baðstöðum falla undir tilkynningaskyldu.

## TILKYNNING TIL REKSTRARAÐILA

Ef slys hefur verið þess eðlis að gera hefur þurft löggregluskýrslu er mikilvægt að rekstraraðila sé tilkynnt um það. Auðveldast er að gera það með því að senda honum afrit af slysaskráningarblaði sundstaðarins. Athugið að slíkar upplýsingar eru trúnaðarmál. Í alvarlegri slysum er ekki ólíklegt að leitað sé til rekstraraðila eftir upplýsingum og því er nauðsynlegt að hann viti af slysinu. Ef dauðaslys verður er ekki ólíklegt að gerð verði ítarleg löggreglunansókn og því er mikilvægt að rekstraraðili sé vel inni í málum.

Rekstraraðili er ábyrgur fyrir fjármálum. Því er mikilvægt fyrir hann að hafa þessar upplýsingar, t.d. þegar

hann undirbýr fjárhagsáætlun. Þetta gæti einnig að hjálpað til við forgangsröðun viðhalds.

## AÐILAR Á VEGUM REKSTARADILA SEM HAFA EFTIRLIT MEÐ SUNDLAUGABYGGINGUM OG BÚNAÐI

Ef rekja má slysið til þess að einhverju var ábótavant á staðnum, s.s. brotin flís í sturtu, skal senda tafarlaust tilkynningu um slysið á sérstöku eyðublaði ásamt ósk um að úr verði bætt hið fyrsta. Ábyrgð aðilans sem sér um þessi mál er mikil og ber honum í samstarfi við forstöðumann að gera tafarlausar varanlegar úrbætur. Ef því verður ekki við komið er mikilvægt að gerðar séu fullnægjandi bráðabirgðaráðstafanir í samvinnu við forstöðumann.

### HEILBRIGÐISEFTIRLIT

Heilbrigðiseftirlit viðkomandi heilbrigðiseftirlitssvæðis veitir sund- og baðstöðum starfsleyfi í umboði heilbrigðisnefnda að uppfylltum ákveðnum skilyrðum er snúa að hollstu og öryggi gesta. [Starfsleyfisskilyrðin](#) taka m.a. til öryggis, slysavarna, húsnæðis, sundlaugar, setlaugar o.fl. búnaðar, lóðar, leikvallatækja, skráningar slysa, og reglubundins innra eftirlits.

Starfsfólk heilbrigðiseftirlits viðkomandi svæðis gerir árlega athugun á að kröfum um öryggi sé fullnægt og að reglubundið innra eftirlit hafi farið fram.

Ef rekja má slys til vanbúnaðar/bilunar á húsnæði, sundlaug, lóð eða öðrum þáttum sem nefndir eru í starfsleyfisskilýrðum sund- og baðstaða skal tilkynna viðkomandi heilbrigðiseftirliti um slys með því að senda þangað afrit af slysaskráningarblaði. Mikilvægt er að þetta sé gert við fyrsta tækifæri.

### VINNUEFTIRLIT

Vinnueftirlitið hefur eftirlit með öryggi á vinnustöðum, og þá er átt við öryggi starfsmanna. Vinnueftirlitið hefur einnig eftirlit með vatnsrennibrautum, öldulaugum og laugum með rafknúnum og breytanlegum botni og veggjum. Sömuleiðis með niðurföllum og öðrum búnaði sem snýr að kerfum vatns í lauginni.

Ef rekja má slysið til vanbúnaðar/bilunar á áður nefndum þáttum sem fram koma í upptalningunni hér að ofan skal tilkynna viðkomandi fulltrúa vinnueftirlits um slysið með því að senda honum afrit af slysaskráningarblaði. Mikilvægt er að þetta sé gert við fyrsta tækifæri

### TILKYNNINGAR TIL TRYGGINGAFÉLAGA

Mikilvægt er að forstöðumaður hafi upplýsingar um það hjá hverjum sund- og baðstaður er tryggður ásamt yfirliti yfir þær tryggingar sem samningar liggja fyrir um. Sérstaklega er það mikilvægt þegar kemur að slysatryggingum gesta. Þegar slys á gesti er þess eðlis að gera þarf löggregluskyrslu (sjá nánar á undan), þarf að tilkynna slysið til viðkomandi tryggingafélags. Þetta eru þau tilfelli þar sem eftirmáli getur orðið af slysinu. Nauðsynlegt að þetta sé tilkynnt til þess að réttindi gestsins séu tryggð síðar.

Mikilvægt er að forstöðumaður kynni sér hvernig honum beri að tilkynna slys til viðkomandi tryggingafélags og fari eftir reglum þess.

### TILKYNNINGAR TIL LÖGREGLU

Sjá nánar í kafla 5.2.

# Öryggisferlar

## 6.1 SKIPULÖGÐ ÖRYGGISFRÆÐSLA FYRIR NÝJA STARFSMENN

Öryggi gesta á sund- og baðstöðum er forgangsmál. Því er mikilvægt að allir nýir starfsmenn fái þjálfun í öryggismálum á fyrsta starfsdegi og að því sé fylgt eftir að þeir öðlist grundvallarfærni í öryggismálum

Hægt er að útbúa gátlista um móttöku nýrra starfsmanna til að auðvelda forstöðumanni að framkvæma öryggisfræðslu á einfaldan hátt og fylgja henni eftir.

1. Gátlistinn "Móttaka nýrra starfsmanna" (sjá nánar Fylgiskjöl):
2. Undirbúningur stjórnamaðra fyrir fræðslu nýs starfsmanns í öryggismálum.
3. Hvaða fræðslu í öryggismálum þarf að inna af hendi á fyrstu dögum aðlögunar?
4. Hvaða atriði þarf starfsmaður að kunna fumlaust innan þriggja mánaða?
5. Námskeið í skyndihjálp og björgun og hæfnispróf. Gerð er stutt könnun á að starfsmaður hafi öðlast kunnáttu og færni í öryggismálum á sund og baðstöðum og að hann kunni að nýta þau atriði sem hann lærði á námskeiðinu.
6. Árleg yfirferð allra starfsmanna þar sem kannað er að hver og einn starfsmaður kunni undirstöðuat-riði í öryggismálum og að heildarviðbrögð starfsmanna við slysum séu rétt.

## 6.2 ÖRYGGISFERLAR OG NEYÐARÁÆTLANIR

### TILGANGUR ÖRYGGISFERLA

Skriflegir og virkir öryggisferlar þurfa að vera fyrir hendi á öllum sund- og baðstöðum. Allir starfsmenn þurfa að kunna þá, hafa auðveldan aðgang að skriflegum upplýsingum um þá og æfa reglulega. Öryggisferlar þurfa að hanga uppi á áberandi stöðum, t.d. við síma (neyðarstöð) og þar sem sjúkrabúnaður er geymdur. Mikilvægt er að slíkt svæði sé tilgreint sem neyðarstöð. Kynna þarf neyðaráætlun fyrir nýum starfsmönnum og afleysingarstarfsmönnum strax á fyrsta starfsdegi.

### HLUTVERK OG ÁBYRGÐ

Skilgreina skal ábyrgð starfsmanna í starfslýsingu en skilgreina þarf hlutverk þeirra í neyðaráætlun. Allir starfsmenn þurfa að vita hvert hlutverk þeirra er og ef upp kemur neyðarástand þurfa þeir að kunna að bregðast við fumlaust. Stjórnendur öryggismála á vinnustað þurfa að tryggja eigið öryggi, öryggi starfsfólks og tryggja að unnið sé eftir áætlun.

### TEGUNDIR NEYÐARÁÆTLANA

Gera þarf ólíkar tegundir neyðaráætlana sem taka mið af slysum/bráðaveikindum, vá, klórslysum, eldsvoða og viðbrögð við náttúrvá.

## 6.3 KLÓRSLYS

Á sund- og baðstöðum skal vera skrifleg viðbragðsáætlun fyrir klórslys og starfsmönnum kynnt hún. Einnig skulu starfsmenn æfa viðbrögð árlega. [Sjá nánar leiðbeiningar Vinnueftirlitsins um klórgeymslur](#) í sundlaugum, t.d. um viðbrögð við klórslysum.

# Öryggi sundgesta

## 7.1 GESTIR MED SÉRÞARFIR

### ÓÆSKILEG HEGÐUN SUNDLAUGARGESTA

Ef um ósiðlega eða óæskilega hegðun af hálfu sundlaugargesta er að ræða, hvort heldur sem hún er af kynferðislegum toga eða veldur gestum óþægindum á annan hátt, er mikilvægt að viðkomandi aðila/aðilum sé vísað úr laug. Mikilvægt er að geyma upptökur úr öryggismyndavélum af slíkum uppákomum. Ef um gróft hárteini er að ræða sem getur skapað hættu fyrir aðra gesti er æskilegt að kalla til lögreglu.

Einstaklingum undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna er ekki heimill aðgangur að sund- og baðstöðum. Ef upp kemur að gestur/gestir eru undir áhrifum áfengis eða vímuefna skal þeim tafarlaust vísað úr laug. Æskilegt er að skrá atvikið í dagbók.

### OFBELDI/EINELTI

Sundlaugar eru gjarnan vettvangur fyrir ýmis konar ofbeldi. Þar má nefna sérstaklega einelti og kynferðislegt ofbeldi. Starfsmenn sundstaða þurfa að vera á varðbergi gagnvart slíku.

Líklegt er að börn og ungligar geti orðið fyrir einelti á sund- og baðstöðum þar sem þau þurfa að fækka fötum og fara í sturtu. Þá getur myndast tækifæri til að ráðast að einhverjum sökum útlits hans. Mikilvægt er að starfsmenn stöðvi slíkt. Ef um nemendur í sundkennslu er að ræða er mikilvægt að sundkennarinn sé látinna vita þannig að hægt sé að taka á vandanum í viðkomandi skóla. Ef um er að ræða sundlaugargesti ber að vara þá munnlega við. Ef ástandið batnar ekki er mikilvægt að skrá nöfn einstaklinga og kennitölur þeirra í dagbók, undir atvik. Starfsmönnum sund- og baðstaða ber að tilkynna slíkt til barnaverndarnefndar í viðkomandi sveitarfélagi.

Í tilfellum þar sem börn og ungligar eru að beita hvort annað líkamlegu ofbeldi, s.s. kaffæra einhvern eða henda einhverjum út í laugina er mikilvægt að stoppa leikinn strax því annars getur atvikið leitt til áverka á viðkomandi. Taka þarf strax á því vandamáli, ræða við þá sem eru að beita ofbeldi og vara þá við munnlega. Ef ástandið heldur áfram þarf að vísa þeim úr lauginni. Mikilvægt er að skrá nöfn og kennitölur þeirra sem eiga hlut að máli í dagbók. Komi sú staða upp að leikurinn endurtaki sig er mikilvægt að tilkynna atvikið til lögreglu. Ef slys verða á gestum sökum líkamlegs ofbeldis er mikilvægt að kalla til lögreglu strax.

#### Hægt er að finna fróðlegt lesefni um ofbeldi á heimasíðu RKÍ.

Sundlaugar eru oft vettvangur fyrir kynferðislegt ofbeldi. Sérstaklega eru það börn og ungligar sem verða fyrir slíku. Þau eru þó ekki einu fórnarlömbin, þar sem konur og karlar geta einnig orðið fyrir slíku áreiti. Starfsmenn sund- og baðstaða þurfa að vera sérstaklega á varðbergi gagnvart kynferðislegu ofbeldi.

Karlmenn eru oftast gerendur en konur beita einnig kynferðislegu ofbeldi þó sjaldnar sé talað um það. Í tilfellum þar sem starfsmaður verður vitni að eða fær vitneskju um slíkt og einstaklingurinn er undir 18 ára er mikilvægt að haft sé samband við foreldra hans og þeim sagt frá málinu. Mikilvægt er að tilkynna málið til lögreglu.

#### Hægt er að finna fróðlegt lesefni um kynferðislegt ofbeldi á heimasíðu Umboðsmanns barna.

Í tilfellum þar sem ofbeldi hefur átt sér stað er mikilvægt að fara vel yfir allar upptökur úr öryggismynda-vélum og geyma þær. Í tilfellum þar sem kalla þarf til lögreglu er ekki ólíklegt að lögreglan sem fer með rannsókn málsins óski eftir upptökum sem hluta af sönnunargögnum í málinu.

## 7.2 DÝFINGAR

Mikilvægt er að merkja vel staði þar sem dýfingar eru ekki heimilar, jafnvel þar sem dýfingar eru heimilar. Þar þarf einnig að koma fram hvert dýpið er. Skýrar öryggisleiðbeiningar um dýfingar þurfa að vera sýni-

legar gestum. Æskilegt er að setja grænan litarborða á bakka þar sem dýfingar eru leyfðar. Ekki skal leyfa dýfingar í laug sem er grynnri en 1.5 metrar.

#### **Mikilvægt er að banna eftirfarandi tegundir dýfinga**

- Tilhlaups dýfingar.
- Dýfingar aftur á bak.
- Dýfingar þar sem viðkomandi stingur sér án þess að bera fyrir sig handleggi.
- Kollhnís dýfingar.
- „Bomban“, þegar einstaklingur dregur undir sig fætur og heldur höndum utan um þær.
- Allar dýfingar þar sem sá sem dýfir sér reynir að hrella gesti á sundi.
- Leiðbeiningar um þessi atriði þurfa að vera sýnilegar og skiljanlegar öllum gestum.

### **7.3 ÖRYGGI BARNA**

Börnum er hættara við drukknun heldur en öðrum hópum. Börn fæðast með sterkt viðbrögð í koki sem gerir það að verkum að þeim þarf einungis að svegljast illa á til þess að það lokist kröftuglega fyrir öndunarveg þeirra. Þetta ástand getur leitt til þess að barnið fari í öndunarstopp (hætti að anda). Einkenni eru þau að barnið fer að hósta og hóstar kröftuglega en nær ekki að opna öndunarvegin. Ef barnið fær ekki aðstoð mun það einnig fara í hjartastopp (deyja). Þetta er kölluð þurrdrukknun og börn sem þurrdrukkna sökkva ekki niður á botn heldur fljóta á vatnsfirborðinu. Því miður er þekking á drukknunum af þessu tagi oft takmörkuð og því finnast börn sem drukkna á þennan hátt oft of seint til að endurlifgun skili árangri. Þessi hætta er mest hjá börnum undir 4 ára aldri en er nánast horfin við 10 ára aldur. Það tekur barn um eina og hálfa mínútu að drukkna á þennan hátt. Ekkert vatn er í lungum né maga þegar börn þurrdrukkna.

Blautdrukknun er mun algengari en þurrdrukknun og öllum einstaklingum er hætt við blautdrukknun. Einkenni blautdrukknunar eru að viðkomandi kemst í hættu einhverra hluta vegna og á erfitt með að gera öðrum viðvart í kringum sig vegna þrekleyisis. Hann marar í kafi og kemur upp úr en getur ekki kallað á hjálp. Smám saman versnar ástand hans og hann fer að súpa vatn og á endanum fer vatn að renna niður í lungu. Slík drukknun tekur frá 5-9 mínútur. Á endanum sekkur einstaklingurinn til botns og þar finnst hann svo að lokum. Mikilvægt er að bregðast við fyrstu einkennum til þess að kanna hvort viðkomandi sé að drukkna. Talsvert magn af vatni finnst í maga og lungum fólks sem drukknar á þennan hátt. Athuga ber einnig að þótt mannesku sé bjargað frá drukknun í laug getur sundlaugavatn sem fer niður í lungu haft slæm áhrif þar eð klór getur haft slæm áhrif á lungu.

Til þess að tryggja öryggi barna á sund- og baðstöðum er einstaklingum eldri en 15 ára einungis heimilt að hafa með sér tvö börn yngri en 10 ára nema um sé að ræða foreldri eða þann sem fer með forsjá barnanna lögum samkvæmt.

Mikilvægt er að tekið sé fast á sinnuleysi foreldra. Dæmi: Sex ára barn er í grunnu lauginni með armkúta en foreldrar eru í setlaug. Laugarverði ber að hafa afskipti af slíku. Mikilvægt er að allar reglur séu sýnilegar og aðgengilegar foreldrum. Ef foreldrar hafa ekki tekið eftir þeim og bregðast illa við er mikilvægt að fara með þeim að skiltunum eða að taka fram skriflegar reglur. Í öllum viðskiptum við foreldra vegna afskipta af börnum er mikilvægt að allt fari fram á yfirvegaðan og kurteislegan hátt og að það komi fram að ástæða fyrir afskiptunum sé fyrst og fremst sú að tryggja öryggi barnsins.

Mikilvægt er að undirstrika með sýnilegum leiðbeiningum um að börn sem ekki eru synd noti öryggisbúnað.

### **7.4 FLOTBÚNAÐUR**

Mikilvægt er að ósynd börn noti armkúta. Armkútar þurfa að henta þyngd barnsins til að geta haldið því á floti. Armkútar virka þannig í vatni að höfuð og herðar barns eru upp úr vatninu. Barnið getur lagst á

magann að einhverju leyti en þessi búnaður hæfir samt ekki í sundkennslu.

Mikilvægt er að þessi búnaður sé aðgengilegur gestum. Þær kröfur um öryggi sem gerðar eru til armkúta eru að tvískipt lofthólf sé í kútnum, þannig að ef gat kemur á annað lofthólfið þá haldist barnið samt á floti. Þó barn opni tappann sem heldur loftinu í, á loftið samt ekki að fara úr því beita þarf sérstöku lagi við það að ná loftinu úr kútnum. Þetta er gert til þess að koma í veg fyrir að loftið tæmist úr hólfum kútsins þó börn fiki í tappanum.

Merkja þarf skýrt á geymslustað fyrir hvaða þyngdarflokk búnaðurinn er ætlaður og einnig þarf að taka fram skýrum stöfum að börn skuli vera undir stöðugu eftirliti foreldra þrátt fyrir það að þau séu með þennan búnað. Drukknanir hafa orðið hér á landi þegar börn tóku af sér búnaðinn og voru ekki undir eftirliti foreldra. Framleiðandi/söluaðili skal láta lauginni í té allar upplýsingar um rétta notkun á búnaði, fyrir hvaða þyngd hann er framleiddur og aðvaranir gagnvart hættum sem geta stafað af rangri notkun hans.

Sundjakkar eru búnaður sem ætlaður er til sundkennslu. Þetta er jakki eða eins konar vesti sem barnið íklæðist, vestinu er lokað með borðum eða rennilás. Borði er settur á milli fóta og festur við jakkann að neðan. Jakkarnir virka þannig að barnið leggst sjálfkrafa á magann. Það þarf að setja upp skýrar leiðbeiningar fyrir foreldra um þetta því þeir þurfa að vera á varðbergi. Barn sem er vant að nota armkúta og fer yfir í að nota sundjakka getur lent í hættu því það á ekki von á að það leggist beint á magann eða bakið í jakkanum. Mikilvægt er að setja fram leiðbeiningar um að þjálfa þurfi börn upp í að nota búnaðinn í stuttan tíma í einu þangað til þau eru orðin vön honum og hafa lært að halda höfðinu upp úr vatninu.

Sundjakkar eru framleiddir fyrir mismunandi þyngdarflokk barna. Það er því mikilvægt að þeir séu merktir þannig að foreldrar taki réttan búnað fyrir börn sín. Starfsmenn sundstaða þurfa að fara yfir búnaðinn daglega og taka úr notkun ónýtan búnað. Einnig skulu vera skýrar merkingar um að barn sem notar sundjakka þurfi að vera undir ströngu eftirliti foreldra.

Framleiðandi/söluaðili skal láta lauginni í té allar upplýsingar um rétta notkun á búnaði og einnig aðvaranir varðandi hættur við ranga notkun hans og fyrir hvaða þyngd hann er framleiddur.

Hringlaga kútar eru leikföng og því ekki öryggisbúnaður fyrir börn né búnaður ætlaður til sundkennslu. Margir halda að þetta sé öryggisbúnaður en setja þarf skýrt bann við notkun slíks búnaðar á sund- og baðstöðum þar sem rekja má nokkrar drukknanir til notkunar á slíkum búnaði.

## KÚTAR, KORKAR OG ANNAR BÚNAÐUR ÆTLAÐUR TIL SUNDKENNSLU

Rekstraraðili verður að hafa skriflegar leiðbeiningar um slíkan búnað aðgengilegar fyrir sundkennara. Fara skal yfir rétta notkun búnaðarins árlega með sundkennurum sem hluta af þeirra öryggisþálfun. Einnig skal farið yfir þær hættur sem viðvaranir framleiðenda/söluaðila segja til um. Reglulega skal farið yfir búnaðinn og fjarlægja skal ónýtan og skemmdan búnað.

Framleiðandi/söluaðili skal láta lauginni í té allar upplýsingar um rétta notkun á búnaði og einnig aðvaranir við hættur á rangri notkun hans og fyrir hvaða þyngd hann er framleiddur.

## 7.5 ÖRYGGI ELDRIBORGARA

Með árunum eiga sér stað ýmsar breytingar í líkamanum sem hafa áhrif á sjón, heyrn, viðbrögð og ýmsa aðra hæfni. Eldra fólk er því í ákveðnum áhættuhóp. Með aldrinum aukast einnig líkur á ýmsum sjúkdómum sem hraðað geta þessum breytingum eða haft áhrif á getu einstaklingsins.

Það er mikilvægt að átta sig á því að eldra fólk eða fólk sem notar gleraugu hefur ekki fulla sjón. Það er því mikilvægt að allar gönguleiðir séu hindrunarlausar og að allar mikilvægar merkingar séu það stórar og skýrar að allir geti séð þær. Reglur um hegðun og umgengni þurfa að vera við innkomu á sundstað þar sem fólk er ekki búið að taka gleraugun niður.

Eldra fólk er líklegra til að heyra ver en aðrir og margir nota heyrnatæki. Þegar viðkomandi hefur tekið tækið úr sér heyrir hann mjög takmarkað þannig að margs konar samskipti og viðvaranir gætu farið fyrir ofan garð og neðan hjá heyrnarskertu fólk.

Gæta þarf vel að hálku, ekki síst þar sem eldra fólk er, bæði vegna þess að það sér ekki alltaf bleytuna eða getur átt erfitt með gang sem eykur líkurnar á fallslysum. Gera þarf ráðstafanir til að fjarlægja hálku og

merkja hættuleg svæði skýrt.

Áhrif hita á eldra fólk eru oft alvarleg. Hér er átt við að eldri einstaklingur sem fer í gufubað eða í setlaug og situr þar lengi getur fengið yfir höfuðið og misst meðvitund. Oft er um að ræða ástand þar sem viðkomandi rankar við sér og er þá með mjög hægan púls. Þetta ástand getur verið lífshættulegt. Æðakerfi fólks verður stíflara með árunum og er lengur að aðlaga sig að hita og kulda. Ef viðkomandi hefur setið mjög lengi í hita getur æðarnar víkkað út skyndilega með þeim afleiðingum að blóðþrýstingur fellur hratt og það líður yfir viðkomandi. Sumir jafna sig eðlilega án þess að fá hægan púls en þeir eru fleiri sem fá hægan púls og þurfa að fara á bráðamóttöku strax.

## 7.6 ÖRYGGI EINSTAKRA GESTA

Í þessum kafla er farið yfir ýmis atriði er varða einstaklinga sem búa við langvinna eða tímabunda sjúkdóma eða fötlun.

### EINSTAKLINGUR MEÐ STÓMA

Orðið stóma kemur úr grísku og merkir op. Einstaklingar með stóma geta ýmist þurft að hafa stóma alla ævi eða í stuttan tíma sökum slysa eða veikinda. Stóma er lítið op á kvið þar sem búið er að leiða hluta meltingarvegar að opinu. Fólk með stóma getur ekki stjórnað því hvenær það hefur hægðir og því þarf það að vera með poka sem hylur opið og hægðirnar safnast í.

Það er alveg öruggt fyrir fólk með stóma að fara í sund. Það notar sérstaka poka þannig að það er ekki hætta á að saur leki út.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.stoma.is](http://www.stoma.is).

### FLOGAVEIKI

Flogaveiki er sjúkdómur sem kemur fram sem skyndileg og endurtekin flog. Flogin geta verið mismunandi eftir einstaklingum og þau geta haft áhrif á miðvitund í minna eða meira mæli. Flogin verða vegna skyndilegrar, oftast skammvinnrar, truflunar í hluta heilans. Í heilanum eru nokkrir milljarðar af taugafrumum sem gera okkur kleift að skynja, skilja og bregðast við. Taugaboð eru veik rafræn merki sem berast frá einni taugafrumu til annarrar. Flutningur taugaboða á sér stað fyrir tilstilli kemískra efna, svonefndra boðefna. Sum boðefni eru hamlandi, önnur eru örвandi. Ef misräemi verður milli losunar hamlandi og örвandi efna getur slíkt valdið flogi. Flestir einstaklingar sem eru flogaveikir taka lyf að staðaldri sem gerir þeim kleift að lifa eðlilegu lífi og margir þeirra fá mjög sjaldan flog.

Nánari upplýsingar er á finna á heimasíðu LAUF – [félag.flogaveikra.is](http://félag.flogaveikra.is).

### SYKURSÝKI

Sykursýki er sjúkdómur sem veldur því að sykurmagn í blóði er meira en eðlilegt er.

#### Til eru tvær tegundir af sykursýki

- Insúlháð sykursýki eða típa 1. Þessi tegund er algengust hjá ungu fólk og börnum.
- Insúlnoháð sykursýki eða típa 2. Þessi tegund er algeng hjá eldra fólk og einstaklingum með offituvandamál.

Sykursýki er meðhöndluð með insúlini eða lyfjum. Sykursjúkur einstaklingur stjórnar insúlin gjöf sinni í samráði við lækni. Blóðsykursfall eða sykursýkiskast er oftast vegna þess að viðkomandi hefur sprautað sig með insúlini en hefur ekki náð að borða, eða ekki nægilega mikil til að vega upp á móti insúlinu sem getur framkallað kastið. Bráðameðferð er að gefa viðkomandi sætan drykk eða aðstoða hann við að neyta sykurs. Einstaklingur í sykursýkiskasti getur virkað truflaður á geðsmunum því ástand hans hefur áhrif á heilann. Það er því mikilvægt að kanna alltaf hvort viðkomandi hafi á sér upplýsingar um sjúkdóm sinn.

Hægt er að lesa nánar um sykursýki á [www.doktor.is](http://www.doktor.is).

## OFVIRKNI

Ofvirkni er truflun í hegðun og einbeitingu barna og kemur fram fyrir sjö ára aldur. Fræðiheiti á þessu fyrirbæri er athyglisbrestur með ofvirkni eða ofvirkniröskun. Hegðunareinkennum ofvirkni er skipt í þrjá flokka, hreyfiofirkni, athyglisbrest og hvatvísi. Þessi börn eiga erfitt með að vera kyrr, skyndilega taka þau upp á að gera eitthvað annað og þau eru afar málgefin. Mikilvægt er að hafa sérstakar gætur á slíkum einstaklingum þar sem þeir eru hömlulitlir og geta mjög auðveldlega farið sér að voða.

[Hægt er að lesa nánar um ofvirkni á www.doktor.is.](http://www.doktor.is)

## HREYFIHÖMLUN

Hreyfihamlað fólk eru með mjög mismunandi hamlanir. Mikilvægt er að sund- og baðstaðir hafi lyftu sem hjálpartæki til þess að koma lömuðum einstaklingi í laugina. Lamaðir einstaklingar þurfa mis mikla aðstoð og er því mikilvægt að hlustað sé á þá þegar þeir biðja um aðstoð þar sem þeir eru vanir að sjá um sig sjálfir eins mikid og fötlun þeirra leyfir.

[Hægt er að lesa nánar um hreyfihömlun á www.persona.is.](http://www.persona.is)

## ÞROSKAFRÁVIK/ HEILKENNI

Börn, unglingar og fullorðnir geta verið með ýmis heilkenni (sjúkdóma) eða þroskafrávik. Þessir einstaklingar eru misvel í stakk búnir til að sjá um sig sjálfir í sundi. Þeir sem eru mjög fatlaðir koma oftast með aðstoðarmenn með sér en þó eru þess dæmi að einstaklingar sem sjá um sig sjálfir eða þurfa litla aðstoð geti komið einir. Í mörgum tilfellum eiga þessir einstaklingar einnig við líkamlega fötlun að etja. Mikilvægt er að haft sé sérstakt eftirlit með þessum einstaklingum þar sem þeir eru í vissum áhættuhópi.

[Hægt er að lesa nánar um þroskafrávik á www.persona.is.](http://www.persona.is)

## 7.7 TILKYNNING SLYSA

Mikilvægt er að setja fram leiðbeiningar sem benda gestum á að tilkynna beri slys til starfsmanna sund- og baðstaða. Hægt er að setja ítarlegri upplýsingar um þetta á heimasiður sundstaða eða sveitarfélaga.

Gestir verða að átta sig á mikilvægi þess að tilkynna slys til starfsmanna. Ástæðan fyrir því er sú að sund- og baðstaðir þurfa að fylgjast með fjölda og eiginleika slysa til að fyrirbyggja að þau endurtaki sig.

Gestir verða að átta sig á því að sund- og baðstaðir eru tryggðir þannig að fyrst reynir á tryggingu sundstaðarins. Það er því mikilvægt að gestir tilkynni öll slys þar sem viðkomandi hefur þurft að sækja læknisþjónustu.

Því miður hefur það gerst endurtekið að gestur hefur slasast alvarlega og ekki gert starfsmanni viðvart þar sem gesturinn hefur sjálfur getað komið sér til læknis, þó oft við illan leik. Fólk er oft á tíðum spéhrætt og skammast sín fyrir að meiða sig og vill láta sem minnst á því bera en reynir að forða sér í burtu. Með því að tilkynna ekki slys getur fólk reynst erfitt að fá greiðslu úr tryggingu sundstaðarins og lendir því kostn-aður vegna áverkans á viðkomandi að hluta. Oft er hinn slasaði heldur ekki meðvitaður um það í fyrstu hversu alvarlega hann er meiddur og sér ekki ástæðu til þess að láta sundstaðinn vita af slysinu.

Sund- og baðstaðir verða æ oftar fyrir því að fá erindi frá lögfræðingum vegna slysa sem hafa átt sér stað án þess að nokkur starfsmaður hafi vitað af slysinu. Þetta er ekki góð þróun og því mikilvægt að allir starfsmenn séu á varðbergi gagnvart slysum og meiðslum sem gestir verða fyrir. Stundum getur verið erfitt að eiga við gesti því þeir vilja bara koma sér í burtu í flýti. Því getur verið gott að hafa tilbúinn miða með beiðni um það að ef í ljós kemur að gestur hafi meitt sig þá setji hann sig strax í samband við starfsmenn laugarinnar og tilkynni slysið. Ef áverkinn hefur verið alvarlegur er ekki ólíklegt að gera þurfi löggreglu-skýrslu. Mikilvægt er í slíkum tilfellum að fá nafn og kennitölu viðkomandi, jafnvel símanúmer, til þess að geta fylgt málinu eftir. Mikilvægt er að skrá atvikið í dagbók. Ef síðar kemur í ljós að viðkomandi hlaut slæman áverka og hefur samband, þá þarf að fylla út slysaskráningarblað.

# Öryggi í umhverfi og bygg- ingum sundstaða

## 8.1 ALMENNAR KRÖFUR UM ÖRYGGI BYGGINGA OG BÚNAÐAR Á SUND- OG BAÐ- STÖÐUM

Til að tryggja öryggi gesta á sund- og baðstöðum er mikilvægt að hugað sé að öryggi strax á byggingarstigi. Taka þarf mið af öllum aldurshópum og einnig þarf að taka sérstakt tillit til einstaklinga sem lifa með fötlun. Fylgja skal byggingarreglugerð við hönnun sund- og baðstaða. Einig skal farið eftir gildandi stöðlum fyrir sund- og baðstaði. Á liðnum árum hafa sund- og baðstaðir tekið miklum breytingum. Allur búnaður er til dæmis mun flóknari en áður var. Einig hafa margir sund- og baðstaðir þróast í att að vatnsleikjagörðum.

Mikilvægt er að rekstraraðili hafi yfirsýn yfir allan búnað í lauginni, að hann sé skráður og að til sé afrit af öllum leiðbeiningum framleiðanda um hann og hvernig eigi að nota hann rétt. Einig þurfa að fylgja leiðbeiningar um reglubundið viðhald á búnaði og reglubundna athugun starfsmanna á honum. Leiðbeiningar um viðhald þurfa að fylgja flóknari búnaði ásamt leiðbeiningum um hversu oft fagmaður á að fara yfir hann.

### Rekstraraðila er skylt að sjá til þess að

- Fyrirmælum framleiðanda/söluaðila um reglubundið viðhald sé fylgt. Sá sem framkvæmir verkið á að skila yfirliti yfir að farið hafi verið eftir leiðbeiningum framleiðanda. Skrá skal öll frávik sem fundust og hvaða lagfæringar voru gerðar. Þannig getur rekstraraðili fullvissað sig um að búnaðurinn sé í lagi og öruggur.
- Reglubundið eftirlit starfsfólks skal framkvæmt samkvæmt gátlista. Innihald gátlistans er byggt á leiðbeiningum framleiðenda/söluaðila um hvað skuli skoðað og hversu oft. Halda skal skrá yfir þessar reglubundnu skoðanir og skrá inn dagsetningar. Viðkomandi starfsmaður á að kvitta fyrir skoðuninni.
- Rekstraraðili skal fylgja notkunarleiðbeiningum framleiðenda/söluaðila um örugga notkun á búnaði til að koma í veg fyrir slys á gestum. Rekstraraðili skal kynna þær hættur sem fylgja rangri notkun búnaðarins fyrir starfsmönnum sund- og baðstaða til þess að tryggja að þeir átti sig á hættunum.

Ef slys verður við notkun á búnaði eða rekja má slysið til þess að hluti byggingarinnar var ekki í lagi ber að skoða það sérstaklega. Það er þekkt fyrirbæri að hættur finnist á nýjum eða endurgerðum sundstöðum jafnvel þótt búið sé að skoða þá. Mönum getur yfirsést og því er mikilvægt að allt sem finnst sé lagfært strax.

## 8.2 ÖRUGG HÖNNUN SUNDLAUGA

### Við hönnun og endurgerð lauga er mikilvægt að eftirfarandi sé framfylgt

- Ekki skal vera halli á botni sundlauga sem eru grynnri en 1.5 metrar.
- Mikilvægt er að forðast brattan halla í laugum. Mælt er með að hámarkshalli sé ekki meiri en 1 á móti 15 í laugum þar sem dýpi er minna en 1.5 metrar.
- Í laugum með hallandi botni skal halli merktur skýrt með sérstakri aðvörun og lit sem nær frá bakka og niður eftir botni laugarinnar þar sem hallinn byrjar. Gæta þarf þess að litarröndin valdi því ekki

að manneskja sem liggur á botni sjáist ver en ella með berum augum eða í öryggismyndavél.

- Lágmarksdýpt lauga skal vera einn metri í stærri laugum. Þó skal lágmarksdýpt lauga þar sem sundkennsla barna, yngri en 8 ára, fer fram vera 0.70 – 0.90 metrar.
- Bakkar lauga skulu bera svipaðan lit og laugarbotn og hliðar til þess að betur sé hægt að sjá manneskju sem liggur á botni. Hún þarf að sjást auðveldlega bæði með berum augum og í öryggis-myndavéum.
- Mælt er með því að endar lauga þar sem keppni og æfingar fara fram séu eilítið hærri en umhverfið, þannig að sá sem er á sundi geti betur greint hvar laugin endar.
- Allar brúnir á bökkum skulu vera án skarpra kanta og horna þar sem erfitt getur verið fyrir notandann að greina slíkt, til dæmis undir vatnsfirborði.
- Ekki má vera kantur eða tröppur meðfram vegg laugar þar sem botn hallar.
- Þar sem handföngum eða slám hefur verið komið fyrir skal gæta þess að endar þeirra séu ekki skarpir og skagi ekki út þannig að þeir geti valdið slysum. Einnig skal þess gætt að ekki sé meira en 9 cm bil milli veggjar og slár þannig að börn geti ekki fest sig á milli.
- Á endum lauga á að vera pallur eða álíka sem gerir þeim sem þurfa að snúa sér undir vatni það kleift, s.s. í kappsundi.
- Í grunnum laugum eða í grynnri enda lauga skal þess gætt að botn sé ekki háll.
- Ef sundbrautir eru merktar í laugum skal þess gætt að litarrendur séu skýrar fyrir þann sem syndir. Einnig skal sá sem syndir geta séð auðveldlega hvar sundlaugin dýpkar skyndilega.
- Þess skal gætt að merkingar (litarrendur) sundbrauta valdi því ekki að manneskja sem liggur á botni sjáist verr en ella með berum augum eða í öryggismyndavél.

### 8.3 AÐGENGÍ

Mikilvægt er að allt aðgengi við og á sund- og baðstöðum taki mið af öllum aldurshópum og einstaklingum sem lifa með fötlun. Börn, eldra fólk og einstaklingar sem lifa með fötlun eru í sérstökum áhættuhópi og þess vegna þarf að taka mið af þörfum þeirra varðandi aðgengi. Hægt er að finna ítarlegar upplýsingar um aðgengi fatlaðra í [Handbók um umhverfi og byggingar](#).

#### ALMENNT UM AÐGENGÍ

- Æskilegt er að grunni endi laugar snúi að baðgestum þegar að þeir koma út frá búningsklefum.
- Æskilegt er að tröppur upp í vatnsrennibrautir, þar sem biðraðir geta myndast, séu ekki við dýpri enda laugar.
- Ef staðsetning trappa er nálægt dýpri enda laugar skal setja girðingu meðfram bakkanum þar sem röðin myndast.
- Hönnun og frágangur lauga skal vera á þann veg að öll starfsemi sem fara á fram í lauginni sé skilgreind í upphafi og mannvirkni hönnuð samkvæmt því. Þannig má forðast vandamál sem annars gætu komið upp ef setja þarf upp viðbótarbúnað síðar.
- Mikilvægt er að gestir geti farið óhindrað um laugarbakka og hvergi má vera minna en 2 metrar á milli pósta þannig að hægt sé að rýma laug fljótt og greiðlega.
- Mikilvægt er að huga að fríu aðgengi fyrir sjúkrabörur um úti og innisvæði. Hönnuður skal ávallt taka mið af leyfilegum hámarksfjölda gesta þegar laugarsvæði er hannað.

## AÐGENGİ FATLAÐRA

- Flái fyrir aðgengi fólks sem þarf að komast í laug úr sérstökum búnaði skal staðsettur þannig að aðstoðarmenn geti athafnað sig. Mikilvægt er að þessi staðsetning sé ekki nálægt stöðum þar sem fólk er að stinga sér til sunds eða þar sem vatnsrennibraut endar til þess að forðast árekstra.
- Fara skal eftir mælieiningum sem gefnar eru upp í Handbók um umhverfi og byggingar, sjá ofar. Mikilvægt er að tekið sé mið af stærð þess hjálparbúnaðar sem notaður er til að lyfta fötluðum í laugina.
- Handlistar skulu vera beggja vegna fláa.
- Mikilvægt er að aðgengi sé greitt við báða enda fláa.

## HÁLKA VEGNA VATNS OG RAKA

- Gæta skal sérstaklega að þeim svæðum þar sem gólf geta verið blaut, s.s. við tröppur sundlauga, við steypiböð, salerni, búningsklefa og víðar.
- Gæta skal þess að öll gólfefni uppfylli kröfur um hálkuviðnám (sjá nánar RB-blað).

Mikilvægt er að hugað sé að hálkuvörnum fyrir framan sundlaugabyggingar að vetrarlagi. Bílastæði eru oft mjög há. Þar sem eldra fólk sækir sundlaugar mikið er viss hætta á falli en ekki þarf eldra fólk til þegar mikil ísing myndast. Mikilvægt er að skilgreina hver er ábyrgur fyrir hálkuvörnum við aðkomu að sundlaug.

Til þess að verjast hálku í kringum sundlaugina sjálfa verða starfsmenn að salta. Ef starfsmenn ráða ekki við að salta alla bakka er mikilvægt að salta allar gönguleiðir og koma fyrir hindrunum á öðrum stöðum til þess að gestir noti einungs þær leiðir sem eru öruggar.

## LÝSING

Sjá nánar í kafla 8.6.

## HJÓLASTANDAR

Mikilvægt er að hjólastandar séu settir þar sem ekki er hætta á að fólk detti um þá. Best er að þeir séu settir nokkra metra frá inngangi. Öruggast er að festa hjólastanda á lóðréttan vegg en ekki festa þá niður í jörð. Þetta á sérstaklega við um hjólastanda úr jární. Ef notaðir eru steypir hjólastandar þarf að merkja svæðið í kringum þá með öðrum lit, þannig að sjónaprír einstaklingar sjái þá. Hjólastandar eru freistandi fyrir börn að leika sér á. Mjög alvarleg tannslys hafa orðið þegar börn eru að klifra upp á slíka standa og skrikar fótur þannig að þau falla á járnin.

## UMFERÐ

Mikilvægt er að allir sem erindi eiga á sundstað komist þangað á öruggan hátt. Þess skal gætt að umferð akandi, gangandi og hjólandi sé aðskilin eins og hægt er. Mikilvægt er að gestir stoppi ekki upp á gangstétt eða á miðju bílaplani því slíkt getur skapað mikla hættu fyrir gangandi fólk. Starfsmenn sundlaugarinnar jafnt sem gestir þurfa að vera á varðbergi gegn slíku. Komi upp svona vandamál þarf að taka á þeim strax með liðsinni lögreglu. Varðandi hraðakstur við sundstaði er mikilvægt að tekið sé á því með bættri hönnun umferðarmannvirkja eða liðsinni lögreglu.

## 8.4 STAÐSETNING OG HÖNNUM Á TRÖPPUM, STIGUM OG FLÁUM

- Mikilvægt er að tröppur, fláar og stigar í laug séu staðsett þar sem að það veldur ekki vandamálum fyrir keppendur. Handrið eða slár skulu vera þannig að notandi geti haldið sér í þegar hann fer í laug og upp úr henni.
- Í laugum eða laugarendum þar sem vatnsrennibrautir eða rennibrautir eru skulu stigar og tröppur

staðsettir í hinum enda laugarinnar, eða eins lagt frá enda rennibrautar og mögulegt er, til þess að forðast árekstra.

- Handlistar, handföng og bil á milli þepa skulu þannig hönnuð og frágengin að börn geti ekki fest höfuð, fingur né útlimi á milli. Á þetta bæði við varðandi þrep í stigum, fjarlægð stiga frá vegg laugar og staðsetningu handriða.
- Aðgengi að vaðlaugum eða barnalaugum skal taka mið af því að fullorðin manneskja með barn í fangi komist á öruggan hátt ofan í og upp úr lauginni. Handrið skal vera þannig að hún geti stutt sig við.
- Mikilvægt er að þrep standist kröfur um hálkuviðnám.
- Allar tröppur og stigar skulu taka mið af einstaklingum með skerta hreyfigetu.

## 8.5 YFIRBORD

Yfirborð á laugarveggjum og botni skal vera slétt þannig að ekki sé hætta á að gestir skeri sig.

Yfirborð á rennum og niðurföllum skal vera þannig að gestir geti ekki skorið sig.

Mikilvægt er að ekki séu skörp horn og brúnir á yfirborðsefnum meðfram gönguleiðum þannig að gestir geti ekki skorið sig þó þeir reki fætur í.

## 8.6 LÝSING

Góð lýsing skal vera á öllum aðkomuleiðum að sund- og baðstöðum. Mikilvægt er að lýsing sé heildstæð og jöfn á öllum leiðum að sundlaugarbyggingu hvort heldur er frá bílstæði, gönguleið eða hjólastígum. Lýsing skal vera við hæfi allra, sjá nánar upplýsingar í [handbókinni Handbók um umhverfi og byggingar](#).

Mikilvægt er að lýsing sé jöfn og kröftug á sundlaugarsvæðinu en ekki blindandi. Lýsing þarf að taka mið af öllum notendum. Góð lýsing skal vera í og í kringum laug sem geri sundlaugarverði kleift að sjá vel niður á botn við verstu verðurfarsaðstæður (t.d. við gufumyndun, öldugang). Sama gildir um setlaugar.

## 8.7 GLER

Mikilvægt er að gler sem er í hæð gesta sé öryggisgler. Þar sem gler er í hurðum eða notað í veggi skal þess gætt að það sé merkt á áberandi hátt þannig að bæði börn og fullorðnir sjá gléri greinilega. Það gler sem er notað í gufubaði eða öðrum böðum þar sem hiti er mikill skal vera hitaþolið.

## 8.8 SPEGLAR

Til að koma í veg fyrir slys af völdum speglar er öruggast að líma þá beint á vegg og ramma þá inn. Ef gengið er frá þeim á þennan hátt er minni hætta á að þeir skaði gesti þótt þeir brotni. Það sama gildir um speglar á salernum.

## 8.9 HURÐIR

- Æskilegt er að útihurðir séu með sjálfvirkri opnum. Mikilvægt er að farið sé eftir leiðbeiningum framleiðenda um öruggan frágang á slíkum hurðum þannig að börn og aðrir gestir geti ekki klemmt sig, orðið á milli eða orðið fyrir hurðum.
- Æskilegt er að skynjari taki mið af eldra fólki og börnum ásamt einstaklingum sem búa við fötlun þannig að þeir fái ekki högg af hurðinni.
- Ganga skal þannig frá öllum hurðum að ekki stafi af þeim klemmuhætta. Á stöðum þar sem æskilegt er að hafa hurðir og þær þurfa að vera lokað er mikilvægt að koma fyrir klemmuvörnum.
- Gæta skal að því að gegnumtrekkur er þekkt vandamál í sundlaugarbyggingum og því skulu vera pumpur á öllum hurðum til þess að koma í veg fyrir slys.

- Þegar vindur stendur upp á útidyr með þeim hætti að starfsemi rafknúinna hurða truflast eða pumpur ráða ekki við windfang er mikilvægt að byggja skýli þannig að hurðir geti virkað eðlilega. Dauðaslys hafa orðið sökum kröftugs windfangs á útidyrahurðum.

## 8.10 STURTUR

Alvarlegustu brunaslys sem verða hér á landi verða í sturtum og baðkörum. Það er því mikilvægt að huga að öryggi heita vatnsins. Vatnshiti í sturtum og handlaugum skal ekki vera hærri en 43°C og skal það tryggt með sjálfvirkum hitastýrðum blöndunartækjum og segulloka eða öðrum sambærilegum búnaði. Mikilvægt er að blöndunartæki séu hreinsuð reglulega til þess að koma í veg fyrir alvarlega bruna. Blöndunartæki fyllast af útfelliefnum sem með tímanum eykur hættuna á bilun. Æskilegt er að ráðfæra sig við fagfólk í þeim efnum.

**Hægt er að finna góðar upplýsingar um öryggi hitaveituvatns á [www.stillumhitann.is](http://www.stillumhitann.is).**

Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda/sóluaðila um reglubundið eftirlit með öllum hitastillingarbúnandi. Bilun á slíkum búnaði eða vanstilling getur valdið lífshættulegum brunum.

## 8.11 GUFUBÖÐ

### Mikilvægt er að notendur hafi aðgengi að eftifarandi leiðbeiningum um notkun gufubaðs

- Þeir sem þjást af hjartasjúkdómum eða háum blóðþrýstingi, þungaðar konur, sykursýkisjúklingar eða þeir sem taka róandi lyf skyldu ekki fara í gufubað án þess að hafa ráðfært sig við lækni.
- Hvetja skal notendur til að drekka vel af vatni.
- Benda notendum á að ef þeim fer skyndilega að líða illa þurfi þeir að gera viðvart með því að nota neyðarhnapp. Neyðarhnappur skal vera vel merktur.
- Æskilegur tími í gufubaði fyrir einstaklinga sem ekki eru vanir að fara í gufubað eru 10 mínútur í senn. Ef fara á aftur í gufubað er mikilvægt að láta fimm mínútur líða á milli. Fyrir vana gufubaðsnotendur er æskilegur hámarkstími 25 mínútur.

Rekstraraðili skal fara eftir leiðbeiningum framleiðanda/sóluaðila um eftirlit, viðhald og reglubundna skoðun gufubaða. Þessar upplýsingar skulu vera á íslensku og vera hluti af innra eftirliti sundstaðarins. Starfsmenn skulu hafa þekkingu á virkni gufubaða.

Reglulega skal skoða hurð, að hún sitji ekki föst og sé þjál í notkun. Ef upp kemur bilun á hurð skal gera við hana strax þannig að ekki sé hætt á að gestur lokist inni í gufubaði. Kanna skal reglulega að neyðarhnappur virki. Verja skal allan búnað sem notaður er til hitunar til þess að koma í veg fyrir brunaslys. Hitamælir skal vera sýnilegur notendum.

## 8.12 SETLAUGAR

Setlaugar skulu staðsettar þar sem laugarvörður hefur góða yfirsýn yfir þær með einum eða öðrum hætti. Aðgengi að þeim skal vera greitt.

Tröppur og handrið skulu vera örugg. Handrið verða að vera hönnuð þannig að þau byrgi ekki yfirsýn laugarvarðar yfir setlaugina.

Innstreymi í laugar skal ekki vera heitara en 55°C og skal það tryggt með sjálfvirkum hitastýrðum blöndunartækjum og segulloka eða öðrum sambærilegum búnaði. Hitastig vatns skal ekki fara yfir 44°C. Búnaður með yfirhitavara fyrir of heitt vatn skal vera til staðar.

Til þess að koma í veg fyrir alvarlega bruna er mikilvægt að blöndunartæki séu hreinsuð reglulega. Blöndunartæki fyllast af útfelliefnum úr vatninu sem með tímanum eykur hættuna á bilun í þeim. Æskilegt er að ráðfæra sig við fagfólk í þeim efnum.

**Hægt er að finna góðar upplýsingar um öryggi hitaveituvatns á [www.stillumhitann.is](http://www.stillumhitann.is)**

Fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda/söluaðila um reglubundið eftirlit með öllum hitastillingarbún-aði. Bilun á slíkum búnaði eða vanstilling getur valdið lífshættulegum brunum.

Merkingar skulu vera til staðar um hvert hitastig setlauga er, sjá nánar í kafla 3.11 um öryggismerkingar.

## 8.13 HITAVARAR

### HITAVARAR

Hitajafar, ofnar og útstreymisop, skulu varin þannig að ekki sé hætta á að af þeim hljótist slys. Mikilvægt er að miðstöðvarofnar séu varðir í búningsherbergjum og á svæðum þar sem lítil börn eru. Leiðslur með heitu vatni skulu varðar þannig að börn geti ekki snert þær og brennt sig.

### KAFFIVÉLAR OG KATLAR

Á sundstöðum þar sem kaffi og heitt vatn er í boði fyrir gesti er mikilvægt að það sé staðsett á þann hátt að yngri börn geti ekki togað yfir sig kaffikönnur, katla eða kaffivélar.

## 8.14 SÁPUSKAMMTARI

Mikilvægt er að bakkar séu hafðir undir sápuskömmturum til þess að koma í veg fyrir að gestir renni í sápupollum á gólfum, t.d. í sturtum. Starfsmenn þurfa að losa bakkana reglulega bæði vegna hreinlætissjónarmiða en einnig til þess að ekki fari að flæða sápa upp úr þeim og niður á gólf.

## 8.15 SKIPTIBORÐ

Mikilvægt er að skiptiborð fyrir ungbörn séu í búningsklefum karla og kvenna.

Algengasta orsök slysa sem tengjast skiptiborðum er fall af þeim þegar sá sem er að nota borðið lítur af barninu eitt augnablik.

Mikilvægt er að valin séu á sundstaði traust skiptiborð sem þola álag. Ef valið er skiptiborð sem hengt er á vegg ber að fylgja leiðbeiningum framleiðanda um hvernig eigi að festa skiptiborðið á öruggan hátt. Öruggustu skiptiborðin eru þau sem eru með 8-10 cm kanti sem hjálpar til að hindra að barn detti fram af. Mikilvægt er að velja skiptiborð sem eru með öryggisól. Skiptiborð sem fest eru á vegg þurfa að vera með upplýsingum um hver er hámarks burðargeta þeirra. Þá er átt við það hver hámarksþyngd barns má vera til þess að öruggt sé að það geti notað borðið. Alvarleg slys hafa orðið vegna þess að fólk hefur verið að nota veggfest skiptiborð fyrir of þung börn með þeim afleiðingum að borðin hafa losnað og hrunið á gólf ið með barninu á. Einnig er æskilegt að hafa ráðleggingar hjá þyngdarmerkingum sem minna fólk á að líta aldrei af barninu né víkja frá því meðan það notar skiptiborðið. Ef notuð eru hefðbundin skiptiborð er mikiðvægt að koma þeim fyrir þar sem ekki er hætta á að barn geti teygt síg í hættulega hluti.

Dýnum sem notaðar eru á skiptiborð þarf að skipta út um leið og þær fara að slitna. Inni í flestum dýnum er svampur. Ef komið er gat á plastið utan um hann er hætta á að barn geti komist í svampinn, sett snifsi af honum í muninn og kafnað.

Fara skal reglulega yfir að skiptiborðið sé traust og að dýnan á því sé heil.

## 8.16 RAFMAGNSTÆKI

Staðsetja skal hárþurrkur þar sem lítil börn geta ekki náð til. Mikilvægt er að farið sé reglulega yfir að hárþurrkur séu ekki skemmdar og að þær virki þannig að þær valdi ekki skaða á gestum.

Mikilvægt er að allar innstungur séu þannig að börn geti ekki stungið prjónum eða öðru slíku inn í þær. Nýrri innstungur eru öruggar, þær eru hannaðar þannig að ómögulegt er fyrir barn að stinga prjóni í þær. Gæta skal að því ef fjöltengi eru notuð að þau séu með innbyggðu öryggi. Ef þau eru ekki með öryggi er mikilvægt að setja í þau barnalæsingar. Það sama gildir um eldri innstungur. Best er að forðast notkun á fjöltengjum eins og hægt er.

Starfsmenn verða að vita hvar rafmagnstaflan fyrir húsið er. Ef rafmagni slær oft út er mikilvægt að finna hvað veldur því. Lekastraumsrofar geta bilað eins og allur annar búnaður. Það er því mikilvægt að farið

sé yfir það reglulega að þeir virki þar sem hætta vegna rafmagns er mun meiri á sund- og baðstöðum en annars staðar sökum vatns og raka.

## 8.17 ÍPRÓTTATÆKI

Á mörgum sund- og baðstöðum er að finna ýmis konar íþróttatæki. Notendur tækjanna eru oft að nota tækin á eigin ábyrgð. Það er því æskilegt að settar séu reglur um aðgengi barna að tækjunum.

Staðsetning tækjanna er oft á göngum eða í herbergjum sem eru úr alfaraleið. Það er því æskilegt að koma fyrir neyðarhnappi á þessum stöðum til þess að hægt sé að gera viðvart ef notandi slasar sig eða verður skyndilega veikur.

Oft er verið að nota hluta af geymslum fyrir þessi tæki. Þetta getur skapað hættu á að búnaður geti hrunið yfir gesti. Það er því mikilvægt að ganga þannig frá hlutum í geymslu að ekki hljótist slys af. Æskilegt er að hólfu rýmið af þannig að íþróttatæki séu ekki sett innan um ýmsa aðra muni. Mikilvægt er að hvert og eitt tæki sem þarna er hafi nægilegt pláss þannig að sa sem notar það rekist ekki á næsta mann og slasi sig.

Á veggjum skulu vera skýrar leiðbeiningar um rétta notkun tækja, og þær eiga að fylgja með þeim frá framleiðanda/sóluaðila.

Rafknúin íþróttatæki skulu yfirfarin reglulega, eða eins og leiðbeiningar framleiðanda/sóluaðila segja til um og leiðbeiningar skulu vera á íslensku.

Daglegt eftirlit með stöðum þar sem íþróttatæki eru er nauðsynlegt og fara skal eftir leiðbeiningum framleiðanda/seljanda varðandi skoðun á þeim.

Gæta skal þess að vel lofti um þessi rými og að gólfefni séu ekki háll.

## 8.18 DÝFINGAPALLAR OG BRETTI

Dýfingapallar og bretti þurfa að uppfylla ákvæðnar kröfur um styrk. Ef um dýfingabretti er að ræða skal framleiðandi/sóluaðili láta rekstraraðila/kaupanda í té upplýsingar um hvernig setja eigi búnaðinn upp og hvernig hætta skuli viðhaldi. Upplýsingarnar skulu vera á íslensku. Einnig skulu fylgja upplýsingar um hvernig eftirliti með búnaðinum skal hættað og hversu oft þurfi að framkvæma það. Upplýsingar um burðarþol skulu liggja fyrir.

Mikilvægt er að farið sé eftir leiðbeiningum um hvernig hægt er að koma í veg fyrir eyðingu á búnaði (ryðmyndun).

Yfirborð dýfingapalla og dýfingabretta skal vera með hálkuvörn til þess að koma í veg fyrir að notandi renni til eða detti. Yfirborðið skal endurnýjað um leið og það fer að slitna (verða hált) til þess að koma í veg fyrir fallslys. Dýfingabretti sem eru hærri en tveir metrar skulu vera með handlistum til þess að koma í veg fyrir að notandinn falli út af brettinu. Handlistar skulu vera þannig að þeir hindri ekki yfirsýn sundlaugarvarðar og hann geti fylgst með þeim sem nota búnaðinn. Handlistar skulu ná fram að enda dýfingabrettis þannig að eingöngu sá hluti brettisins sem er án handlista sé hlutinn sem er yfir lauginni. Þetta er til þess að tryggja að sa sem notar brettið geti einungis fallið í laugina sjálfa en ekki á laugarbakkann ef hann missir jafnvægið.

Mikilvægt er að uppgöngutröppur eða stigar séu nálægt dýfingapöllum og brettum.

## 8.19 ÖRYGGISKRÖFUR LEIKVALLATÆKJA OG SVÆÐA

Víða eru leikvallataeki staðsett á lóð sundlauga. Ef leikvallatakin og leiksvæðið tilheyrir sund- og baðstaðnum ber rekstraraðila að sjá til þess að þau uppfylli allar kröfur um öryggi.

**Um öryggi leikvallatækja gildir reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim, með síðari breytingum.**

## 8.20 VATNSRENNIBRAUTIR

Vinnueftirlitið hefur eftirlit og umsjón með vatnsrennibrautum á sund- og baðstöðum.

Vatnsrennibrautir skulu uppfylla kröfur staðalsins ÍST EN 1069. 2000. Staðallinn gildir yfir vatnsrennibrautir sem eru hærri en 2 metrar. Mæling á hæð vatnsrennibrautar er frá lægsta punkti rennibrautar (þar

sem viðkomandi rennir sér út í laugina). Sum atriði staðalsins ná einnig yfir lægri vatnsrennibrautir.

Vatnsrennibraut skal enda í sérstakri laug eða á afmörkuðu svæði sem minnkar hættu á að sá sem rennir sér lendi á öðrum í sundlauginni.

Skýrar merkingar skulu vera um það hvernig gestir eigi að nota brautina og einnig skulu vera viðvurunamerkingar sem sýna skýrt hvað ber að forðast.

Framleiðandi/sóluaðili skal láta rekstraraðila/kaupanda þessar upplýsingar í té og fram skal koma fyrir hvaða aldur barna rennibrautin er hönnuð, því vatnsrennibrautir eru hannaðar fyrir ákveðinn lágmarksaldur barna.

Framleiðandi/sóluaðili skal einnig láta í té tækniupplýsingar um vatnsrennibrautina. Þá er átt við hvernig hún skuli sett saman, tengingar á vatni og öðrum tæknibúnaði sem henni fylgja. Einnig skulu fylgja ítarlegar leiðbeiningar um viðhald búnaðar og hvernig reglubundnu eftirliti með brautinni og búnaði hennar skuli háttáð. Rekstraraðili skal hafa allar upplýsingar aðgengilegar á íslensku. Gera skal ráð fyrir reglubundnu eftirliti vatnsrennibrautar sem hluta af innra eftirliti.

Sérstök gæsla skal höfð með vatnsrennibrautum. Gæslu skal vera háttáð þannig að sundlaugarvörður sjái vel til þeirra sem eru í röðinni, sjái einnig staðinn þar sem notendur fara í brautina og staðinn þar sem þeir enda ferðina. Einnig skal vörðurinn hafa góða yfirsýn yfir laugina sem brautin endar í.

## 8.21 ÖLDULAUGAR

Vinnueftirlit ríkisins hefur eftirlit með uppsetningu og viðhaldi á vélum og búnaði tengdum öldulaugum. Við hönnun öldulauga er mikilvægt að gæta þess að krafturinn sé ekki meiri en svo að stærð laugarinnar beri hreyfinguna. Með þessu er átt við að ekki sé hættá að gestir geti rekist á stiga, tröppur eða aðra hluti sem í lauginni eru. Ef öldur eru það kröftugar að erfitt geti verið fyrir gesti að komast að næsta stiga eða tröppum er mikilvægt að setja handföng sem auðvelda gestum að komast að stiganum/tröppunum.

Framleiðandi/sóluaðili skal láta rekstraraðila/kaupanda í té allar upplýsingar um öryggi gesta. Ef gerðar eru kröfur um öryggismerkingar eða viðvaranir skulu þær vera sýnilega og skiljanlegar fyrir alla gesti. Allir starfsmenn skulu hafa þekkingu á öllu öryggi er snýr að notkun öldulauga.

Einnig skal framleiðandi/sóluaðili láta rekstaraðila í té allar upplýsingar um uppsetningu búnaðar, viðhald hans og reglubundið eftirlit með honum. Upplýsingar skulu vera skriflegar og aðgengilegar fyrir alla starfsmenn sundlaugarinnar. Rekstraraðili skal gera ráð fyrir reglubundnu eftirliti, samkvæmt upplýsingum framleiðanda/sóluaðila, sem hluta af innra eftirliti sundlaugarinnar.

Allur vélbúnaður sem notaður er til að framkalla öldur skal vera aflokaður þannig að gestir laugarinnar komist ekki að honum. Grindur sem hindra aðgengi gesta að honum skulu taka mið af því að börn geti ekki fest sig, sjá nánar staðalinn ÍST EN 13451-1.

Frágangur á vélbúnaði skal vera samkvæmt staðlinum EN ISO 1200. 2003.

## 8.22 LAUGAR MEÐ HREYFANLEGUM BOTNI

Af heilbrigðisástæðum er mikilvægt að skoða vel áhrif blöndunar á vatni. Vandamál geta komið upp s.s. hrингrás vatns og því þarf að vanda vel til verka í nýjum laugum með hreyfanlegum botnum eða í eldri laugum þar sem slíkum búnaði er komið fyrir.

Laugar með hreyfanlegum botni skulu uppfylla staðlana ÍST EN 13451 - 1 og 2 sem fjalla sérstaklega um laugar með hreyfanlegum botni.

Laugar með hreyfanlegum botni skulu vera þannig frágengnar að gestir komist ekki að tækjabúnaði þegar gólfíð er í efstu stillingu.

Þess skal gætt að hvergi sé hættá að börn eða aðrir gestir geti fest sig á samskeytum.

Staðsetning lauga með hreyfanlegum botni skal vera þar sem laugarvörður hefur fulla yfirsýn yfir laugina með einum eða öðrum hætti.

Í laugum þar sem hægt er að halla botninum skal yfirborðsefni laugarinnar vera hálkuvarið.

Á veggjum laugar skulu vera skýrar merkingar sem sýna dýpt laugar á skilmerkilegan hátt. Aðvörunamerkingar um það hvenær eða hvort dýfingar séu bannaðar skulu einnig vera til staðar.

## 8.23 SKILRÚM

Á sund- og baðstöðum eru notaðar ýmsar aðferðir við að aðgreina sundbrautir. Mikilvægt er að sá búnaður sem notaður er til að aðgreina sundbrautir uppfylli kröfur staðlanna ÍST EN 13451 – 1 og 5 sem fjalla sérstaklega um skilrúm.

Mikilvægt er að skilrúm hindri ekki yfirsýn sundlaugarvarðar þannig að hann sjái ef einhver liggur á botni laugar. Ekki má vera hætta á að gestir geti fest sig í skilrúmum eða skorið sig á þeim.

Reglulega þarf að fara yfir skilrúm og kanna hvort þau séu heil og að þau geti ekki valdið slysi á gestum.

## 8.24 VATNSLEIKFÖNG

Til eru mismunadi leikföng sem ætluð eru til notkunar í sundlaugum. Mikilvægt er að fylgja ávalt leiðbeiningum frá framleiðanda um hvernig nota skuli þessi leikföng á öruggan hátt og fyrir hvaða aldur barna þau eru framleidd. Þessar upplýsingar skulu vera aðgengilegar fyrir gesti.

- Vatnsleikföng sem þekja ákveðin svæði í lauginni geta truflað yfirsýn laugarvarðar, því er mikilvægt að hafa sérstaka gæslu með slíku svæði
- Vatnsleikföng eru framleidd fyrir notkun í mismunandi dýpt af vatni. Þess ber að gæta sérstaklega að þeim sé komið fyrir á réttum stöðum til að koma í veg fyrir slys.

**Sjá nánar leiðbeiningar um vatnsleikföng, búnað til sundkennslu og annan búnað.**

## 8.25 BÚNAÐUR ÆTЛАÐUR TIL SUNDKENNSLU OG FLOTBÚNAÐUR

Þessi búnaður skal uppfylla kröfur staðalsins ÍST EN 13138 - 1, 2 og 3. 2003. Í staðlinum eru kröfur um korka og annan búnað sem ætlaður er til sundkennslu, flotbúnað s.s. sundjakka og armkúta. Þó að þessi búnaður heyri undir persónuhlífar (öryggisbúnað) þá uppfyllir hann ekki sömu kröfur og gerðar eru til björgunarvesta (staðall ISO 12402). Mikilvægt er að rekstraraðili setji upp merkingar um að ekki sé öruggt að börn séu án eftirlits fullorðinna þótt þau noti sundjakka og armkúta.

Rekstraraðilar verða að gæta þess að foreldrar geti á auðveldan hátt valið réttan búnað fyrir börn sín. Með þessu er átt við að sundjakkar og armkútar eru framleiddir fyrir ákveðin þyngdarmörk. Það getur verið hættulegt fyrir barn að nota þennan búnað ef hann hentar ekki þyngd þess (t.d. barnið of þungt fyrir búnaðinn).

Rekstraraðili skal vera með skriflegar leiðbeiningar um notkun búnaðarins á áberandi stað þar sem auðvelt er fyrir foreldra að sjá hann. Einnig skulu vera skriflegar leiðbeiningar fyrir starfsmenn sund- og baðstaða um eftirlit með búnaði og skal það vera hluti af reglubundnu innra eftirliti laugarinnar.

Ónýtur búnaður skal tekinn tryggilega úr notkun strax, þannig að ekki sé hætta á að hann verði notaður í misgripum.

## 8.26 LYFTIBÚNAÐUR FYRIR FATLAÐA

Til þess að uppfylla kröfur um aðgengi fyrir alla að sund- og baðstöðum er mikilvægt að lyftibúnaður sé til staðar. Til er mismunandi búnaður, bæði rafknúinn og búnaður sem stjórnað er með handaflí.

Leiðbeiningar um hvernig nota eigi búnaðinn á öruggan hátt verða að vera til staðar á íslensku á sund- og baðstöðum. Leiðbeiningarnar skulu koma frá framleiðanda hans eða söluaðila. Einnig skulu vera leiðbeiningar á íslensku um viðhald á búnaðinum. Viðhald og skoðun á búnaði skal vera hluti af innra eftirliti laugarinnar. Allir starfsmenn skulu hljóta þjálfun og kennslu á rétti og öruggri notkun hans.

Áður en búnaður er keyptur er mikilvægt að kanna aðgengi fyrir mismunandi búnað, sérstaklega í eldri laugum. Dæmi eru um að rándýr búnaður hafi verið gefinn laug en ekki verið hægt að nota hann þar sem aðgengið að lauginni var ekki í samræmi við getu búnaðarins.

## 8.27 ÖRYGGISMYNDAVÉLAR

Öryggismyndavélar eru mikilvægur hluti af öryggiseftirliti sund- og baðstaða.

- Rekstraraðili skal gera athugun á vöktun laugarinnar út frá öryggi gesta.
- Staðsetning sundlaugarvarðar er mikilvæg. Hann skal hafa góða yfirsýn yfir alla laugina þaðan sem hann er staðsettur. Mikilvægt er að myndavélar séu til staðar í sundlaugum sem sýni vel allan botn lauga og einnig þarf lýsing að vera góð. Myndavélar skulu vera með 180° sýn þannig að ekki mynd-ist eyður.
- Yfirlitsmynd þarf að vera af öllu laugarsvæðinu. Einnig þurfa að vera myndavélar sem sýna vel enda vatnsrennibrautar og svæðið þar í kring og aðrar sem sýna vel aðkomu að vatnsrennibraut og stað- inn þar sem gestir fara í hana. Góð yfirsýn þarf að vera við setlaugar þannig að vel sjáist ofan í þær.
- Í grunnum laugum eða vaðlaugum þurfa að vera yfirlitsmyndavélar sem sýna vel ofan í laugarnar. Ef mikið er af flotleikföngum í þessum grunnu laugum þurfa að vera myndavélar sem sýna vel botninn þar sem annars getur reynst ómögulegt fyrir sundlaugarvörð að hafa gott eftirlit með börnum.
- Mikilvægt er að myndavélar séu af hæsta gæðaflokki og að farið sé yfir þær reglulega samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda/söluaðila og að viðhald þeirra fari fram samkvæmt leiðbeiningum.
- Mikilvægt er að leita til fagmanna sem hafa góða þekkingu á öryggismyndavélum til þess að ná hámarksárangri á öryggi frá þeim.
- Skjáir sem sýna myndir úr öryggismyndavélum eru oft of litlir. Mikilvægt er að hafa skjái það stóra að hægt sé að sjá strax ef eitthvað er ekki eins og það á að vera.
- Kort með yfirliti yfir laugarsvæðið með greinilegum merkingum á myndavélum og yfir hvaða svæði þær ná skal vera þar sem laugarvörður er staðsettur. Þetta auðveldar laugarverði að bregðast fljótt við og fara strax á réttan stað þar sem gesturinn er staðsettur ef eitthvað kemur upp á.
- Upptökuvélar eru nauðsynlegur búnaður. Með þeim búnaði er hægt að leggja fram gögn ef upp koma slys. Einnig er hægt að nota myndir til þess að læra af ef slys verða.
- Mikilvægt er að upptökur séu geymdar í 10 daga. Ef slys verður er mikilvægt að geyma þann hluta upptökunnar. Lögregla biður um slík gögn ef slys eru alvarleg.
- Mikilvægt er að myndavélar séu ekki nýttar í öðru skyni heldur en því sem þær eru ætlaðar til. Óheimilt er að birta upptökur úr öryggismyndavélum á opinberum vettvangi.

Vöktun með eftirlitsmyndavélum sem settar eru upp í öryggis- og eignavörsluskyndi er ein tegund raf-rænnar vöktunar. Með rafrænni vöktun er átt við vöktun sem er viðvarandi eða endurtekin reglulega, felur í sér eftirlit með einstaklingum með fjarstýrðum eða sjálfvirkum búnaði, og fer fram á almannafæri eða á svæði sem takmarkaður hópur fólks fer um að jafnaði, sbr. 6. tölul. 2. gr. laga nr. 77/2000. Í 1. mgr. 4. gr. segir að rafræn vöktun sé ávallt háð því skilyrði að hún fari fram í málefnalegum tilgangi og í 2. mgr. sömu greinar segir að vinnsla persónuupplýsinga sem eigi sér stað í tengslum við rafræna vöktun skuli uppfylla ákvæði laga. [Sjá nánar á www.personuvernd.is](http://www.personuvernd.is).

Á sund- og baðstöðum þar sem ekki eru sundlaugarverðir er æskilegt að gera kröfur um myndavélar sem tengdar eru við kerfi með viðvörunarbúnaði ef slys verður.

## 8.28 NIÐURFÖLL

Niðurföll og frágangur þeirra skal uppfylla staðalinn ÍST EN 13451 – 1. Áríðandi er að ekki sé hættulega mikið sog á niðurföllum og að þau séu þannig frágengin að getir geti ekki sogast fastir við þau.

Niðurföll í sundlaugum og í setlaugum skulu vera með hársíu. Hársí er öryggisbúnaður sem hindrar að hár geti setið fast í niðurfalli. Niðurföll skulu vera þannig að rifur eða göt í þeim séu ekki þannig að lítil

börn geti fest fingur í þeim.

Regluleg skoðun á frágangi á niðurföllum skal vera hluti af innra eftirliti og fylgja skal leiðbeiningum framleiðanda/söluaðila um hvernig viðhaldi og hirðingu skal hættað.

Gæta skal sérstaklega að fíkti barna við niðurföll en alvarleg slys hafa orðið þegar börnum hefur tekist að losa ristar frá niðurföllum.

## 8.29 GOSBRUNNAR - VATNSLEIKTÆKI

Gosbrunnar eða vatnstæki skulu vera lægri en 2 metrar þannig að ekki skapist hætta á að gestir reki sig á tækin. Vatnstæki skulu vera þannig staðsett að sundlaugarvörður hafi góða yfirsýn yfir þau með einum eða öðrum hætti.

Mikilvægt er að gosbrunnur sé þannig frágenginn að hlutir hans skagi ekki út og geti valdið gestum áverka.

### VATNSLEIKTÆKI

Hér er átt við leiktæki sem vatn er tengt í. Vatnsleiktæki skulu uppfylla kröfur sem gerðar eru í staðlinum ÍST EN 1176-1. Merking skal vera á leiktækini sem sýnir fyrir hvaða aldur barna tækið er ætlað.

Reglubundin skoðun skal vera í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda/söluaðila um viðhald og reglubundna skoðun. Ef röng notkun tækis er á einhvern hátt hættuleg skal taka það skýrt fram á viðvörunarstkilti við gosbrunnin eða leiktækið.

## 8.30 GEYMSLA KLÓRS OG EITUREFNA

- Geymsla fyrir klór og önnur hættuleg efni ætti að vera utan dyra þar sem aðgangur er greiður fyrir þá aðila sem koma með klór í laugina og þar sem þeir geta athafnað sig. Klórgeymslur skulu vera læstar og aðgengi lokað þannig að ekki sé hætta á að börn eða aðrir óviðkomandi komist að þeim.
- Mikilvægt er að geymslan sé staðsett við töppunarstað klórs og að kerfið sem notað er uppfylli kröfur Vinnueftirlits ríkisins um geymslu klórs og hættulegra efna, [sjá leiðbeiningar](#).
- Ræstigeymslur á sundstöðum skulu vera læstar þannig að börn komist ekki að hættulegum efnum
- Aldrei má skilja hreinsiefni á sund- og baðstöðum eftir þar sem börn ná til. Geyma verður öll efni í hirslum með barnalæsingum.

## 8.31 ÖRYGGGI BÚNAÐAR/KLÓRDÆLUR

Virkt eftirlit með búnaði skal vera samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda/söluaðila. Leiðbeiningar framleiðanda eiga að fylgja með búnaði og skulu vera á íslensku. Leiðbeiningum framleiðanda/söluaðila um viðhald á búnaði skal fylgt.

Sjá nánar [Reglugerð um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna nr. 160/2007](#).

# Viðbrögð við vá

## 9.1 ALMENNT UM VÁ

### Viðbragðsáætlun við vá – Almannavarnir.

Almannavarnir snúast um það skipulag og stjórnerfi sem er virkjað á hættustund. [Samkvæmt 1. gr. laga um almannavarnir nr. 82/2008](#) er markmið þeirra að skipuleggja og framkvæma ráðstafanir sem miða að því að koma í veg fyrir eða takmarka, eftir því sem unnt er, að almenningur verði fyrir líkams- eða heilsutjóni eða að umhverfi og eignir spillist af völdum náttúruhamfara, farsóttu, af völdum hernaðaraðgerða, af mannavöldum eða af öðrum ástæðum, að veita líkn í nauð og aðstoð vegna tjóns, sem hugsanlega kann að verða eða hefur orðið.

Lögin taka til samhæfðra almannavarnaviðbragða til þess að takast á við afleiðingar neyðarástands sem kann að ógna lífi og heilsu almennings, umhverfi eða eignum.

Mikilvægt er að skýrar upplýsingar um viðbrögð við vá séu til staðar á hverjum sundstað. Fylgja skal ætíð fyrirmælum almannavarnanefnda á hverjum stað fyrir sig. Sjá nánari upplýsingar á [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is).

## 9.2 ELDINGAR

Á Íslandi er fólk sjaldnast á varðbergi gagnvart hættu sem getur stafað af eldingum. Í þrumuveðri getur þó skapast hér eldingahætta, sömuleiðis við eldgos. Eldingahætta frá gjósandi eldstöð er mest í gosmekkinum sjálfum og getur náð allt að 30-40 km vegalengd undan vindi frá eldstöðinni.

Ef gjóskufall og þrumuveður með eldingum gengur yfir skal gera eftirfarandi:

### Utanhúss

- Forðist vatn, hæðir í landslagi og berangur.
- Forðist alla málmhluti svo sem raflínur, girðingar, vélar, tæki o.s.frv. Haldið ykkur fjarri litlum skýlum, skúrum og stórum trjám.
- Leitið skjóls, ef unnt er, í stærri byggingum eða yfirbyggðu ökutæki úr málmi. Hafið glugga lokaða.
- Ef grunur leikur á að eldingu slái niður nærrí ykkur og þið náið ekki að komast í skjól, ættuð þið að:
- Krjúpa niður á kné, beygja ykkur fram og styðja höndum á hné. Leggist ekki flöt.

### Innanhúss

- Þar sem eldingu getur slegið niður í rafleiðandi lagnir utanhúss og leitt þær inn í hús þá skal:
- Forðast vatn (notið ekki sturtu né bað).
- Haldið ykkur fjarri útidyrum, gluggum og lagnakerfum.
- Notið hvorki síma né heyrnatól.
- Takið öll rafmagnstæki s.s. tölvur, rafmagnsverkfæri, ísskáp og sjónvarpstæki úr sambandi frá straumgjafa og loftneti. Notið inniloftnet sé þess kostur. Forðast skal að nota síma.

Rafspenna situr ekki í þeim sem hefur orðið fyrir eldingu og því má veita nauðsynlega aðstoð strax. Veitið skyndihjálp og hringið í 112.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is).

## 9.3 FÁRVIÐRI

Fárviðri telst vera þegar vindhraði hefur náð 33 m/sek, sem jafngildir 64 hnútum (12 vindstigum).

Ef Veðurstofa Íslands varar við veðri, skal taka það alvarlega. Sérstaklega ef varað er við miklum vindi, snjókomu, frostregni og/eða ofskulda. Hlustið á tilkynningar og/eða viðvaranir sem kunna að birtast.

### Þegar spáð er ofsaveðri eða fárviðri

- Lausir munir - Heftið fok lausra muna.
- Lokið gluggum og hurðum - Fullvissið ykkur um að öllum gluggum og hurðum sé tryggilega lokað.
- Skólar, ferðalög og mannamót  
Aflýsið ferðalögum og mannamótum og sendið ekki börn í skóla. Virkja þarf áætlun um til hvaða ráðstafana skal grípa ef veðrið skellur á meðan á skólastarfi stendur til þess að hindra að foreldrar fari út í óveðrið til að sækja börn sín. Fylgið þeim leiðbeiningum almannavarnanefndar sem gilda á svæðinu.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is).

## 9.4 JARÐSKJÁLFTI

Jarðskjálftar verða þegar jarðskorpan brotnar eða hrekkur til á gömlum brotaflötum. Þeir gera sjaldnast boð á undan sér. Því er nauðsynlegt að gera öryggisráðstafanir fyrirfram og læra rétt viðbrögð. Á sundsstað geta leynst hættur ef jarðskjálfti verður fyrirvaralaust. Hægt er að draga verulega úr hættu með því að sjá til þess að ekki sé hætta á að þungir hlutir geti fallið yfir fólk.

### Viðbrögð við jarðskjálfta:

#### Innandyra

Við jarðskjálfta getur verið hættulegt að hlaupa út úr byggingu. Reynið frekar að leita skjóls og vera kyrr á öruggum stað innandyra, t.d. út í horni við burðarveggi fjarri gluggum. Ef þú ert sofandi og vaknar upp við jarðskjálfta, haltu þá kyrru fyrir og notaðu kodda til þess að verja höfuðið. Ef það verður jarðskjálfti hafið þá eftirfarandi í huga:

#### HÚSGÖGN

Varist húsgögn sem geta hreyfst úr stað.

#### INNIGHALD SKÁPA

Varist hluti sem detta úr hillum og skápum, sérstaklega í eldhúsi.

#### OFNAR OG KYNDITÆKI

Haldið ykkur fjarri ofnum og kynditækjum þau gætu losnað úr festingum.

#### LYFTUR

Notið ekki lyftur og látið fara yfir þær eftir að jarðskjálfti hefur orðið þar sem lyftur skekkjast oft í jarðskjálfta.

#### RÚÐUBROT

Varist stórar rúður sem geta brotnað.

## BYGGINGARHLUTAR

Við jarðskjálfta geta hlutar úr byggingu brotnað af. Haldið ykkur fjarri þeim stöðum í húsinu þar sem hætta er á hrynjandi byggingarhlutum.

### Utan dyra

Ef þú ert utan dyra eða í bifreið og það verður jarðskjálfti, hafðu þá eftirfarandi í huga:

## BYGGINGAR OG RAFLÍNUMÖSTUR

Farið út á opið svæði, forðist byggingar og raflínumöstur. Farið lengra frá mannvirkjum en nemur hæð þeirra.

## KRJÚPA - SKÝLA - HALDA

Krjúpa og skýla höfði, ef ekki er unnt að komast á opið svæði.

## GRJÓTHRUN- SKRIÐUFÖLL

Varist grjóthrun og skriðuföll í fjalllendi.

## STÖÐVIÐ ÖKUTÆKI

Stöðvið bifreiðina eins fljótt og unnt er, fjarri byggingum, brúm eða háspennulínum og haldið ykkur í bifreiðinni, með beltin spennt, þar til skjálftanum lýkur. Haldið þá varlega áfram og gætið að, því að brýr og vegir geta skemmt í stórum skjálftum

### Viðbrögð við jarðskjálfta

Fara út í horn burðarveggja, KRJÚPA þar, SKÝLA höfði og HALDA sér ef unnt er.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is).

Fara í hurðarop, KRJÚPA þar, SKÝLA höfði og HALDA sér.

Fara undir borð, KRJÚPA þar, SKÝLA og HALDA í borðfót.

## 9.5 SNJÓFLÓÐ

Ef snjóflóðahætta skapast skal fólk yfirgefa hættusvæði í samræmi við gefin fyrmæli. Ef það er ekki mögulegt verður öryggi best tryggt með eftirtoldum aðgerðum:

## FORDIST AÐ VERA UTAN DYRA

Gætið þess að vera sem minnst utan dyra og alls ekki í fjalllendi.

## DVALARSTAÐUR ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Dveljið þeim megin í húsinu sem snýr frá fjallshlíð. Gluggum og millihurðum skal tryggilega lokað. Setjið hlera fyrir þá glugga sem að fjallinu snúa.

## KJALLRAR

Dveljið ekki í kjöllurum húsa nema þeir séu alveg niðurgrafnir og með steyptri loftplötu.

## STÖÐUTILKYNNINGAR

Þeir sem búa eða dvelja afskekkt komi á síma- eða talstöðvarsambandi við aðila utan hættusvæðis og láti heyra frá sér reglulega.

Ef lögreglustjóri gefur út fyrmæli um rýmingu er skylt að rýma sundlaugina. Almannavarnir í héraði opna fjöldahjálparstöð og halda skráningu um dvalarstaði fólks þar til því er heimilt að fara til síns heima.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is).

## 9.6 JÖKULHLAUP

Jökulhlaup stafa ýmist af eldgosum eða jarðhita undir jöklum. Stærsta náttúruvái vegna jökulhlaupa hér á landi er talin vera vegna eldgoss í Köllu í Mýrdalsjöklum.

Í Vatnajökli verða að meðaltali 10 eldgos á öld. Árið 1996 varð eldgos í Gjálp í Vatnajökli og við það bráðnuðu um þrír km<sup>3</sup> af ís. Jökulhlaup fylgdi í kjölfarið og vatnsflaumur og stórir ísjakar skemmuðu brýr, vegi og rafmagnslínur á leið sinni til sjávar.

Vatnamælingar hafa þróað viðvörunarkerfi vegna flóða sem eiga upptök í eldstöðvum og jarðhitakerfum undir jöklum. Þegar hlutfall jarðhitavatns í jökulvatni hækkar, eykst leiðni. Ef leiðni eða vatnshæð fara yfir fyrirfram ákveðin mörk hringir mælirinn í síma Neyðarlínunnar. Neyðarlínan sér um að kalla út vatnamælingamann sem metur ástandið.

Fylgið leiðbeiningum frá almannavarnarnefnd á svæðinu. [Nánari upplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is.](#)

## 9.7 AURSKRÍÐUR

### FORDIST AÐ VERA UTAN DYRA

Haldið starfsfólk og sundlaugargestum innan dyra og farið alls ekki í fjalllendi þar sem hætta er á aur-skriðum.

### DVALARSTAÐUR, ÖRYGGISRÁÐSTAFANIR

Dveljið þeim megin í sundlaugarbyggingu sem snýr frá fjallshlíð. Gluggum og millihurðum skal tryggilega lokað.

### KJALLRAR

Dveljið ekki í kjöllurum húsa nema þeir séu alveg niðurgrafnir og með steyptri loftplötu.

### STÖÐUTILKYNNINGAR

Þeir sem búa eða dvelja afskekkt komi á síma- eða talstöðvarsambandi við aðila utan hættusvæðis og láti heyra frá sér reglulega.

### RÝMING

Ef löggreglustjóri gefur út fyrirmæli um rýmingu er íbúum skylt að rýma hús sín. Almannavarnir í héraði opna fjöldahjálparstöð og halda skrá um dvalarstaði fólks þar til því er leyft að fara til síns heima.

### SÁ SEM LENDIR Í AURSKRÍÐU SKAL:

Koma sér úr farvegi skriðunnar og leita til hátt liggjandi staða.

### HÚSASKJÓL

Leita skjóls í húsum, loka gluggum og millihurðum og dvelja þeim megin sem snýr frá fjallshlíð.

Krjúpa og verja höfuð sitt ef ekki er mögulegt að komast undan skriðunni.

[www.almannavarnir.is.](#)

## 9.8 FLÓÐBYLGJUR

Flóðbylgjur eru mjög sjaldgæfar hér við land en þær geta valdið miklu tjóni. Bylgjur geta myndast í kjölfar jarð-skjálfta, jökulhlaupa og eldgosa, einnig getur hrun í landgrunninum eða hrun í sjó fram orsakað flóðbylgjur. Flóð-bylgjur hafa valdið skaða, þegar snjóflóð hafa fallið í sjó fram í þróngum fjörðum á Vestfjörðum og Austfjörðum.

Almennt er talað um tsunami þegar vísað er til flóðbylgja, en það þýdir hafbylgja/flóðbylgja á japönsku. Erfitt getur verið að segja til um hvort flóðbylgja myndist í kjölfar jarðskjálfta og því er mikilvægt að vakta strendur landsins í kjölfar jarðskjálfta og hruns. [Nánari upplýsingar er að finna á www.almannavarnir.is.](#)

## 9.9 ELDGOS

Eldgos geta hafist fyrirvaralaust, en gera þó oftast boð á undan sér, t.d. með jarðskjálftum sem greinast á mælum Veðurstofunnar og fleiri stofnana. Hætta getur stafað af eldgosum vegna hraunrennslis og öskufalls. Öskufall úr einu gosi getur borist um allt land með vindum. Gjóskan getur verið varasöm vegna eldinga, eiturgufa og annarra eiturefna.

Fylgja skal fyrirmælum almannavarnarnefndar á svæðinu.

Nánari upplýsingar er að finna á [www.almannavarnir.is](http://www.almannavarnir.is).

## 9.10 ELDUR

### Viðbrögð við eldsvoða

Þegar upp kemur eldur á sund- og baðstöðum er mikilvægt að allir starfsmenn kunní öll viðbrögð fumlaust og viti hvar eldvartarteppi og slökkvitæki er að finna og kunní að nota þennan búnað. Starfsmenn þurfa einnig að vera á varðbergi fyrir því að lítil börn geta tekið upp á því að fela sig af ótta við slíkar aðstæður.

Mikilvægt er að til sé teikning af húsnæði sundlaugar og öllu sundlaugarsvæðinu þar sem búið er að merkja inn allar útgönguleiðir (glugga og dyr). Búið sé að gera áætlun um hlutverk hvers starfsmanns fyrir sig og hvernig á að bregðast við eftir því hvar eldurinn kemur upp. Inn á þessa teikningu þarf að merkja hvar slökkvitæki eru geymd, eldvartarteppi og sjúkrabúnaður. Finna þarf út strax hversu margir gestir eru í lauginni. Sá sem stjórnar aðgerðum verður að fullvissa sig um að allir gestir sundstaðarins hafi safnast fyrir á fyrirfram ákveðnum stað sem þarf að vera merktur sem söfnunarstaður í eldsvoða. Öruggur söfnunarstaður (staður utan dyra þar sem öllum er safnað saman ef upp kemur eldur) skal vera skilgreindur við allar laugar. Hann skal einnig vera merktur á teikningu.

ATH. Viðbragðsáætlun við eldsvoða skal vinna í nánu samstarfi við eldvarnareftirlit sveitarfélaga.

Starfsmaður A og B og C

1. Eldvarnarkerfi fer í gang.
2. Starfsmenn fara á fyrirfram ákveðna staði og safna saman sundlaugargentum, yfirgefa byggingu gegnum næsta neyðarútgang og safnast saman á fyrirfram ákveðnum stað (söfnunarstað).
3. A hringir í 112 eða B í fjarveru A eða C í fjarveru B.
4. Starfsmaður A grípur með sér „Viðbrögð við eldsvoða“.
5. Starfsmaður A hefur talningu eftir lista sem er í „Viðbrögð við eldsvoða“.
6. Komið í veg fyrir slys á fólk – bíðið þar til hjálp berst.

## 9.11 KLÓRSLYS

Á sund- og baðstöðum skal vera skrifleg viðbragðsáætlun fyrir klórlsys og starfsmönnum kynnt hún. Einnig skulu starfsmenn æfa viðbrögð árlega. [Sjá nánar leiðbeiningablað Vinnueftirlits um viðbrögð við klórlsysum.](#)

### Öryggi búnaðar/klórdælur

Virkt eftirlit með búnaði skal vera samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda/söluaðila. Leiðbeiningar framleiðanda eiga að fylgja með búnaði og skulu vera á íslensku. Leiðbeiningum framleiðanda/söluaðila um viðhald á búnaði skal fylgt.

Sjá nánar Reglugerð um varnir gegn hættu á stórllysum af völdum hættulegra efna nr. 160/2007.

# Móttaka nýrra starfsmanna

Markmið gátlistans er að tryggja að nýjum starfsmönnum séu kynnt þau öryggisatriði sem í gildi eru á vinnustaðnum.

NAFN STARFSMANNS \_\_\_\_\_

KENNITALA \_\_\_\_\_

DEILD \_\_\_\_\_

## Áður en starfsmaður hefur störf, undirbúnin og forstjóra sund- og baðstaðar

DAGS.

GERT AF

Afrita öll gögn sem kynna á fyrir nýjum starfsmanni (sjá lista hér fyrir neðan).

Setja upp dagskrá fyrir fyrsta starfsdaginn.

Ef annar/aðrir eiga að sjá um alla fræðsluna eða einstaka þætti hennar er mikilvægt að láta þá vita.

Merktu inn á dagkránna hver er ábyrgur fyrir fræðslunni eða einstaka þáttum hennar.

Undirbúðu að brýna fyrir nýja starfsmanninum að öryggismálin séu í fyrsta sæti á vinnustaðnum.

## Fyrsti starfsdagur

DAGS.

GERT AF

Fara yfir viðbragðsáætlun við slysi.

Fara yfir áætlun v/ eldsvoða.

Fara yfir staðsetningu eldvarnatækja.

Fara yfir neyðarútganga.

Fara yfir neyðaráætlun við jarðskjálfta.

Fara yfir neyðaráætlun við óveðri.

Fara yfir reglur um gæslu við sundlaugarsvæðið.

Fara yfir öryggi við frágang hættulegra efna.

Yfirfara tæki og búnað til endurlífgunar og björgun – bakbretti- súrefni – sog- hjartastuðtæki.

Kynna innihald sjúkrakassa.

Kynna og kenna á slysaskráningarblað.

Tilkynning slysa, hver og hvernig.

Tilkynning slyss til lögreglu.

Tilkynning til heilbrigðiseftirlits.

Fara yfir gátlista um gerð áhættumats.

Fara yfir daglegt eftirlit á sundlaugarsvæði.

### Innan þriggja mánaða

DAGS.

GERT AF

Kanna kunnáttu starfsmanns á viðbragðsáætlun við slysi.

Kanna kunnáttu starfsmanns á rýmingaráætlun við eldsvoða.

Kanna kunnáttu starfsmanns á notkun eldvarnartækja.

Kanna kunnáttu starfsmanns á búnaði til endurlífgunar og  
björgunar- bakbretti – súrefni – sog – hjartastuðtæki.

### Innan sex mánaða

DAGS.

GERT AF

Námskeið: 24 stunda grunn námskeið fyrir laugarverði og aðra sem aðstoða við laugarvörslu.

Samtal við starfsmann um öryggisatriði sem  
kynnt voru fyrir honum á fyrsta starfsdegi.  
Kannað að hann hafi gott yfirlit yfir þau.

Kanna kunnáttu starfsmanns á notkun eldvarnartækja.

Kanna kunnáttu starfsmanns á búnaði til endurlífgunar og  
björgunar- bakbretti – súrefni – sog – hjartastuðtæki.

### Árlegt samtal um öryggismál og árleg upprifjun á námskeiði 8 tímar:

DAGS.

GERT AF

Kanna kunnáttu starfsmanns á öryggis-  
málum (sjá fyrsti starfsdagur).

# Öryggisbúnaður á sund- og baðstöðum

## BÚNAÐUR TIL ENDURLÍFGUNAR

- Súrefnistæki með stillanlegu flæði (1 til 15 lítrar) sem tengja má við blástursmaska. Ef langt er í aðstoð getur þurft auka 5 lítra súrefniskút.
- Kokrennur, 5 til 6 stærðir.
- Blástursmaski.
- Einnota blástursplast, hluti af persónulegum búnaði hvers starfsmanns.
- Öndunarbelgur, til afnota fyrir faglærða aðila á staðnum.
- Hjartastuðtæki (AED) er æskilegt, verður að geta stuðað börn og fullorðna, því fjær bráðaþjónustu, því nauðsynlegra. Nauðsynlegir fylgihlutir hjartastuðtækis þurfa að vera til taks.
- Einfalt handsog (fyrir faglærða á staðnum)

## BÚNAÐUR TIL BJÖRGUNAR

- Björgunarsveigur er nauðsynlegur í öllum laugum sama hversu djúpar þær eru.

## BÚNAÐUR TIL AÐHLYNNINGAR

- Flotbakbretti með minnst þremur ólum eða frönskum rennilás sem ekki límast saman í vatni. Höfuðpúðar á brettið eru nauðsynlegir.
- Kragar, stífir og stillanlegir fyrir alla aldurshópa.
- Teppi
- Samspelkur 2 stk.

## NAUÐSYNLEGUR BÚNAÐUR Í SKYNDIHJÁLPARTÖSKU/KASSA

HEITI BÚNAÐAR	MAGN	NOTKUN
Skyndihjálparbók	1 stk.	Uppflettirit með upplýsingum um skyndihjálp og björgun á sundstöðum
Naglaklippur	1 stk.	Klippa neglur ef þær flettast upp eða fara illa
Skæri	1 stk.	Einfaldlega ómissandi
Flísatöng	1 stk.	Ná flísum og hreinsa óhreinindi úr sárum
Öryggisnälur	1 pakki	Festa þríhyrnu
Vasaljós	1 stk.	Til að meta ástand s.s. sjáoldur
Augnskolbrúsi	1 stk.	Skola eiturefni úr auga
Einnota hanskar	1 kassi	Hlíðarbúnaður til að verjast smiti, t.d. ef snerta þarf blóð. Hluti af persónulegum búnaði hvers starfsmanns.
Sárabindi 10x10 sm.	4 bindi	Festa umbúðir og vefja um áverka
Teygjubindi 5 sm.	2 stk.	Festa umbúðir og vefja um áverka á börnum
Teygjubindi 10 sm.	2 stk.	Festa umbúðir og vefja um áverka á fullorðnum
Grisjur 10x10 sm.	10 pakkar af 5 stk.	Hreinsa sár og sem umbúðir á minni sár
Þríhyrna, einnota	2 stk.	Setja handlegg í fatla, festa spelkur eða umbúðir
Heftiplástur 2,5 sm.	2 rúllur	Festa umbúðir
Ofnæmisplástur 2,5 sm.	2 rúllur	Festa umbúðir, fyrir þá sem þola ekki heftiplástur
Skyndiplástur, tau 4 sm.	4 pakkar	Setja á smásár og skrámur, klippa í hæfilega stærð
Skyndiplástur, tau 6 sm.	4 pakkar	Setja á smásár og skrámur, klippa í hæfilega stærð
Saltvatn 20 ml.	1 kippa af 6 stk.	Skola augu, væta grisju til að geyma afhöggvinn útlímlí
Þrúgusykur eða glucose gel	1 pk.	Til að gefa sykursjúkum með of lágan blóðsykur
Kælipokar einnota	5 stk.	Kæla vöðva og liði sem hafa orðið fyrir áverka. Sprengja innri poka og hrista vel

ATH Allur öryggisbúnaðurinn þarf að vera staðsettur á svokallaðri neyðarstöð. Viðbragðsáætlanir vegna atvika eins og jarðskjálfta, bruna, eiturefnaslyss og drukknunar þurfa að hanga uppi eða vera aðgengilegar starfsmönnum í möppu á neyðarstöð.

# Gerð áhættumats

Gátlisti við gerð áhættumats fyrir sund- og baðstaði

NAFN SUND- OG BAÐSTAÐAR \_\_\_\_\_

STÆRD SUND- OG BAÐSTAÐAR \_\_\_\_\_

NAFN SKOÐUNARMANNS \_\_\_\_\_ DAGSETNING \_\_\_\_\_

ATHUGIÐ: Skoða þarf sund- og baðstaðinn í heild sinni. Effleiri en ein setlaug er á svæðinu eða fleiri en einn inngangur þarf að merkja sérstaklega við skoðun fyrir hvern og einn stað.

* MAT (V X EÐA O)	FRÁVIK OG HVENÆR LAGFÆRT?
Eru holur eða mishæðir í malbiki á bílastæði sem valdið geta falli?	
Eru hellur göngustíga með misháum brúnum sem valdið geta falli?	
Eru hálkuvarnir á bílastæði, göngustígum að sundstað og við inngang fullnægjandi?	
Er lóð við byggingu örugg? Ekki rusl, gler-brot eða annað sem getur valdið hættu?	
Er aðkoma sjúkrabíls merkt? Er þess gætt reglulega að ekki séu hindranir í stæði sjúkrabíls, s.s. bílum lagt?	
Er aðkoma slökkviliðs að byggingu greið? Er þess gætt reglulega að ekki séu hindranir, s.s. bílum lagt fyrir?	
Eru tröppur/stétt við inngang í lagi? Ekki misháar eða brotnar hellur sem valdið geta falli?	
Er handrið við tröppur/stétt við inngang?	
Er rampur fyrir hjólastól við inn-gang og hann heill og greiðfær?	
Er lýsing fullnægjandi við verstu skilyrði og er hún jöfn frá bílastæði og á öðrum gönguleiðum að og við byggingu?	
Eru hjólreiðastandar festir við vegg? Standar sem festir eru við gangstétt geta valdið fallhættu.	
Eru niðurföll í lagi, rennur vatn óhindrað niður? M.t.t. hálkumyndunar, drukknunarhættu.	
Eru ristarár fyrir niðurföll og eru þær vel festar? Er gengið frá ristum í niðurföllum þannig að þær valdi ekki falli?	
Er gjörðing í kringum sundlaugina samkvæmt reglu-gerð og er hún heil? Er einhver hluti hennar hættu-legur – brotinn eða getur valdið vegfaranda skaða?	
Er gróður í kringum lóð snyrtur þannig að hann byrgi ekki útsýni á göngustígum?	

\* V Í lagi   X Ekki í lagi   O Á ekki við



\* MAT  
(V X EÐA O)

FRÁVIK OG HVENÆR LAGFÆRT?

Er daglegt eftirlit með aðkomu að sundlaug virkt og er farið eftir gátlista? Eru þau atriði sem fram koma sem frávik lagfærð strax eða tímabundnar úrbætur gerðar til að koma í veg fyrir slys?		
Eru mottur við útidyr sléttar, heilar og stamar þannig að þær valdi ekki falli?		
Í miklu votviðri og snjó þegar bleyta berst inn, er þá skipt ört um mottur til þess að bleyta berist ekki inn á gólf?		
Eru hreinsitæki á eða við lóð laugar? Eru þau heil, stöðug og undirlagið í kringum þau laust við grjót eða annað sem valdið getur falli eða áverka?		
Eru ruslatunnur staðsettar þannig að þær séu ekki upp við húsið? Eru reglur um úrræði vegna skemmdarverka á þeim?		
Eru leikvallatæki á lóðinni eða við sundlaugina sem eru á hennar ábyrgð?		
Fer aðili frá rekstraraðila reglulega yfir tækin, lagfærir skemmdir og framkvæmir lögbundið viðhald?		
Er framkvæmd árleg aðalskoðun á leikvallatækjum á lóðinni?		
Er farið daglega yfir leiksþæði á lóðinni?		
Er farið í laug utan opnunartíma? Ef svo er, eru hafðar sérstakar gætur á að ekki séu glerbrot eða annað til staðar þegar gestum er hleypt í laug?		

\* V Í lagi   X Ekki í lagi   O Á ekki við

INNGANGUR		
Er hurð auðveld í notkun fyrir fatlaða og börn? Eru klemmuvarnir í falsi hurða?		
Ef ekki er vindfang/skýli við hurð sem dregur úr álagi vinda á hurðina, virkar þá pumpan vel, þannig að hurðin hallist hægt að í verstu veðrum (rok stendur upp á hurð)?		
Er pumpa á hurð, virkar hún rétt? Lokast fyrst hratt en hægir síðan á sér og leggst hægt aftur?		
Er hurðarstoppari staðsettur við efri hluta hurðar?		
Ef hurð er rafkúin virka skynjarar beggja vegna við hurðina þannig að hún lendi ekki á gestum?		
Virkar öryggishnappur og sjálfvirkur öryggisbúnaður hurðarinnar?		
Er hurðin skoðuð reglulega af Vinnueftirliti og er viðhald hennar í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda?		
Eru skóhillur fastar við vegg? Er gengið frá skóm þannig að þeir myndi ekki fallhættu fyrir gesti?		
Er öryggisgler í hurðum? Er merking á gleri til að hindra að gestir gangi á glerið?		
Kemst einstaklingur sem býr við fötlun hindrunarlaust um alla staði laugar? Ef ekki, eru þá til leiðbeiningar um móttöku og aðstoð við fatlaða?		

### GLUGGAR OG GLER

Eru speglar með öryggisgleri eða límdir beint á vegg þannig að glerbrotin haldist saman og falli ekki yfir gesti þótt spegill brotni? Eru speglar festir við vegg þannig að ekki sé hægt að taka þá niður?		
Eru sólbekkir við glugga þannig að ekki sé hætta á að barn festi útlimi í bilum á milli veggs og bekkjar?		
Eru öryggislæsingar á gluggum þannig að ekki sé hægt að opna þá meira en 10 sm?		
Er gler í gluggum óbrotið?		
Er hætta á að barn/gestur geti klemmt sig á stormjárnum?		
Reglur um aldurstakmörk og annað er snýr að öryggi barna:		
Eru reglur um aldurstakmörk í tæki í tækjasal (ef til staðar) og eru leiðbeiningar um notkun þeirra sýnilegar gestum?		
Eru reglur um aldurstakmark barna í gufubað?		

\* **V** í lagi   **X** Ekki í lagi   **O** Á ekki við

Eru reglur um tímlengd gesta í gufubaði og hitastig í gufubaði?		
Eru reglur um að gestir megi ekki hlaupa á laugarbökkum og í almenningsrými? Eru þær sýnilegar gestum?		
Eru reglur um aldurstakmörk barna og hegðun gesta í vatnsrennibrautum viftar? Eru þær í samræmi við upplýsingar frá framleiðanda brautar? Eru þær sýnilegar gestum?		
Er starfsfólk á varðbergi gegn hvers konar ofbeldi gagnvart gestum? Eru til viðbragðsáætlunar um slíkt og eru þær virkjaðar?		
Eru reglur um aldurstakmark barna viftar (er börnum yngri en 10 ára hleypt einum í laug)?		
Eru reglur um fjölda barna miðað við einn fullorðinn viftar? Er aldurstakmark vift um að einungis einstaklingur 15 ára og eldri megi hafa með sér börn?		
Er til viðbragðs-áætlun um hvernig taka skuli á því þegar börn undir 10 ára sem eru í fylgd 15 ára og eldri eru eftirlitslaus? Er hún vift?		
Er til viðbragðsáætlun við hegðunarvanda gesta? Er hún vift?		
Stærð sundlaugar, laugargæsla:		
Er tryggt að laugarvörður hafi 100% yfirsýn með gestum í laug allan tímann?		
Ef hann sér ekki alla laugina, hversu stór hluti af yfirsýn er fenginn með því að nota myndavélar?		
Hefur verið gerð könnun á því hvort um grásvæði sé að ræða (svæði sem sjást ekki)?		
Ef speglar eru notaðir hversu stór hluti af yfirsýn er í spegli?		
Hefur verið gerð könnun á því hvort um grásvæði sé að ræða (svæði sem sjást ekki)?		
Ef laugarvörður er þannig staðsettur að hluti af yfirsýn hans er í gegnum myndavél, er þá skjárinna skýr og nægilega stór til þess að vörðurinn sjái öll frávik?		
Kunna laugarverðir að greina aðdraganda drukknana, bæði blaut- og þurrdrukknunar?		
Hefur laugarvörður yfirsýn yfir vatnsrennibraut þar sem farið er í hana og úr henni?		
Hefur laugarvörður yfirsýn yfir vaðlaugar, setlaugar, inngang að gufubaði og aðra staði þar sem hættur eru á meiðslum og veikindum gesta?		

STÖRF		
Eru allir starfsmenn laugargæslu eldri en 18 ára?		
Hafa afleysingarstarfsmenn lokið 24 stunda grunnnámskeiði í skyndihjálp og björgun úr laug, ásamt átta tíma upprifjunarnámskeiði, hafi þeir starfað við sundlaugarvörslu áður?		
Eru störf allra starfsmanna skilgreind og hlutverk þeirra í neyðaráætlun skýrt og hafa þeir hlotið viðeigandi þjálfun?		
Ef sundstaðurinn má hafa einungis einn sundlaugarvörð við gæslu hverju sinni hefur þá sá starfsmaður, eða starfsmenn, hlotið sömu grunnþjálfun og laugarverðir og viðhaldið henni?		
Er skilgreining starfs samkvæmt reglugerð?		
Eru kallaðir til viðbótar sundlaugarverðir á álagstínum? Hafa þeir hlotið þá þjálfun sem reglugerð gerir kröfur um?		
Eru verlagsreglur um hvenær kalla beri út viðbótar laugarvörð?		
Er fjöldi gesta í og úr laug skráður þannig að hægt sé að fylgjast með fjölda gesta hverju sinni?		
Eru reglur um hámarkstíma gesta í laug?		
Er aðgengi að laug lokað ef gestafjöldi hefur náð þeirri hámarkstölu sem starfsleyfi segir til um?		
Við slæmar veðurfarsaðstæður þar sem laugarvörður sér ekki gesti frá vaktpósti, er þá kallaður til vara laugarvörður sem sinnir gæslu frá bakka?		
ÖRYGGISBÚNAÐUR		
Er lýsing á botni laugar sem auðveldar yfirsýn laugarvarðar?		
Er salt til staðar til notkunar í hálku?		
Er ósyndum börnum gert skylt að nota flotbúnað?		
Eru reglur um að börn megi ekki nota hringлага kúta? Er skilti á áberandi stað sem sýnir það skýrt? Er förelendum barna bent á það ef þau fara ekki eftir banninu?		
Eru armkútar fyrir börn til útláns í lauginni?		
Er daglegt eftirlit með að búnaðurinn sé í lagi og er ónýtur búnaður tekinn úr notkun?		
Er skilti við geymslustað armkúta sem bendir förelum á rétta notkun og flotgetu kútanna?		

BÚNINGSAÐSTAÐA		
Er salernisaðstaða í lagi og ekki hætta á slysum?		
Er hurð á salerni með klemmuvörn?		
Er hætta á að gestir geti skaðað sig á tám, klemmt tær í hurð?		
Eru vaskar vel festir við vegg?		
Eru utanáliggjandi rör sem flytja heitt vatn í handlaug hulin?		
Er hitastig í handlaug í samræmi við reglugerð, þannig að börn og aðrir geti ekki brennt sig á heita vatninu (hámarkshiti 43° gráður)?		
Er spegill fastur við vegg og er glerið óbrjótandi?		
Eru innstungur í lagi?		
Eru gólfefni stöm í bleytu?		
Eru vinnureglur um að fylgst sé með bleytvanda-málum og er brugðist strax við bleytvanda?		
Eru skálar undir sápuskömmturum þannig að sápa leki ekki niður á gólf og valdi hálku?		
Eru skiptiborð í búningsklefum fyrir bæði kyn? Eru þau föst við vegg? Eru leiðbeiningar um að lita ekki af barni sýnilegar notanda?		
Eru beisli á skiptiborðum og hliðar þeirra 10 cm á hæð? Getur notandi lagt frá sér þann búnað sem hann notar við að skipta á barni?		
Eru hættur í nálægð við skiptiborð t.d. heit rör óvarin eða hættuleg efni, handspritt o.fl.?		
Er hárþurrka? Er hún í lagi en ekki brotin og skemmd? Er hún staðsett nálægt vatni? Ef svo er þarf að flytja hana.		
Eru bekkir í búningsklefa fastir þannig að þeir geti ekki fallið á gesti?		
Eru barnastólar sem foreldrar geta sett börn í á meðan þeir klæða sig? Eru þeir með beisli og í lagi, ekki brotnir eða skemmdir?		
Balar, staðsetning og notkun, eru leiðbeiningar um frágang þeirra og notkun?		
Eru handlistar frá búningsklefum að sundlaug og setlaugum til stuðnings fyrir gesti sem eiga erfitt með gang?		
Er hurð á leið út að laug? Er hún með klemmuvörn í falsi og þannig frá gengin að gestir meiðist ekki á tám?		

### GUFUBAÐ – VATNSGUFA

Eru klemmuvarnir á hurð?

Er hurðin vel opnanleg innan frá (situr ekki föst)?

Neyðarhnappur – er hann á áber-  
andi stað og vel merktur?

Er ljós sem sýnir útgönguleið?

Er yfirborð á bekkjum slétt (laust við flísa)?

Er eitthvað heitt sem getur brennt gesti,  
t.d. vatnsstautar eða heitar leiðslur?

Er hitavari sem tryggir að hiti fari ekki upp  
fyrir leyfilegt hámark ef búnaður bilar?

Eru reglur frá framleiðendum um merkingar  
sýnilegar gestum? T.d. hversu lengi gestir megi  
dvelja, hverjir skyldu ekki fara í gufubað nema  
hafa ráðfært sig við lækni og að gestir gæti þess  
að drekka nóg vatn eða annan hollan vökva?

### HEITIR POTTAR (SETLAUGAR)

Eru merkingar við heita potta sem  
sýna hvert hitastigið er í potti?

Eru reglur frá framleiðendum um merkingar sýni-  
legar gestum? T.d. hversu lengi gestir ættu að  
dvelja, hverjir ættu ekki að fara í heita potta nema  
ráðfæra sig fyrst við lækni og að gestir gæti þess  
að drekka nóg vatn eða annan hollan vökva?

Eru reglur um hvort börn megi vera í heitum  
pottum? Athuga ber að börn undir 10 ára þóla  
mun verr hita (geta brennt sig) en fullorðið fólk?

Eru niðurföll með hársíum?

Eru niðurföll laus við sog þannig að  
ekki sé hægt að festast við þau?

Er hitavari til staðar sem tryggir að aldrei renni heitara  
vatn í pottinn en það sem gefið er upp á merkingum?

Er aðgengi að potti gott fyrir eldra  
fólk handlisti/handrið?

Eru þrep eða botn í potti hál?

### SUNDLAUG

Eru dýptarmerkingar til staðar og eru þær skýrar?  
Í laugum þar sem botni hallar skyndilega og laugin dýpkar, eru þá sýnilegar merkingar á hliðum sem gefa til kynna hvar halli byrjar?

Eru merkingar sem sýna gestum skýrt  
hvar ekki má stinga sér til sunds?

Eru leiðbeiningar við dýfingabretti sem sýna  
hvernig þau skulu notuð og hvað má ekki gera?

Er yfirborð dýfingabretta hált?

Stigar í sundlaug: Er bil á milli þreppa á bilinu 9-23 cm? Ef svo er þarf að laga það strax. Bil sem eru á milli 9-23 cm eru hættuleg þar sem börn eru. Þau geta fest líkamann og komast ekki upp án aðstoðar.

Er bil á milli stiga og veggjar meira en 9 sm? Ef svo er er hætta á að barn geti fest sig og þar með er hætta á drukknun

Eru þrep hál?

Er handrið til þess að auðvelda öllum aögengi?

Ef sog er á niðurföllum í laug, er hætta á að líkami barns geti sogast fastur?

Eru ristar fyrir öllum stútum með lagi kúptar þannig að ekki sé hætta á að sogast fastur við stútinn?

Eru niðurföll sem mynda sog t.d. ef kveikt er á gosbrunni í lauginni? Kanna þarf hvort niðurfallsstútar séu með hársíum og kúptir og að kraftur sé ekki það mikill að barn geti sogast fast við stút?

Eru göt á niðurfallsristum stærri en 8 mm? Stærri göt geta orðið til þess að barn geti fest fingur í rist?

SUNDLAUGARBAKKI		
Er snjóbræðslukerfi í sundlaugarbakka? Virkar það vel í frosti?		
Ef sundlaugarbakki er ekki upphitaður, eru gerðar skipulegar ráðstafanir gegn hálku áður en gestir mæta? T.d. að salta helstu gönguleiðir og loka af önnur svæði sem eru há?		
Eru yfirborð sundlaugarbakkak með hálkuviðnámi og virkar það í mikilli bleytu?		
Ef hálkuviðnám er ekki til staðar hafa þá verið gerðar aðrar ráðstafanir, t.d. að setja stamar mottur á helstu gönguleiðir og loka af hál svæði á bakka?		
Eru skýrar merkingar um það hvar hálka er til staðar?		
Er lýsing á sundlaugarbökkum góð við verstu aðstæður og er tekið mið af sjónsviði eldra fólks?		
Er lýsing jöfn?		
Eru vatnspóstar aðgengilegir og er frágangur þeirra öruggur? Ekki bleyta í kringum þá?		
Eru ruslaílát þannig staðsett að þau valdi ekki slysa hættu?		
Eru bekkir sem notaðir eru til sólbaða stöðugir og heilir? Eru þeir yfirfarnir reglulega og lagaðir ef upp koma bilanir?		
Eru handlistar á helstu gönguleiðum?		
VAÐLAUG		
Er botn í vaðlaug flatur/sléttur? Vaðlaugar sem eru skálarlaga eða með hallandi botni eru mjög hættulegar.		
Er botn í vaðlaug háll?		
Er auðvelt fyrir gesti að komast ofan í vaðlaug og upp úr henni aftur? Er handlisti sem hægt er að styðja sig við?		
Eru niðurföll með hársíum?		
Eru niðurföll laus við sog þannig að ekki sé hægt að festast við þau?		
Eru þrep há?		
GOSBRUNNAR		
Er hæð gosbrunns þannig að ekki skapist hætta á að reka sig á einhvern hluta hans?		
Er auðvelt fyrir börn að klifra upp á gosbrunninn?		
Eru einhverjur hlutar hans sem hægt er reka sig í?		
Þegar kveikt er á gosbrunni er þá hætta á að sog myndist við niðurfall í lauginni í kring?		

VATNSRENNIBRAUTIR		
Er vatnsrennibraut tekin út af Vinnueftirliti í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda?		
Fer Vinnueftirlitið árlega yfir öryggisatriði brautarinnar?		
Er farið eftir leiðbeiningum framleiðanda rennibrautar um reglubundið viðhald?		
Er það sem ekki er í lagi lagfært strax?		
Myndast hætta fyrir aðra gesti laugarinnar vegna biðraða sem geta myndast við rennibraut?		
Endar rennslißsvæðið í sérlaug sem uppfyllir rétt stærðarhlutföll rennibraut/laug þannig að ekki sé hætta á að þeir sem renna sér lendi á öðrum gestum?		
Eru umferðarljós á rennibraut?		
Ef svo er, er skynjari neðst sem stjórnar ljósum?		
Eru þrep upp í rennibraut há?		
Eru handlistar á handriði í hæfilegri hæð fyrir notendur?		
Eru fallvarnir efst í stiga í lagi?		
INNRA EFTIRLIT		
Er virkt eftirlit með vatnsrennibraut, gufu- baði, hálku, heitum pottum?		
Er sundlaug yfirfarin að morgni m.t.t. skemmda eða drasls?		
Eru til verkferlar fyrir viðbrögð vegna bilana og skemmda á búnaði? Eru sérstök eyðublöð notuð þar sem hægt er að fylgja málum eftir?		
Eru til reglur um viðbrögð í þeim tilfellum þar sem búnaður bilar og ekki er hægt að laga hann? Bráðabirgðaviðbrögð?		
LEIKFÖNG		
Eru flotleikföng í notkun í lagi og skoðuð vikulega?		
Eru þau tekin úr notkun um leið og þau bila?		
Eru notkunarleiðbeiningar með flotleikföngum aðgengilegar notendum?		
Er ávallt farið eftir leiðbeiningum sem fylgja flotleiktækjum varðandi notkun? Eru tækin staðsett og notuð á réttum stöðum samkvæmt leiðbeiningum?		
Er bann við notkun öndunarpípna?		

## ÖRYGGISFERLAR

Fá nýir starfsmenn aðlögun og er gátlista um móttöku nýrra starfsmanna fylgt eftir?

Er þess ávallt gætt að einstaklingur sem sinnir laugargæslu standist hæfnispróf laugarvarða árlega og að hann hafi tekið skyndihjálparnámskeið sem sérstaklega er ætlað sund- og baðstöðum? Gildir það sama um starfsmenn sem leysa laugarvörð af?

Er skrifleg neyðaráætlun til staðar og kunna allir starfsmenn hana og vita hvert er þeirra hlutverk?

Er öryggishandbók til staðar og kunna allir starfsmenn að nota hana og öll þau gögn sem nota á í virku eftirliti?

Er afrit af gátlista sent til eiganda sundstaða innan tíu daga frá útfyllingu?

Eru allir gátlistar vistaðir í öryggishandbók þannig að þeir séu ávallt aðgengilegir eftirlitsaðilum?

Eru til staðar símar, kalltæki eða annar búnaður sem hægt er að nota til samskipta í neyð og reglur um þau samskipti?

Eru neyðarnúmer skráð við alla síma?

Eru viðbrögð við bruna, eiturefnaslysum og náttúrvá virk og æfð reglulega?

Er björgunar- og endurlífgunar-búnaður í lagi?

Er hann yfirfarinn vikulega?

Er sjúkrakassi í lagi? Er dauðhreinsaðurbúnaður í lagi, ekki útrunninn?

Er skólasund stundað í laug?

Hafa allir sundkennrarar staðist hæfnispróf laugarvarða og tekið skyndihjálparnámskeið sérstaklega ætlað sund- og baðstöðum eins og reglugerð segir til um?

Fer laugarvörður yfir viðbragðsáætlun í upphafi skólasunds að hausti og fer yfir sjúkrakassa og allan búnað til björgunar?

Fer laugarvörður yfir samskipti starfsmanna sundstaða við sundkennara í kringum móttöku barna í skólasund?

Er ávallt farið eftir reglum um fjölda barna (15) á hvern kennara?

Er ávallt farið eftir reglum um lágmarks hitastig vatns í kennslulaug?

Hafa allir sundkennrarar/sund-pjálfarar staðist hæfnispróf laugarvarða og tekið skyndihjálparnámskeið sérstaklega ætlað sund- og baðstöðum eins og reglugerð segir til um?

Fer laugarvörður yfir viðbragðsáætlun með sundkennara-/pjálfara í upphafi kennslu-/pjálfunar tímabilis og fer yfir sjúkrakassa og allan búnað til björgunar?

Fer laugarvörður yfir samskipti starfsmanna sundstaða við sundkennara/-þjálfara í kringum móttöku barna í sundkennslu/-þjálfun?		
Er ávallt farið eftir reglum um fjölda barna (15) á hvern kennara/þjálfara?		
Er ávallt farið eftir reglum um lágmarks hitastig vatns í kennslulaug?		
Er reglum um stærð barnahópa (15) fylgt?		
Eru öryggisreglur kynntar fyrir þeim að ilum sem koma með börn í sund?		
Þarf að panta tíma fyrir hópa þannig að ekki mæti of margir í senn?		
Eru hópar merktir með áberandi lit, t.d. borðum á upphandlegg eða á sundhettum?		
Er merking neyðarútgönguleiða í lagi?		
Eru útgönguleiðir greiðfærar? Engin fyrirstaða og læsingar á hurðum í lagi?		
Eru reykskynjarar í lagi og þeir reglulega yfirlarnir?		
Eru slökkvitæki í lagi og vita starfsmenn hvar þau eru og hvernig þau virka? Fá þeir reglulega kennslu í notkun þeirra?		
Er skriflegt plan yfir neyðarútganga og hverja skuli nota við mismunandi aðstæður?		

\* **V** í lagi   **X** Ekki í lagi   **O** Á ekki við

ÖRYGGISFERLAR FRAMHALD AF SÍÐUSTU SÍÐU		
Er gasskynjari til staðar (ef gas er notað)?		
Er lekastraumsrofi og vita allir hvar hann er?		
Er farið eftir leiðbeiningum Vinnueftirlits um umgengni við klór?		
Eru öll slys skráð á sérstakt eyðublað og þau geymd í öryggishandbók? Er farið reglulega yfir þessi slys og niðurstöður nýttar í forvarnaskyni?		
Er ávallt hringt á lögreglu í alvarlegum slysum vegna skýrslugerðar?		
Eru alvarleg slys ávallt tilkynnt til rekstraraðila, heilbrigðiseftirlits eða Vinnueftirlits eftir því hvað við á?		
Er gengið frá búnaði sem skapar öldur samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda?		
Er laugin merkt sem öldulaug? Eru notkunarleiðbeiningar frá framleiðanda sýnilegar notendum?		
Er gestum gert viðvart þegar ölduvél er sett í gang og er aukin gæsla á meðan?		
Er gengið frá búnaði sem hreyfir hliðar og botn eins og leiðbeiningar frá framleiðanda gera ráð fyrir? Er frágangur í lagi eða eru/hafa orðið skemmdir á þeim búnaði?		
Eru leiðbeiningar til staðar um að hliðar eða botn séu hreyfanleg og viðvaranir um hvað beri að varast samkvæmt upplýsingum frá framleiðanda?		
Er gestum ávallt vísað upp úr á meðan botn/hliðum er breytt, svo ekki hljótist slys af?		

\* **V** í lagi   **X** Ekki í lagi   **O** Á ekki við

# Eldvarnir

Eldvarnir á sund- og baðstöðum 3 til 6 mánaða fresti.

Dags. \_\_\_\_\_

Nafn Sundlaugar \_\_\_\_\_

Nafn eftirlitsaðila \_\_\_\_\_

Í  
LAGI      Í  
ÓLAGI

FRÁVIK- HVAD VAR GERT?

Eru skrifleg fyrirmæli frá eldvarnar-eftirliti um viðbrögð við eldsvoða?

Er rýmingaráætlun fyrir sundlaugina. Teikning sem sýnir útgönguleiðir. Eldvarnarbúnað og söfnunarstað gesta fyrir utan laugina?

Er öllum nýjum starfsmönnum kynnt rýmingaráætlunin og farið yfir hana með honum og honum sýndar útgönguleiðir og eldvarnarbúnaður?

Er rýming æfð árlega eftir áætlun?

Eru reykskynjarar samkvæmt fyrirmælum eldvarnaeftirlits?

Ef reykskynjarar eru með rafhlöðum eru reglur um hvenær á að skipta og eru þær virkar?

Er slökkvitæki samkvæmt fyrirmælum eldvarnaeftirlits?

Kunna allir starfsmenn á slökkvitæki og vita þeir hvar þau eru staðsett?

Eru eldvarnateppi samkvæmt fyrirmælum eldvarnaeftirlits?

Er eldvarnateppið staðsett þannig að auðvelt sé að nálgast það og vita allir starfsmenn hvar það er?

Kunna allir starfsmenn að slökkva eld í fatnaði?

Vita allir starfsmenn hvar neyðarútgangar eru?

Er rýmingaráætlun til fyrir hverja vakt í sundlauginni þannig að allir starfsmenn viti hvert þeirra hlutverk er ef eldur kemur upp?

Hafa allir starfsmenn sótt námskeið í eldvörnum og er það rifjað upp árlega?

Vita allir hvar söfnunarstaður er fyrir utan laugina ef eldur kemur upp?

Er það kannað daglega að flóttaleiðir séu færar?

# Slysaskráning

## SLYSASKRÁNINGARBLAÐ

NAFN \_\_\_\_\_ SÍMI \_\_\_\_\_

KENNITALA \_\_\_\_\_ TÍMI SLYSS \_\_\_\_\_

HEIMILI \_\_\_\_\_ DAGSETNING SLYSS \_\_\_\_\_

SLYS TILKYNNNTIL  LÖGREGLU  112 ANNAÐ \_\_\_\_\_

### SLYSSSTAÐUR

- Bílastæði / aðkoma  Hurðir / hvar \_\_\_\_\_  Heitir pottar \_\_\_\_\_  
 Inngangur  Búningsherbergi \_\_\_\_\_  Sundlaug  
 Tröppur / stigi  Sundlaugarbakki / hvar \_\_\_\_\_  Annað

### SLYSAVALDUR – TEGUND SLYSS

- Högg af / við hlut  Bruni  Eitrun  Áverki frá öðrum  Umferð  
 Fall - hrösun  Vélar / eggjárn / tæki  Klemmuslys  Annað

### SKADDAÐUR LÍKAMSHLUTI

- Höfuð  Háls  Grindarbotn  Kviður  Fótleggur  Lærleggur  
 Hryggsúla  Brjóst  Handleggur  Hönd  Hné  
 Annað

### MEIÐSL

- Skrámur – Mar  Klemmdist  Skurður  Tognun  Bruni  Brot  
 Annað

### MEÐFERÐ HJÁ

- Sundlaug  Heilsugæslustöð  Augnlæknir  Slysadeild  Tannlæknir  
 Annað

STUTT LÝSING Á SLYSI

---



---



---



---

DAGSETNING OG UNDIRSKRIFT STARFSMANNS \_\_\_\_\_

DAGSETNING OG UNDIRSKRIFT SLASAÐRA \_\_\_\_\_

NAFN OG KENNITALA VITNIS \_\_\_\_\_

MYNDIR TEKNAR OG GEYMDAR \_\_\_\_\_

# Leiksvæði

## GÁTLISTI LEIKSVÆÐI DAGLEG SKOÐUN

Dags. \_\_\_\_\_

Nafn Sundlaugar \_\_\_\_\_

Nafn eftirlitsaðila \_\_\_\_\_

UNDIRLAG	Í LAGI	Í ÓLAGI	FRÁVIK- HVAÐ VAR GERT?
Eru öryggishellur heilar og fastar.			
Er laust öryggisundirlag slétt, engar holar.			
Er grjót, rusl eða annað liggjandi á öryggissvæði tækis.			
<b>ALMENN ÖRYGGISATRÍÐI</b>			
Eru yfirboð á leiktækjum heil, ekki flísar eða skarpar brúnir, járn laust frá?			
Er járn í leiktækjum heilt?			
Eru lausar skrúfur/naglar?			
Eru leiktæki vel föst (ekki verið losuð)?			
Er rusl, sigarettu stubbar eða tyggjóklessur á lóðinni?			
Eru glerbrot, sprautur eða nálar á lóð?			

# Dagleg öryggisskoðun sund- og baðstaða

1. Eru glerbrot eða rusl á gönguleiðum að sundlaugarbyggingunni
2. Er hálka eða snjór á gönguleiðum að sundlaug
3. Hafa verið framin skemmdarverk á húsnæði/laug/laugarsvæði sem valdið geti líkamstjóni gesta og starfsmanna
4. Eru glerbrot í laug eða við laugarsvæði eftir innbrot í laug
5. Eru öll ljós í lagi
6. Eru allir starfsmenn uppvísir um hver gegnir hvaða hlutverki í viðbragðsáætlunum
7. Er starfsmenn meðvitaðir um allar sérstakar uppákomur í lauginni.
8. Er búnaður, öryggismyndavélar í lagi. Ef búnaður er bilaður er mikilvægt að sett sé í gang áætlun til að koma í veg fyrir slys á fólk
9. Annað hvað

